Bálfarafélagið endurvakið

Tímamót ➤ 18

Boðskapur Gunnars



Menning ➤ 24

FRÉTTABLAÐIÐ

182. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR frettabladid.is FIMMTUDAGUR 16. SEPTEMBER 2021

Svæði við hraunjaðarinn í Nátthaga voru rýmd eftir að hraun fór að renna þar niður á nýjan leik þegar virkni tók sig upp í eldgosinu eftir níu daga hlé. Þegar og ef Nátthagi fyllist og hraunið fer að flæða yfir kverkina sem ljósmyndarinn stendur á mun það flæða áfram niður að Suðurstrandarveginum og taka hann í sundur. Óvíst er hversu langan tíma það mun taka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Segja hækkanir út yfir allt velsæmi

Félag íslenskra bifreiðaeigenda segir sterkt samband milli okuriðgjalda, engrar verðsamkeppni tryggingafélaga og fádæma góðrar afkomu félaganna. Kunnugleg gífuryrði, segja Samtök fjármálafyrirtækja.

bth@frettabladid.is

NEYTENDUR Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hafa greinaskrif framkvæmdastjóra Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), viðbragð við skrifum Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) um það sem félagið kallar okur tryggingafélaga, leitt til formlegrar kvörtunar sem lögmaður FÍB hefur sent Samkeppnisstofnun. FÍB telur að SFF hafi með ólögmætum hætti tekið að sér hagsmunagæslu fyrir tryggingafélögin. Hagsmunagæslan kunni að hamla frjálsri samkeppni sem skaði neytendur og sé brot á samkeppnislögum. SFF telja sig ekki hafa brotið lög, enda sé samtökunum frjálst að fjalla um tryggingamarkaðinn, þau hafi ekki dregið taum tiltekinna fyrirtækja.

Baksaga málsins er að FÍB staðhæfði að á undanförnum sex árum hefðu iðgjöld bílatrygginga hækkað um 44 prósent en verðlagsvísitala hefði á sama tíma hækkað um 17 prósent. Slysum í umferðinni hefði á tímabilinu fækkað verulega.

„Tryggingafélögin græða á tá og fingri eins og viðskiptafréttir bera með sér. Kemur auðvitað ekki á óvart, viðskiptamódelið er skothelt: Engin verðsamkeppni, stöðug hækkun iðgjalda, minnkandi kostnaður og velþóknun stjórnvalda," segir FÍB.

Þá segir félagið, sem gætir hagsmuna um 18.000 félagsmanna, að söfnunarsjóðir tryggingafélaganna belgist út vegna oftekinna iðgjalda. Félagið segir enn fremur að iðgjaldahækkanir á bílatryggingum séu komnar út yfir allt velsæmi. Á sama tíma hafi tryggingafélögin mörg undanfarin ár kynnt fádæma góða afkomu. Iðgjöld bílatrygginga séu að jafnaði tvöfalt hærri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum og er ekki um það deilt.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB

Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri SFF, brást við þessum skrifum FÍB í svargrein sem hefur birst bæði á visir.is og á heimasíðu samtakanna. Þar segir hún FÍB nota kunnugleg gífuryrði um okur og vafasama viðskiptahætti. Valdar tölur úr opinberum gögnum séu notaðar til að styðja við þær fullyrðingar en samtökin geri athugasemdir við framsetninguna.

Í tilfelli tryggingafélaga segja SFF að laun skipti miklu máli þegar kemur að fjárhæð bótagreiðslna. Laun séu lögð til grundvallar við mat á þeirri tryggingavernd. Á fyrrnefndu tímabili hafi laun hækkað um 59 prósent.

Þá bendir Katrín á að viðgerðarkostnaður bifreiða hafi hækkað um 36 prósent og því sé ekki bara hægt að horfa til vísitölu neysluverðs þegar rýnt sé í verðhækkanir tryggingafélaga, launaþróun á Íslandi skipti einnig gríðarmiklu máli. ■

Fjárfestar óttast vinstristjórn

VIÐSKIPTI Hlutabréfaverð hefur lækkað síðustu daga meðal annars vegna þess að auknar líkur eru á að vinstristjórn taki við. Sveinn Þórarinsson, greinandi hjá Landsbankanum, segir að nýjasta skoðanakönnun Maskínu virðist hafa hrint lækkunum af stað.

Valdimar Ármann, forstöðumaður hjá Arctica Finance

„Óvissan snýr að [...] hvað mismunandi stjórnarmyndanir muni leiða af sér," segir Valdimar Ármann hjá Arctica Finance. SJÁ SÍÐU 6

Íslendingar eru dyggir netverjar.

Niðurhalið hér það næsthraðasta

arnartomas@frettabladid.is

TÆKNI Hraði niðurhals á Íslandi er næstbestur allra ríkja heims, eða um 191 megabit á sekúndu. Þetta kemur fram í mælingum breska fjarskiptafyrirtækisins Cable.co.uk á 224 ríkjum.

Þar kemur fram að niðurhalið sé alla jafna hratt í smáríkjum og sé hraðast ríkja í Liechtenstein. Á eftir Íslandi er niðurhalið hraðast í Andorra og á Gíbraltar. Hraðasta niðurhalið er þó að finna á eynni Jersey í Ermarsundi. Hægast er niðurhalið í Túrkmenistan, eða um 0,5 megabit á sekúndu. Þar á eftir fylgja Jemen, Eþíópía og Gínea-Bissá.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá notuðu 96 prósent Íslendinga netið til að horfa á myndbönd eða lesa fréttir á síðasta ári. Það er hæsta hlutfallið í Evrópu. ■

Gera sáttmála gegn ofbeldi

arnartomas@frettabladid.is

TÖLVULEIKIR Fulltrúar tölvuleikjaiðnaðarins á Íslandi undirrita í dag sáttmála sem felur í sér að skapa starfsumhverfi þar sem hegðun á borð við kynferðislega áreitni og ofbeldi verði ekki liðin.

„Við höfum verið að sjá að bæði í erlendum leikjafyrirtækjum og í íslensku samfélagi er rótgróna, eitraða menningu víða að finna," segir Þorgeir F. Óðinsson, formaður Samtaka leikjaframleiðenda. „Það er samhugur í íslenska leikjaiðnaðinum um að þetta er ekki menning sem við viljum að nái fótfestu hér." ■

Þorgeir F. Óðinsson

Háskólagarðar við Nauthólsveg formlega opnaðir

Hverfandi sumarsólin skein á gesti við opnun nýrra Háskólagarða í Öskjuhlíðinni í gær þar sem rúmlega 250 íbúðir og herbergi fyrir nemendur Háskólans í Reykjavík voru tekin í notkun. Ragnhildur Helgadóttir, nýráðinn rektor, sagði að mikið gleðiefni væri að geta loksins opnað garðana. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ægisborg lokað vegna myglu

arnartomas@frettabladid.is

REYKJAVÍK Að minnsta kosti tveimur húsum í leikskólanum Ægisborg hefur verið lokað eftir að mygla fannst þar á bæ. DV greindi fyrst frá.

Á foreldrafundi sem fór fram í fyrradag barst í tal að myglan væri mögulega tilkomin vegna skorts á drenlögnum.

Aðeins nokkrir mánuðir eru liðnir síðan framkvæmdum lauk á leikskólanum, kostnaður hverra hljóp á tæplega hundrað milljónum króna. Samkvæmt útboðsgögnum var drenlögn ekki hluti af framkvæmdunum.

Myglumál hafa verið áberandi í skólum Reykjavíkur að undanförnu en líkt og Fréttablaðið greindi frá var Fossvogsskóla lokað í kjölfar mikillar myglu og rakaskemmda. ■

Búin með tuttugu tímabil og átta Íslandsmeistaratitla

Dóra María Lárusdóttir, sem varð Íslandsmeistari með Val á dögunum, spilar með nokkrum stelpum sem voru ekki fæddar þegar hún spilaði sinn fyrsta leik fyrir Val. Það er stundum gert grín að henni fyrir orðanotkun í klefanum.

benediktboas@frettablaid.is

Dóra María fagnar með þeim Örnu og Málfríði Eiríksdætrum, samherjum sínum, en þær hafa litið upp til hennar síðan þær fögnuðu með henni litlar stúlkur árið 2008. Sú þriðja er Snædís Logadóttir. MYNDIR/FÓTBOLTI.NET

FÓTBOLTI Dóra María Lárusdóttir varð Íslandsmeistari með Valskonum á dögunum í áttunda skiptið. Aðeins Vanda Sigurgeirsdóttir er með fleiri Íslandsmeistaratitla í kvennaknattspyrnu. Hún spilaði sinn fyrsta leik fyrir Val 13. júlí 2001 og síðan eru þeir orðnir 269 talsins og mörkin orðin 94 í deildinni.

Alls hefur hún spilað á ferlinum 333 leiki fyrir Val og skorað 118 mörk auk 114 landsleikja þar sem hún skoraði 18 mörk.

Í liði Vals í dag eru meðal annars Ída Marín Hermannsdóttir, sem var ekki fædd þegar Dóra spilaði fyrsta leikinn sinn í meistaraflokki. Varamarkvörðurinn Katla Tryggvadóttir er fædd 2005 en þá var Dóra búin að vera í tvö ár í landsliðinu. Svo er Arna Eiríksdóttir, sem kom í heiminn 2002 og viðurkennir að Dóra sé sín helsta fyrirmynd þegar kemur að fótboltanum. Þegar Valur varð Íslandsmeistari árið 2008 fékk Arna einmitt mynd af sér með goðinu sem hún spilar núna með.

Dóra hefur einmitt fylgst vel með öllum Eiríksdætrum enda mamma þeirra, Guðrún Sæmundsdóttir, goðsögn í kvennaboltanum. „Þær systur eru allar mjög góðar í fótbolta en mjög ólíkar. Þær eru eins og ég, uppaldar í 108 en foreldrar okkar eru Valsarar og við eltum þá," segir Dóra. Hún segir að þær geti komist eins langt og Hlín, sem er þegar farin að láta að sér kveða í atvinnumennsku og íslenska landsliðinu.

> Þær stelpurnar hlæja að mér eins og ég að mömmu minni fyrir orðanotkun og annað.
>
> Dóra María Lárusdóttir

Dóra, sem er 36 ára og var að klára sitt tuttugasta tímabil í efstu deild, segir að sér líði vel og hún sé ekkert að spá í hvort hún sé hætt eða ekki.

„Ég upplifi mig oft sem mikið aðhlátursefni í klefanum. Þær stelpurnar hlæja að mér eins og ég að mömmu minni fyrir orðanotkun og annað. Ég er alltaf að reyna að vera hipp og kúl en með misjöfnum árangri," segir Dóra María.

Hún bendir á að hún sé eldri en pabbi einnar stelpu í liðinu og sé hætt að reyna að skipta sér af tónlistinni í klefanum.

„Það er fullt af spennandi hlutum í gangi. Valur er með geggjað lið núna og að komast í riðlakeppni meistaradeildarinnar er raunhæfur möguleiki.

Mér fannst tímabilið í fyrra svolítið leiðinlegt með öllum þessum Covid-stoppum en ég sagði nú einhvern tímann að það væri erfitt að finna tímapunkt til að hætta, hvað þá þegar vel gengur. Sjáum til," segir Dóra María. ■

Til hamingju með **dag íslenskrar náttúru**

Degi íslenskrar náttúru var komið á laggirnar 16. september árið 2010 þegar **Svandís Svavarsdóttir** var umhverfisráðherra.

Á því kjörtímabili sem nú er að ljúka hefur **Guðmundur Ingi Guðbrandsson** umhverfisráðherra friðlýst **tuttugu og átta svæði.**

Ísland getur náð **eftirtektarverðum árangri** í náttúruvernd **á alþjóðavísu** með því að **vernda** óbyggð víðerni, einstakt landslag, verðmæt vistkerfi og jarðmyndanir.

28 friðlýsingar á
núverandi kjörtímabili

Vinstri græn standa ávallt vörð um íslenska náttúru

VINSTRI GRÆN

XV
25. sept.

Alls fær klúbburinn 27 milljóna króna styrk og 18 af þeim í einni greiðslu.

Nesklúbbur fær væna eingreiðslu

kristinnpall@frettabladid.is

SELTJARNARNES Bæjarráð Seltjarnarnesbæjar samþykkti í vikunni að veita Nesklúbbnum 27 milljóna styrk á næsta ári til standsetningar á nýrri æfingaaðstöðu klúbbsins. Þar af á klúbburinn von á átján milljóna eingreiðslu en eftirstöðvunum, níu milljónum, verður dreift á tólf mánaða tímabil í 750 þúsund króna greiðslur. Nesklúbburinn fagnaði fyrr á þessu ári 57 ára afmæli en klúbburinn er núna með æfingaaðstöðu á þriðju hæð á Eiðistorgi þar sem klúbbmeðlimir geta æft yfir vetrartímann. ■

Sífellt fleiri flugfélög hafa byrjað með áætlunarflug til og frá Íslandi.

Veruleg aukning í áætlunarflugi

kristinnpall@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Alls var 76,6 prósenta aukning í alþjóðlegri flugumferð á Íslandi í ágúst miðað við árið þar áður. Það er þó enn þriðjungi minna en þekktist árið 2019. Þetta kemur fram á vef Eurostat, tölfræðiveitu Evrópusambandsins.

Undanfarna mánuði hefur ferðaþjónustan tekið við sér á ný og eru sífellt fleiri flugfélög komin með áætlunarflug hingað á ný eins og sést í aukningunni á milli ára. Þá hefur annað íslenskt flugfélag, Play Air, hafið starfsemi sem hefur áhrif á aukninguna en framboð á flugi frá Íslandi mun minnka þegar líða tekur á árið þegar ferðum erlendra flugfélaga fækkar. ■

Fundu myglu í gas- og jarðgerðarstöð Sorpu

arib@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Fullvinnsla á lífrænum úrgangi í moltu í gas- og jarðgerðarstöð Sorpu, GAJA, hefur verið stöðvuð tímabundið eftir að myglugró fundust í límtréseiningum í þaki og burðarvirki. Fram kemur í tilkynningu að myndun myglugróa sé hluti af moltugerðarferli og eðlilegt að mygla finnist við vinnslu.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Líf Magneudóttir stjórnarformaður segir mikilvægt að stöðin starfi hnökralaust. „Öryggi starfsmanna skiptir okkur öllu máli og við vildum tryggja það og tafarlaust stemma stigu við mygluvextinum," segir hún.

„Þessi myglugró sem hafa greinst vekja spurningar um hvernig staðið var að hönnun og efnisvali fyrir húsnæði hennar. Við í stjórn Sorpu höfum falið framkvæmdastjóra að leita skýringa sem allra fyrst."

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, gagnrýnir að þetta hafi ekki komið upp í umræðum á borgarstjórnarfundi í þessum mánuði.

„Það átti að bæta vinnubrögðin og upplýsingagjöf eftir Braggamálið. Síðan þá höfum við séð mörg dæmi þar sem vinnubrögðin eru fyrir neðan allar hellur og markvisst reynt að þagga málið niður," segir Eyþór. ■

Þjóðirkjan endurheimtir votlendi á jörðum sínum víðs vegar um land

Sjö kirkjujarðir víðs vegar um land hafa verið valdar til að endurheimta votlendi. Þjóðkirkjan sér ekki aðeins tækifæri til að bæta umhverfið heldur einnig til að auka tekjur sínar og styrkja nærumhverfið.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Þegar er byrjað að endurheimta votlendi í Skálholti í Biskupstungum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

UMHVERFISMÁL Þjóðkirkjan hyggst endurheimta votlendi á jörðum sínum og hefur ákveðið sjö jarðir sem byrjað verður á. Mun kirkjuráð óska eftir framkvæmdaleyfi hjá viðeigandi sveitarfélögum um þetta.

Jarðirnar sem um ræðir eru Skálholt í Biskupstungum, Mosfell í Grímsnesi, Reynivellir í Kjós, Mælifell í Skagafirði, Hof í Vopnafirði, Kolfreyjustaður í Fáskrúðsfirði og Árnes 1 í Trékyllisvík. Síðastnefnda jörðin var reyndar ekki alveg óumdeild því að kirkjuráðsmaðurinn Stefán Magnússon lagðist gegn ákvörðuninni því að fasteignahópur kirkjunnar væri með hana til sérstakrar skoðunar.

Halldór Reynisson, verkefnisstjóri umhverfismála og fyrrverandi prestur, segir jarðirnar sjö aðeins þær fyrstu sem ráðist verður í. En alls á þjóðkirkjan um 30 jarðir víðs vegar um landið.

„Við lítum á það sem okkar siðferðilegu ábyrgð að endurheimta votlendi og rækta upp skóglendi á þeim jörðum sem kirkjan á," segir hann. „Kirkjan átti mun fleiri jarðir hér áður fyrr en við sjáum þær jarðir sem kirkjan á enn þá sem ákveðin gæði til þess að efla umhverfið, náttúruna og hamla gegn óæskilegum breytingum á loftslagi."

Þegar var byrjað að endurheimta votlendi í Skálholti árið 2016 að frumkvæði frú Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta, og Þrastar Ólafssonar hagfræðings. Talið var að í Skálholti væri hægt að endurheimta 40 til 50 hektara votlendis. Á sama tíma var tekin ákvörðun um endurheimt á fleiri jörðum og það er nú loks komið í ferli og forgangsröðun.

> Þessar sjö jarðir eru aðeins byrjunin hjá okkur.

Halldór Reynisson, verkefnisstjóri umhverfismála

Halldór segir verkefnið mjög umfangsmikið. Kirkjan sé í samstarfi við bæði Skógræktina og Landgræðsluna sem hafi gert frumathugun á viðkomandi jörðum. Hafi stofnanirnar bent á svæði utan hefðbundinnar nýtingar í búskap þar sem hægt sé að endurheimta votlendi, græða land og rækta skóg.

Vísar hann til skýrslu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2018 þar sem talið var að jarðarbúar hefðu áratug til að snúa þróuninni við. „Við höfum tíu ár til að gera eitthvað í málunum. Þessar sjö jarðir eru aðeins byrjunin hjá okkur. Þetta er okkar framlag næstu tíu árin til að snúa þessari óheillaþróun við," segir Halldór.

Varðandi endurheimtina nefnir Halldór að samkvæmt nýrri skýrslu hafi Ísland fimm sinnum þyngra kolefnisfótspor en meðaltal Evrópulanda. Stærstur hluti af því fellur undir flokkinn notkun lands, sem er meðal annars framræsing og uppblástur. „Þarna sjáum við mikil tækifæri," segir Halldór.

En kirkjan sér ekki aðeins tækifæri til þess að bæta umhverfið heldur geti aðgerðirnar hjálpað til við fjárhaginn einnig. „Það er byrjaður að skapast markaður fyrir kolefnisbindingu og í framtíðinni sjáum við að jarðirnar geti orðið höfuðstóll kirkjunnar sem hún fjármagni sitt starf með. Þarna eru ákveðnir tekjumöguleikar," segir hann. En einnig að jarðirnar verði nýttar til að styrkja samfélögin í nágrenninu, þar sem fólk geti gengið um skóglendi sér til yndisauka. ■

Föstudaginn 17. september kl. 10.30–12.00. Öllum opið í beinu streymi á Vísir.is, YouTube og á Facebook hjá BHM, Félagi Íslenskra hjúkrunarfræðinga og Læknafélagi Íslands

HEILBRIGÐI 2025

SAMTAL HEILBRIGÐISSTÉTTA VIÐ FRAMBJÓÐENDUR UM FRAMTÍÐ HEILBRIGÐISKERFISINS

Í heilbrigðisstefnu stjórnvalda er boðað að Ísland verði með heilbrigðiskerfi á heimsmælikvarða árið 2030. Hvernig ætlar næsta ríkisstjórn að nýta kjörtímabilið til að ná þessum markmiðum? Hver verður staðan árið 2025?

BHM, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Læknafélag Íslands standa fyrir pallborðsumræðunum „Heilbrigði 2025“ föstudaginn 17. september kl. 10.30–12.00 í beinu streymi. Þrír ráðherrar og fulltrúar flokka sem bjóða fram til alþingiskosninga sitja fyrir svörum.

Svandís Svavarsdóttir
Vinstri græn

Ásmundur Einar Daðason
Framsóknarflokkurinn

Guðlaugur Þór Þórðarson
Sjálfstæðisflokkurinn

Hanna Katrín Friðriksson
Viðreisn

Helga Vala Helgadóttir
Samfylkingin

Inga Sæland
Flokkur fólksins

María Pétursdóttir
Sósíalistaflokkurinn


Nanna Gunnlaugsdóttir
Miðflokkurinn

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir
Píratar

Búast við meiri ásókn í bóluefni nú en á síðasta ári

birnadrofn@frettabladid.is

HEILBIRGÐISMÁL Bóluefni gegn árlegri inflúensu verður tilbúið til afhendingar 15. október næstkomandi og er von á 95 þúsund skömmtun hingað til lands. Þetta kemur fram á vef Embættis landlæknis.

Á síðasta ári voru notaðir 84 þúsund skammtar af inflúensubóluefni hér á landi og verða því í boði ellefu þúsund fleiri skammtar í ár.

Forgangshópar geta átt von á því að fá bólusetningu í október en til þeirra teljast allir einstaklingar 60 ára og eldri og einstaklingar með langvarandi hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdóma, sykursýki, illkynja sjúkdóma og aðra ónæmisbælandi sjúkdóma. Barnshafandi konur eru einnig í forgangshópi ásamt heilbrigðisstarfsfólki sem annast einstaklinga í áhættuhópi.

> Von er á 95 þúsund skömmtum þann 15. október.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segist ekki telja ólíklegt að mikil ásókn verði í bóluefnið. „Það var töluverð ásókn í fyrra en það var reyndar engin inflúensa sem gekk yfir neins staðar, það hefur líklega verið út af þeim takmarkandi aðgerðum sem voru í gangi en það verður fróðlegt að sjá hvað gerist núna," segir hann.

„En við búumst alveg við því að fólk sé meðvitaðra um gagnsemi bólusetninga nú en áður vegna Covid og mikilvægi þess að koma í veg fyrir inflúensu líka svo við búumst alveg við að það verði mikil ásókn í bóluefnið." ■

Vel horfir með sölu á vistvænu eldsneyti sem framleitt verður á Bakka, segir framkvæmdastjóri Carbon.

Áhugasamir um eldsneyti á Bakka

bth@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Viðræður milli Carbon Iceland ehf. og erlendra fjárfesta hafa staðið yfir undanfarið að sögn framkvæmdastjóra félagsins. Carbon stefnir að því að fanga koltvísýring og nota til framleiðslu á metanóli fyrir skip, flug og önnur samgöngutæki. Eyjólfur Lárusson, framkvæmdastjóri Carbon Iceland, segir að áhugi útlendinganna hafi kviknað eftir að Simens Energy í Þýskalandi fór í samstarf með Carbon Iceland.

„Erlendir aðilar eru komnir að borðinu með það í huga að fjárfesta í félaginu. Einnig eru viðræður í gangi um kaup á öllu því græna, umhverfisvæna eldsneyti sem framleitt verður hjá Carbon Iceland á Bakka við Húsavík," segir Eyjólfur.

Hann segir mikla og vaxandi þörf fyrir umhverfisvænt eldsneyti. Sem dæmi hafi eitt stærsta skipafélag heims nýlega gert samning um að kaupa skip fyrir 1,4 milljarða Bandaríkjadala. Skipin muni eingöngu nota umhverfisvænt eldsneyti, metanól, eins og framleitt verði hjá Carbon Iceland á Bakka.

„Þetta er hluti af orkuskiptum sem eru að fara fram víða í veröldinni og eru nauðsynlegur þáttur í að berjast gegn loftslagsbreytingum," segir Eyjólfur. ■

Eigendur skemmtistaða í borginni fagna brauðmolum sóttvarnareglna

Þeir eigendur skemmtistaða sem Fréttablaðið ræddi við í gær fagna auknum tilslökunum en segja að skemmtistaðamenning sé þannig hér á landi að það taki tíma að aðlagast styttri opnunartíma.

svavamarin@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Maður átti ekki von á miklum afléttingum svo við fögnum öllu," segir Birgitta Líf Björnsdóttir, athafnakona og eigandi Bankastrætis Club, um nýjustu sóttvarnareglur sem kynntar voru á þriðjudag.

„Ég lagði upp með að opna stað með öðruvísi áherslum og breyta menningunni í heilbrigðari átt. Það er frítt inn á staðinn til klukkan tíu og tilboð á barnum sem er gert til þess að fólk mæti fyrr og við lokum líka fyrr en aðrir staðir í miðbænum," segir Birgitta.

Þeir eigendur skemmtistaða sem Fréttablaðið ræddi við í gær taka öllum afléttingum sóttvarnareglna fagnandi, en hefðu viljað sjá frekari tilslakanir. Með nýjum reglum lengdist opnunartími þeirra um klukkutíma og fjöldatakmarkanir fóru úr 200 manns í 500.

Jón Mýrdal, athafnamaður og eigandi djassklúbbsins Skuggabaldurs, segir að tilslakanirnar hafi þó verið minni en hann vonaðist eftir. „Ég hefði viljað að opnunartíminn hefði verið lengdur um tvo klukkutíma svo hægt væri að hleypa gestum inn til klukkan eitt eftir miðnætti. Það hefði verið óskastaða fyrir rekstur Skuggabaldurs," segir Jón.

Fannar Alexander Arason, eigandi Miami bar á Hverfisgötu, segir erfitt að standa í skemmtistaðarekstri þegar upplýsingagjöf til fyrirtækja komi yfirleitt með stuttum fyrirvara og í gegnum fjölmiðla.

Næturlífið í Reykjavík fær að lifa aðeins lengur með nýjum tilslökunum sóttvarnayfirvalda sem kynntar voru á þriðjudag. Nú fá skemmtistaðir að vera opnir til eitt eftir miðnætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Maður átti ekki von á miklum afléttingum svo við fögnum öllu.

Birgitta Líf Björnsdóttir

„Maður er svolítið orðinn eins og barinn hundur eftir þetta allt saman," segir hann og bendir máli sínu til stuðnings á að það gangi ekki að fá að vita samdægurs eða daginn áður hvort það þurfi að kalla fólk til vinnu.

„Við fáum allar okkar fréttir beint frá fjölmiðlum. Það eina sem ég hef fengið frá stjórnvöldum er 100 þúsund króna sekt af því ég hleypti tveimur strákum inn að kaupa sér sígarettur fimm mínútur yfir níu.

> Fólk mætir og fer svo í heimahús í eftirpartí.

Fannar Alexander

Mér var tjáð að þetta væri lægsta sektin sem ég gæti fengið. Það var ódýrara að borga sektina en að taka málið lengra," segir Fannar.

> Ég hefði viljað að opnunartíminn hefði verið lengdur um tvo klukkutíma.

Jón Mýrdal

Hann trúir því að fólk þurfi tíma til að breyta þeirri skemmtistaðamenningu sem er við lýði hér á landi. „Fólk breytist ekkert. Það er ekki að mæta fyrr til að hætta fyrr. Fólk mætir og fer svo í heimahús í eftirpartí," segir Fannar Alexander. ■



BIOEFFECT dagar

16. - 22. SEPTEMBER

BIOEFFECT

20%
AFSLÁTTUR

ALLAR VÖRUR

BIOEFFECT

BIOEFFECT fæst í verslunum Hagkaups í Smáralind, Kringlu, Skeifu, Garðabæ og Akureyri.

HAGKAUP

Snyrtivara

Tekjufall fimm og hálfur milljarður

thorsteinn@frettabladid.is

Tekjur Guide to Iceland námu 1,6 milljörðum króna í fyrra og féllu um 5,5 milljarða króna á milli ára samkvæmt ársreikningi félagsins.

Guide to Iceland heldur úti samnefndu vefsvæði sem veitir aðgang að ferðum með umsögnum viðskiptavina, gistingu og bílaleigubílum sem og sérsniðnum pökkum.

Þrátt fyrir gríðarlegt tekjufall tapaði samstæðan þó aðeins um 160 milljónum króna árið 2020, sem er fyrsta árið frá stofnun sem hún er rekin með tapi. Til samanburðar skilaði reksturinn hagnaði upp á 450 milljónir króna árið 2019.

Í skýrslu stjórnar kemur fram að félagið hafi sett tæplega 400 milljónir í þróun á sjálfvirknilausnum á síðasta ári.

„Fyrirtækið hefur fulla trú á að geta notað þessi hugverk til þess að

Fáir ferðamenn komu í fyrra.

stækka á erlendum mörkuðum. Við megum búast við hægum en öruggum bata 2021 sem tengist alþjóðlegum bólusetningaráætlunum. Fjárfestingarnar 2020 munu því ekki byrja að skila sér að fullu fyrr en á næsta ári, þar sem við eigum von á veldisvexti frá nokkrum mörkuðum auk Íslands.“

Stærsti hluthafi í Guide to Iceland er Ingólfur Abraham Shahin með 46 prósenta hlut. ■

Innviðasjóður
Umsóknarfrestur 1. nóvember

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Innviðasjóði.

Hlutverk sjóðsins er að byggja upp rannsóknainnviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Sérstaklega verður tekið tillit til innviðaverkefna á vegvísi sem njóta, að öðru jöfnu, forgangs við úthlutun styrkja.

Við úthlutun úr Innviðasjóði er tekið mið af úthlutunarstefnu Innviðasjóðs og eftirtalin atriði lögð til grundvallar:

- Að innviðirnir séu mikilvægir fyrir framfarir í rannsóknum á Íslandi og fyrir rannsóknir umsækjenda
- Að fjárfesting í innviðum skapi nýja möguleika til rannsókna og/eða innviðirnir tengist verkefnum sem Rannsóknasjóður, markáætlun eða aðrir opinberir samkeppnisjóðir styrkja.
- Að samstarf verði um nýtingu innviða milli stofnana eða milli stofnana og fyrirtækja með fyrirsjáanlegum hætti
- Að áætlanir um kostnað og fjármögnun séu raunhæfar
- Að innviðirnir auki möguleika á menntun og þjálfun á viðkomandi fræðasviði
- Innviðir sem komið er upp með styrk frá sjóðnum skulu vera aðgengilegir öðrum rannsóknahópum eftir því sem svigrúm er til og skal sjóðnum gerð grein fyrir hvernig aðgengi verður háttað

Umsækjendur skulu kynna sér vel reglur sjóðsins áður en umsókn er gerð.

Nánari upplýsingar og aðgangur að rafrænu umsóknarkerfi er að finna á www.rannis.is.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Úrvalsvísitalan hefur lækkað um fjögur prósent á fimm dögum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kosningar skekja innlenda hlutabréfamarkaðinn

Skoðanakannanir sem benda til þess að vinstristjórn taki við stjórnartaumunum hafa meðal annars leitt til verðlækkana á hlutabréfum. Á sama tíma leita fjárfestar í verðtryggð skuldabréf.

helgivifill@frettabladid.is

Hlutabréfaverð hefur farið lækkandi síðustu daga, meðal annars vegna þess að auknar líkur eru á að vinstristjórn taki við stjórnartaumunum í landinu, samkvæmt skoðanakönnunum. Undanfarna fimm daga hefur Úrvalsvísitalan lækkað um fjögur prósent. Á sama tíma hafa fjárfestar keypt verðtryggð skuldabréf í auknum mæli en í ljósi lágs vaxtastigs hafa margir fram að þessu fremur horft til hlutabréfakaupa.

Sveinn Þórarinsson, greinandi hjá Landsbankanum, segir að nýjasta skoðanakönnun Maskínu virðist hafa hrint lækkunum af stað. Mögulega hafi væntingar farið að byggjast upp aðeins fyrr. Það kunni að fara að sjá fyrir endann á lækkunarhrinunni því í huga sumra fjárfesta sé verðlagning margra fyrirtækja álitleg.

Valdimar Ármann, forstöðumaður eignastýringar hjá Arctica Finance, segir að það sé ákveðin óvissa í loftinu sem valdi því að fjárfestar haldi að sér höndum og því lækki eignaverð. „Óvissan snýr að stjórnarmynstri eftir kosningar og hvað mismunandi stjórnarmyndanir muni hafa í för með sér,“ segir hann.

Valdimar horfir til tveggja þátta. „Annars vegar munu miklar breytingar á ákveðnum grunnþáttum hagkerfisins skapa mikla óvissu um

> Óvissan snýr að stjórnarmynstri eftir kosningar og hvað mismunandi stjórnarmyndanir muni hafa í för með sér.

Valdimar Ármann, forstöðumaður hjá Arctica Finance

framtíðarrekstur ýmissa fyrirtækja og erfitt verður að skipuleggja framtíðina sem gæti haft mjög afdrifaríkar afleiðingar á fjármálamarkaði. Hins vegar gætu aukin útgjöld ríkissjóðs í ýmiss konar tilfærslur og greiðsluþátttöku skilað sér að öðru jöfnu í aukinni verðbólgu og þar af leiðandi hærri stýrivöxtum og mögulega aukinni útgáfu ríkissjóðs sem gæti hækkað verðbólguvæntingar sem og langtímakröfuna á skuldabréfamarkaði.“

Hann segir að einnig verði að hafa í huga að samhliða þessum lækkunum sé umræða meðal annars í Bandaríkjunum um minnkandi stuðning Seðlabankans við eignamarkaði. Það hafi haft áhrif á erlenda hlutabréfamarkaði sem smitast til Íslands.

Magnús Örn Guðmundsson, forstöðumaður hjá Stefni, segir að oft sé erfitt að henda reiður á sveiflunum frá degi til dags. Erlendir markaðir hafi gefið aðeins eftir, olíuverð hafi lækkað skarpt síðustu daga og verðbólguþrýstingur sé nokkur erlendis. „Óflug viðspyrna og raskanir á aðfangakeðjunni, til dæmis í flutningum, eftir Covid-19 tekur í,“ segir hann.

Magnús Örn bendir á að stýrivextir hafi verið hækkaðir hérlendis fyrir hálfum mánuði og Seðlabankinn hafi rætt um frekari hækkanir. „Það má kannski segja að markaðurinn verði fréttadrifnari í aðdraganda kosninga og brothættari,“ segir hann og nefnir að það hafi líka gerst árið 2017 þegar markaðurinn hafi gefið eftir.

„Fjárfestum líður illa í óvissu og verr eftir því sem óvissan er meiri. En á sama tíma geta líka myndast góð fjárfestingatækifæri, það sanna dæmin. Umræðan um forsendur kjarasamninga er líka að verða fyrirferðarmeiri og á síðustu dögum hefur verið aukin aðsókn í verðtryggð skuldabréf.

Kosningaloforð, áherslur og kannanir geta spilað hlutverk en heilt yfir líta fjárfestar yfirvegað yfir sviðið. Stóra myndin hefur svo sem ekki breyst á markaðnum. Félögin skiluðu góðum uppgjörum í síðustu uppgjörslotu og margir álitlegir fjárfestingarkostir eru í Kauphöllinni enda horfur fínar. Fé leitar eftir sem áður í ávöxtun og mikið fé situr enn inni í félögum sem á eftir að skila til hluthafa. Það má ekki gleyma því að hlutabréf hafa hækkað skarpt undanfarið og ekki óeðlilegt að fjárfestar innleysi hagnað. Það lýsir skilvirkum markaði,“ segir Magnús Örn. ■

Hörður í íþróttadeild Úrvals-Útsýnar

helgivifill@frettabladid.is

Hörður Hilmarsson, stofnandi ÍT-ferða, tekur við sem forstöðumaður íþróttadeildar Úrvals-Útsýnar. Hann hefur undanfarin 25 ár rekið eigið fyrirtæki, ÍT ferðir, sem hefur sérhæft sig í utanlandsferðum íþrótta- og sérhópa, auk móttöku erlendra íþróttahópa til Íslands. Þetta kemur fram í tilkynningu.

Hörður spilaði sem leikmaður í handknattleik og knattspyrnu. Hann varð síðar þjálfari í báðum greinum, fyrst unglingaliða, síðan meistaraflokka.

Hörður lék handbolta með Val, KA og Stjörnunni og þjálfaði KA og

Hörður Hilmarsson, forstöðumaður íþróttadeildar Úrvals-Útsýnar

Stjörnuna sem leikmaður. Í knattspyrnu lék Hörður lengst af með Val, en einnig með KA, Grindavík og sænska félaginu AIK, auk íslenska landsliðsins. Hörður þjálfaði Grindavík, Val, Selfoss, Breiðablik og FH áður en hann hætti þjálfun til að einbeita sér að starfi sínu í ferðaþjónustu fyrir íþrótta- og sérhópa.

> Hörður var leikmaður og þjálfari í handknattleik og knattspyrnu.

„Hörður býr yfir mikilli reynslu og bætist í hóp öflugra starfsmanna Útvals-Útsýnar sem munu áfram kappkosta við að veita hópum og einstaklingum faglega og persónulega þjónustu fyrir sanngjarnt verð,“ segir Þórunn Reynisdóttir, forstjóri Úrvals-Útsýnar. ■

Ný sending

STEVENS Stelvio
Racer - Shimano 105 2x11
195.995,-

STEVENS Tabor
Gravel - Shimano Tiagra/GRX 2x10
149.995,-

HEAD Adapt Edge II
29" - Shimano Deore 1x12
499.995,-

STEVENS Applebee
29" - Shimano Deore 2x10
145.995,-

STEVENS E-Molveno Gent
Rafhjól - Shimano Altus 1x9
299.995,-

HEAD Granby
Rafhjól - Shimano Steps E5000
329.995,-

FISCHER · RUDY PROJECT · STEVENS BIKES · KV+ · alpina · swix · Vango · HEAD

Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

Urðarháls er stórgrýtt dyngja með sigkatli sem jafnframt er stærsti fallgígur landsins. Hér er horft til norðausturs en ef vel er að gáð sést hópur fjallahjóla-fólks neðarlega á myndinni. MYNDIR/ÓMB

Grjótharður Urðarháls

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi.

Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari.

Ein torfærasta fjallaleið á Íslandi er Gæsavatnaleið en hún liggur frá Tómasarhaga á Sprengisandsleið norðan Vatnajökuls að Drekagili í Dyngjufjöllum. Flestir klöngrast Gæsavatnaleið akandi og er þá lagt upp frá skála Ferðafélags Íslands í Nýjadal, en þeir hörðustu þræða hana á nokkrum dögum gangandi eða á fjallahjólum. Á leiðinni er farið um Gæsavötn, yfir Dyngjuháls og fram hjá Kistufelli uns komið er að Urðarhálsi. Þetta er jökulsorfin grágrýtisdyngja sem nær 1.025 m hæð og er eins og nafnið gefur til kynna stórgrýtt sem gerir 8 km langa leiðina yfir hálsinn að einum helsta farartálma Gæsavatnaleiðar. En það borgar sig að mjakast upp Urðarháls því efst er risastór sigketill sem er með helstu náttúruundrum Íslands. Þetta er svokallaður fallgígur (e. pit crater) sem verða til í dyngjum þegar bergbráð tæmist úr þeim og skilur eftir storkið hraunþak sem síðan fellur saman. Sigketillinn á Urðarhálsi er engin smásmíði, eða 1.100 m langur, 800 m breiður og hátt í 100 m að dýpt. Hann er jafnframt langstærsti fallgígur á Íslandi þótt hann eigi lítið í þekktustu fallgíga jarðar á Havaí. Úr lofti sést hvernig gígurinn á Urðarhálsi er eins og stansaður í stórgrýtta dyngjuna með þverhníptum brúnum sem geta verið varasamar, ekki síst í vetrarferðum.

Það er gaman að ganga í kringum sigketilinn á Urðarhálsi og virða fyrir sér gímaldið í návígi. Útsýnið frá brúnum hans er af dýrari gerðinni og sést vel í risavaxna Trölladyngju í norðvestur, austan við hana Dyngjufjöll og enn lengra í austur Snæfell og Kverkfjöll. Í suðri er Vatnajökull með Bárðarbungu og enn nær Kistufell og vestar Tungnafellsjökull.

Eftir gönguna á Urðarhálsi er haldið áfram austur Gæsavatnaleið að næsta farartálma, svokölluðum Flæðum. Þar flæðir yfirborðsvatn af jöklinum út á svarta sanda, einkum síðdegis þegar hlýtt er í veðri. Á margra kílómetra kafla þarf oft að aka nánast viðstöðulaust í jökulvatni til að forðast að festast í aurbleytu. Flæðurnar geta þó þornað upp og þá byrgja sandstormar oft útsýni. Smám saman er komið að Holuhrauni og síðan ekið meðfram því að Drekagildi í Dyngjufjöllum, rétt hjá Öskju. Gæsavatnaleið tekur daginn akandi og vel það, og því kærkomið að hvíla ökutækið og skella sér í göngu á grjóthörðum Urðarhálsi. ■

Hjólað yfir Flæðurnar í átt að Urðarhálsi, en þennan dag voru þær að mestu þurrar og því auðveldar yfirferðar. Kistufell í baksýn.

Á Gæsavatnaleið er landslagið víða eins og á tunglinu, ekki síst við Urðarháls.

Er þetta **eðlilegt?**

Útgerðarmenn hafa veiðar, vinnslu og sölu allt á einni hendi og **stjórna því hvar hagnaður virðiskeðjunnar verður til.**



Stærstu útgerðir landsins ráða yfir allt of stórum hluta kvótans og þær **stjórna allri virðiskeðjunni**
- frá því að fiskurinn er veiddur og þar til afurðin er seld erlendis.
Hverjir **tapa** á ógagnsæju fiskverði í sjávarútvegi á Íslandi?

- **Sjómenn tapa launum**
- **Hafnir tapa hafnargjöldum**
- **Sveitarfélögin tapa útsvari**
- **Ríkið tapar tekjuskatti og auðlindagjöldum**

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur

VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna

Sjómannafélag Íslands

Af því bara

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Kosningabaráttan fyrir komandi alþingiskosningar er ekki til þess fallin að efla áhuga fólks á stjórnmálum. Lýsandi dæmi um þetta eru umræðuþættir í fjölmiðlum með frambjóðendum sem tala afar formúlukennt og eru svo óspennandi að það kostar andlegt átak að fylgjast með þeim til enda. Svo virðist sem íslenskir stjórnmálamenn hafi ekki neitt sérstakt fram að færa, allavega skortir þá sannfæringarkraft í kosningabaráttunni. Þeir tönglast á ósannfærandi frösum sem kjósendur hafa heyrt ótal sinnum áður og eru að mestu hættir að taka mark á. Það vantar hressileika í þessa kosningabaráttu og sannfærandi málflutning.

Stjórnmálabarátta á að vera öflug og innihaldsrík en nú er aðallega boðið upp á loforð sem kjósendur vita fullvel að verða ekki uppfyllt. Orð stjórnmálamannanna hljóma því eins og máttleysislegt mjálm. Undantekning frá því er garg og gól frá frambjóðendum Sósíalistaflokksins og Flokki fólksins. Sá hávaði á víst að sannfæra kjósendur um að þarna séu öflugir fulltrúar alþýðunnar á ferð. Fólk með sterka réttlætiskennd sem ofbjóði kaldlyndi og græðgi kapítalistanna sem öllu ráða. Með þeirri aðferð að öskra sem hæst má sjálfsagt hala inn einhver atkvæði.

Kosningarnar virðast aðallega snúast um það hvort fólk vilji áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf eða ekki. Vandi stjórnarandstöðunnar er að henni hefur ekki tekist að sýna fram á að mikil þörf sé á henni við stjórnvölinn. Það er ekki nóg að segja fólki að tími sé til að breyta bara til að breyta.

Í þessu pólitíska andleysi verður ekki annað séð en að Framsóknarflokkurinn hafi hitt á slagorð sem endurspeglar andrúmsloftið hvað best: „Er ekki bara best að kjósa Framsókn?“ Þar opinberast fullkomlega innihaldsleysið og málefnadeyfðin sem stjórnmálaflokkarnir sýna í kosningabaráttunni. Framsóknarflokkurinn velur að segja það hreint út: Kjósið okkur – af því bara. ■

> Vandi stjórnarandstöðunnar er að henni hefur ekki tekist að sýna fram á að mikil þörf sé á henni við stjórnvölinn.

Afsökun forsetans

Margt gott má segja um forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannesson. Hann er hins vegar of gefinn fyrir að stökkva á rétttrúnaðarvagninn. Dæmi um það er þegar hann baðst afsökunar á því að hafa notað orðið fáviti. Hann notaði orðið í merkingunni bjáni. Ekkert er að því. Enda botna fjölmargir alls ekkert í þessari afsökunarbeiðni hans. ■

Halldór

Frá degi til dags

arib@frettabladid.is
bth@frettabladid.is

Teningur
Kosningaprófin tröllríða nú öllu þar sem enginn veit hvað hann á að kjósa, nema amma sem kýs alltaf það sama. Kosningavitinn er vísast til að staðsetja hysterískar skoðanir landans einhvers staðar á milli Miðflokksins og Pírata. Kosningapróf RÚV er einnig góður mælikvarði fyrir utan að frambjóðendurnir sjálfir eru iðulega aðeins 85 prósent sammála sjálfum sér. Leiðin að hinni fullkominni niðurstöðu er að kaupa tíu hliða Dungeons & Dragons-tening, skrifa á hann bókstafi flokkanna og kasta þangað til það kemur niðurstaða sem veldur ekki ógleði.

Íslensk iðjusemi
Ótrúlegt atvik gerðist eftir slys í Lágmúlanum í gær þegar ökumaður bifreiðar ók niður unga konu á rafmagnshlaupahjóli við bílastæði. Fólk þyrptist að til að stumra yfir konunni. Það tók hana smátíma að koma sér á fætur. Þegar spurt var hvort hún vildi að kallað yrði á sjúkrabíl, neitaði hún hnarreista hetja og steig aftur á hjólið. Hún sagðist ekki hafa tíma til að standa í neinu veseni. Hún væri að verða of sein í vinnuna. Eftir sat hópur sem velti fyrir sér hvort um væri að ræða erkidæmi um íslenska iðjusemi og hvort það væri okkur sem þjóð til framdráttar eða ekki ... ■

Betra fjölskyldulíf... bara ekki í Reykjavík!

Diljá Mist Einarsdóttir
hrl., aðstoðarmaður utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og skipar annað sæti á lista XD í Rvk-N

> Barnafjölskyldur í Reykjavík kjósa tæplega Samfylkinguna vegna loforða þeirra um „fjölskyldur í forgang“.

Snemma á síðasta ári samþykkti meirihlutinn í Reykjavíkurborg enn eina skerðinguna á grunnþjónustu við borgarbúa, nefnilega varanlega breytingu á opnunartíma leikskóla borgarinnar. Með breytingunni var opnunartími og þar með svigrúm leikskóla stytt um hálfa klukkustund, eða til 16.30. Vegna háværra mótmæla, meðal annars frá vinstrisinnuðum fyrrverandi ráðamönnum, um það að um mikla afturför væri að ræða sem kæmi verst niður á einstæðum foreldrum, útivinnandi konum og láglaunafólki, var ákvörðuninni slegið á frest. Þegar heimsfaraldur skall á notaði meirihlutinn hins vegar tækifærið og innleiddi skerðinguna, en á þeim grundvelli að um væri að ræða ráðstöfun vegna faraldursins. Skálkaskjól veirunnar kom því að góðum notum en skemmst er frá því að segja að opnunartíminn var aldrei færður í upphaflegt horf og stóð því óbreyttur án tillits til tilslakana í samfélaginu.

Nú dynja kosningaloforð Samfylkingarinnar á okkur eins og við séum stödd í gjafaþætti Oprah Winfrey. Samfylkingin boðar „betra líf fyrir fjölbreyttar fjölskyldur“ og „stóraukinn stuðning við barnafjölskyldur“ í formi hærri barnabóta – „endurreisn stuðningskerfis fyrir barnafjölskyldur á Íslandi“.

Við barnafjölskyldur í Reykjavík gætum hugsanlega notað hærri barnabætur til þess að greiða fyrir barnapössunina sem brúar bilið síðdegis vegna skertrar þjónustu á leikskólum borgarinnar. Við gætum ef til vill notað hærri barnabætur til þess að greiða hærra dagvistunargjald fyrir tímabilið frá fæðingarorlofi og til tveggja ára aldurs. Börnin okkar komast nefnilega ekki fyrr að í leikskóla í Reykjavík þrátt fyrir að Samfylkingin hafi lofað okkur því þrennar sveitarstjórnarkosningar í röð; á annan áratug.

Barnafjölskyldur í Reykjavík kjósa tæplega Samfylkinguna vegna loforða þeirra um „fjölskyldur í forgang“. Þær þekkja nefnilega metnaðar- og virðingarleysi hennar fyrir barnafólki og vita að loforðin þeirra eru, eins og svo oft áður, orðin tóm. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Sanngirni í gæsalöppum

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Í lýðræðissamfélagi leitast menn jafnan við að leggja réttlæti eða sanngirni til grundvallar lagasetningu. Eðli máls samkvæmt geta menn verið ósammála um hvað telst vera réttlátt og sanngjarnt. Þessi hugtök er því ekki unnt að reikna út í excelskjali.

Almenn umræða er helsti leiðarvísirinn fyrir löggjafann við mat á því hvort löggjöf er í samræmi við þetta grundvallarsjónarmið.

Tveggja áratuga þóf

Þegar Morgunblaðið birti á dögunum frétt um stefnu Viðreisnar í sjávarútvegsmálum var orðið sanngirni í gæsalöppum sett í fyrirsögn. Gæsalappir um sanngirnishugtakið í þessu samhengi sýna vel eðli þeirra deilna, sem staðið hafa um fiskveiðilöggjöfina.

Árið 2000 komst nefnd, með fulltrúum allra flokka og helstu hagsmunasamtaka undir forystu Jóhannesar Nordal, fyrrverandi seðlabankastjóra, að þeirri niðurstöðu að setja þyrfti ákvæði í stjórnarskrá um gjaldtöku fyrir tímabundinn afnotarétt af þjóðareign til þess að fullnægja kröfum um réttláta og sanngjarna löggjöf.

Á Alþingi hefur þessi niðurstaða verið í þófi síðan.

> Kenningin um að hagkvæmni og réttlæti séu andstæður er einfaldlega ekki á rökum reist.

Réttlæti og hagkvæmni

Á því kjörtímabili, sem nú er að ljúka, stóðu stjórnarflokkarnir þrír gegn því að kvöð um tímabindingu yrði fest í lög. Áður en kjörtímabilið hófst voru Framsókn og VG hins vegar fylgjandi slíkri breytingu.

Frá aldamótum hefur minnihluti á Alþingi í 17 ár nýtt aðild að samsteypustjórnum til að hindra framgang tillagna auðlindanefndar um tímabindingu. Í 4 ár frá 2009 til 2013 kom sundurlyndi þáverandi tveggja stjórnarflokka um önnur efni í veg fyrir að sáttatillaga um tímabindingu næði fram að ganga.

Núverandi ríkisstjórn hefur hafnað tillögum um gjald fyrir tímabundinn afnotarétt með þeim rökum að fyrirsjáanleiki sé nauðsynleg forsenda fyrir hagkvæmni í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja.

Tvenns konar óvissa

Gæsalappir Morgunblaðsins benda til þess að röksemdir ríkisstjórnarinnar séu reistar á þeirri trú að réttlæti og hagkvæmni geti ekki farið saman. Skoðum það.

Gildandi lagareglur segja að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði. Samkvæmt orðanna hljóðan er því unnt að svipta allar útgerðir veiðiheimildum án fyrirvara, nema dómstólar veiti uppsagnarfrest. Í því tilviki veit enginn hver hann kann að vera.

Fyrirsjáanleikinn byggist því hvorki á stjórnarskrá né almennum lögum. Hann er algjörlega háður tvenns konar pólitískri óvissu:

Annaðhvort þeirri að einn flokkur geti nýtt sér aðild að ríkisstjórn til að koma í veg fyrir breytingar eða hinni að sundurlyndi annarra flokka um óskyld mál leiði til hins sama.

Fyrirsjáanleiki með lögum eða lukku?

Veðmálið um þessar pólitísku forsendur hefur gengið upp í tvo áratugi. Og það getur gengið upp til eilífðar. En það er engin lagaleg trygging fyrir því að svo verði.

Fyrirsjáanleikinn byggist því alfarið á pólitískri lukku en ekki lagareglu.

Kjarni málsins er sá að endurgjald fyrir samning um tuttugu ára nýtingarrétt tryggir mun betur en gildandi löggjöf fyrirsjáanleika og hagkvæmni. Um leið myndi sú nýskipan mála fullnægja betur viðteknum sjónarmiðum um réttlæti og sanngirni.

Kenningin um að hagkvæmni og réttlæti séu andstæður er einfaldlega ekki á rökum reist.

Samþjöppun og markaður

Því er haldið fram að markaðsverðmyndun á tímabundnum aflaheimildum leiði til of mikillar hagræðingar og samþjöppunar í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja.

Nú er það svo að verðmyndun á uppboðsmarkaði er ekki forsenda fyrir tímabundnum heimildum. Hún er bara, rétt eins og á öðrum sviðum, einfaldasta leiðin til að finna sanngjarnt verð. Hafa þarf hugfast að þetta er endurgjald fyrir afnot af sameign en ekki skattur.

Í gildandi löggjöf sætir framsal aflaheimilda margs konar takmörkunum til að hindra of mikla hagræðingu og samþjöppun.

Viðnám gegn frekari samþjöppun getur verið skynsamlegt. En nærtækara er að ná því marki með breytingu á gildandi reglum um takmörkun á framsali og stærð fyrirtækja en með andstöðu við verðmyndun á markaði. Það er þekkt, gegnsæ og sanngjörn leið.

Er ekki sá tími kominn?

Er ekki sá tími kominn að tryggja megi sanngirni og fyrirsjáanleika í sjávarútvegi með öðru en gæsalöppum? ■

Háskólamenntun bætir lífskjör okkar allra

Isabel Alejandra Diaz
forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Háskólamenntun, rannsóknir og nýsköpun hafa fært Íslendingum meiri hagsæld og öryggi en nokkurn gat órað fyrir þegar Háskóli Íslands var stofnaður af fátækri þjóð með stórar hugsjónir árið 1911. Lífslíkur og kjör almennings hafa stórbatnað og tækifæri til menntunar og símenntunar margfaldast. Háskólar eru enda vettvangur frjálsrar þekkingarleitar, skapandi hugsunar og menntunar nýrra kynslóða. Þeir hafa snerpu og kjark til að breytast í ljósi nýrra viðfangsefna og ryðja þannig brautina.

Háskóli Íslands hefur allt þetta að leiðarljósi. Hann er breiður alhliða háskóli sem leggur kapp á að þjóna margvíslegum þörfum íslensks samfélags og atvinnulífs. Á síðustu tveimur áratugum hefur skólinn komist í hóp fremstu rannsóknaháskóla heims og hefur sá árangur fært okkur tækifæri til samstarfs við bestu rannsóknastofnanir og háskóla austan hafs og vestan. Sterk alþjóðleg staða HÍ er staðfest með röðun hans á helstu matslista yfir fremstu háskóla heims. Það skapar ótal tækifæri fyrir nemendur og kennara skólans auk þess að laða fremstu vísindamenn heims til samstarfs. Þessi staða er forsenda þess að íslenskt samfélag fái notið alls þess besta sem alþjóðlegt fræðasamfélag býður.

Háskóli Íslands hefur á undanförnum árum sett sér skýra stefnu um þróun eigin starfs og fylgt henni markvisst eftir. Í nýrri stefnu háskólans fyrir árin 2021–2026, sem samþykkt var í júní, er lögð áhersla á að takast á við brýn viðfangsefni samtímans. Einnig er lagt kapp á að bjóða fjölbreyttar leiðir til náms, hágæða kennslu og öflugt samfélag nemenda og kennara. Aðkallandi áskoranir framtíðarinnar, sem m.a. má rekja til aukinnar alþjóðavæðingar, umhverfis- og loftslagsvárinnar og fjórðu iðnbyltingarinnar, kalla á framsæknar lausnir sem byggjast á nýjustu þekkingu og þverfræðilegri nálgun og samstarfi. Þróun háskóla á næstu árum mun skipta sköpum fyrir getu samfélaga til að takast á við þau flóknu úrlausnarefni sem heimurinn stendur frammi fyrir.

Mikilvægt er að háskólar geri nemendum kleift að spreyta sig á raunhæfum verkefnum í takt við tímann. Fróðleiksþorsti þeirra eykst við að sjá nýja þekkingu verða til, ekki síst þegar þeir eiga sjálfir þátt í öflun hennar. Aukin áhersla á nýsköpunar- og frumkvöðlastarf með þátttöku nemenda stuðlar að skarpari sýn á þeirra eigin styrk og færni í að hrinda hugmyndum í framkvæmd.

Innan Háskóla Íslands er afar frjór jarðvegur fyrir nýjar hugmyndir sem leiða til nýrra tækifæra. Þetta á raunar almennt við um háskóla en ýmsar lausnir við COVID-19 voru t.d. fyrst mótaðar í háskólum og urðu síðan að bóluefnum í þróunardeildum fyrirtækja. Það er vegna slíkra sameiginlegra markmiða sem fyrirtæki og háskólar leggjast saman á árarnar. Samstarf okkar í HÍ við atvinnulífið er gríðarlega mikilvægt og gagnvirkt. Vísindagarðar HÍ í Vatnsmýrinni eru gott dæmi um blómlegan og vaxandi vettvang slíkrar samvinnu, sem hefur nú þegar skilað miklu til samfélagsins. Samstarfið leiðir jafnframt til þróunar starfsnáms, nýrra námsleiða, öflugs doktorsnáms og fæðir af sér sameiginlegar rannsóknir og þróun hugmynda, vara eða þjónustu sem aftur leiðir af sér ný störf og jafnvel ný svið iðnaðar.

Það er lykilatriði að íslenskt háskólakerfi sé samkeppnishæft um starfsfólk og nemendur. Forsenda þess að Háskóli Íslands nái að halda áfram sókn sinni á næstu árum og auka þannig hagsæld á Íslandi er að fjármögnun skólans sé á pari við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Yfirlýst opinber vísinda- og tæknistefna fyrir 2020–2022 kveður á um að auka gæði háskólastarfs og efla fjármögnun háskólanna á Íslandi þar til hún verður sambærileg við háskóla á Norðurlöndum árið 2025. Íslenskir háskólar standa norrænum samanburðarskólum enn langt að baki þegar kemur að fjármögnum eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd. Þar má sjá að meðalframlag á hvern háskólanema hér á landi er 2,9 m.kr. en á Norðurlöndum er meðaltalið 4,6 m.kr. Hérlendis fær hver nemi því um 1,7 m.kr. lægra framlag.

Heildartekjur á ársnema 2019

Háskóli Íslands í samanburði við hin Norðurlöndin



Ekki nægir að standa vörð um það sem áunnist hefur, heldur þarf að sækja fram af krafti. Nauðsynlegt er að forgangsraða í þágu háskólastigsins á næstu árum og setja okkur til jafns við samanburðarlöndin. Það er grundvallaratriði að vinna upp fjárhagslegan aðstöðumun með bættri fjármögnun á komandi kjörtímabili í samræmi við Vísinda- og tæknistefnu. Hver króna sem sett er í háskólakerfið er vel nýtt, en erlendar og innlendar úttektir hafa ítrekað staðfest að Háskóli Íslands er afar skilvirkur og vel rekinn.

Styrkja verður innviði Háskóla Íslands til þess að tryggja honum samkeppnishæfni í alþjóðlegu umhverfi og áframhaldandi sérstöðu. Grunnfjármögnun skiptir hér höfuðmáli, ekki síst þegar kemur að rannsóknum, sem hafa ótvírætt gildi í sjálfu sér, auk þess sem þær dýpka námið og eru undirstaða bættrar kennslu. Háskólamenntun bætir lífskjör og henni fylgja iðulega hagnýtar uppgötvanir í ólíkum fræðigreinum. Rannsóknir í háskólum leiða til nýrra starfa, fyrirtækja og jafnvel heilla nýrra iðngreina. Þekkingin sem verður til innan háskólanna er því án vafa traustasti gjaldmiðill framtíðarinnar. ■

> Vísindagarðar HÍ í Vatnsmýrinni eru gott dæmi um blómlegan og vaxandi vettvang slíkrar samvinnu, sem hefur nú þegar skilað miklu til samfélagsins.

Á degi íslenskrar náttúru

Dr. Ragnhildur Guðmundsdóttir
sérfræðingur

Á degi íslenskrar náttúru er við hæfi að minnast á hvað íslensk náttúra þýðir fyrir okkur sem hér búum. Náttúran er stórkostleg og svipmikil á Íslandi, hún er alltumlykjandi og til hennar sækjum við lífsviðurværi okkar og nútímaþægindi. Hérna spilar jarðfræðin stóran þátt í myndun og mótun landsins með eldvirkni og gliðnun, jöklum og vind- og vatnsrofi. Norðlæg hnattstaða, einangrun eyjunnar og sú staðreynd að stutt er síðan ísaldarjökullinn huldi landið gerir það að verkum að hér eru færri tegundir margra lífveruhópa en gengur og gerist á sambærilegum breiddargráðum. Vegna þessa hefur samkeppni á milli tegunda verið minni en ella sem skapað hefur skilyrði fyrir landnemategundir til að laga sig að fleiri vistum og búa við fjölbreyttari búsvæði en annars væri. Gott dæmi um þetta er þróun fjögurra ólíkra gerða bleikju í Þingvallavatni. Náttúran er jafnframt uppspretta gæða sem við mennirnir njótum góðs af, m.a. hreint, kalt og heitt vatn og rafmagn sem við teljum sjálfsagðan hlut, en er í raun vandmeðfarinn munaður á forsendum náttúrunnar. Án þeirrar þjónustu sem náttúruleg vistkerfi veita okkur yrði fótunum kippt hratt og örugglega undan samfélögum manna og lífsháttum.

Þjónustu vistkerfa má skipta í afurðir og auðlindir sem við nýtum beint frá náttúrunni, s.s. að upplifa og njóta náttúrunnar á andlegan hátt og rækta þannig menninguna, og starfsemi og ferla í vistkerfum sem t.d. binda koltvísýring, ala af sér byggingarefni og fæðu, hreinsa eiturefni úr umhverfinu og búa til heilnæmt loft og vatn. Menningartengd þjónusta felur í sér tækifæri til útivistar og menntunar en starfræn þjónusta vistkerfa felur m.a. í sér frævun plantna, hringrás næringarefna og flóðvarnir votlendis.

Slakt náttúrulæsi

Það er ekki sjálfsagt að geta sótt sér hreint drykkjarvatn eða heitt vatn til húshitunar í næsta nágrenni eins og víða er hægt á Íslandi. Standa þarf vörð um náttúrulega starfsemi vistkerfa og þjónustu þeirra og umgangast af virðingu. Þetta vísar til allrar náttúru Íslands, svo sem vistkerfa í sjó, í ferskvatni og á þurrlendi. Það er okkur lífsspursmál að vistkerfin virki á þann hátt sem náttúran skapaði með sínum lífverum og lífrænu og ólífrænu ferlum sem einkenna þau. Það er auðvelt að rífa niður og eyðileggja en erfitt og tímafrekt að byggja frá grunni og endurheimta. Mikilvægt er að fræðsla um gangverk náttúrunnar sé vönduð og öflug og má í því sambandi vitna til orða Guðmundar Páls Ólafssonar, náttúrufræðings og -verndara, um að „fólk verndar aðeins það sem það elskar, það elskar aðeins það sem það þekkir og það þekkir bara það sem því er kennt“.

Ísland hefur undanfarið komið töluvert slakar út en nágrannaþjóðirnar í náttúrulæsi barna samkvæmt PISA-könnununum og verður að bæta úr því með öflugri kennslu í náttúrufræðum. PISA-könnunin metur hversu færir nemendur eru í að takast á við hugmyndir og málefni sem tengjast vísindum á ígrundaðan hátt. Mikilvægi slíkrar vísindalegrar færni hefur aldrei verið brýnni en nú á tímum, ekki síst vegna aukins aðgangs að fjöl- og samfélagsmiðlum og misvísandi upplýsinga um hamfarahlýnun og heimsfaraldur kórónuveirunnar. Það er sannarlega lífsspursmál fyrir þjóð sem byggir að stórum hluta sitt viðurværi á náttúrunni að þegnar landsins séu læsir á land sitt og náttúru.

Náttúruminjasafn Íslands hefur það hlutverk að miðla fræðslu til skóla og almennings og sinnir fræðslu í náttúrufræðum fyrir öll skólastig, frá leikskólum til háskóla. Við tökum með ánægju á móti almenningi og skólahópum á sýningunni Vatnið í náttúru Íslands í Perlunni, þar sem fræðast má um ferskvatnið sem auðlind, lífríki þess og sérstöðu Íslands í þeim efnum. Nú styttist einnig í að Náttúruminjasafnið eignist sínar eigin höfuðstöðvar, á Seltjarnarnesi, þar sem boðið verður upp á veglegt sýningarhald og þjónustu við skóla. Stefnt er að opnun árið 2023. Þema þeirrar sýningar verður að líkindum hafið og styður staðsetningin frábærlega við það, Bakkatjörn, fjaran, ströndin og Atlantshafið allt um kring. Flutningur Náttúruminjasafnsins í nýjar höfuðstöðvar, Náttúruhús í Nesi, felur í sér veglega viðbót við náttúrufræðikennslu í landinu og er það von okkar að það efli náttúru- og vísindalæsi nemenda og almennings. ■

> Það er ekki sjálfsagt að geta sótt sér hreint drykkjarvatn eða heitt vatn til húshitunar í næsta nágrenni eins og víða er hægt á Íslandi.

Það er kosið um framtíðarsýn fyrir Ísland

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
oddviti Viðreisnar í Reykjavíkurkjördæmi norður

Oft er talað um það á vettvangi stjórnmálanna að stöðugleiki sé mikilvægur. Þetta heyrist ekki síst núna af hálfu ríkisstjórnarflokkanna þriggja. Stöðugleiki er grundvallarþáttur en hann má þó ekki vera réttlæting fyrir að styðja ekki hagsmuni almennings. Þá er stöðugleikinn ekki orðinn annað en skjól sérhagsmuna. Þessar kosningar snúast um í hvernig samfélagi við viljum búa og hvernig samfélagi við viljum skila til næstu kynslóðar. Þegar við hugsum um framtíðarsýn fyrir Ísland þá þarf að hugsa um hvernig við nálgumst breytingar. Sagan hefur sýnt okkur að þegar breytingar komast til framkvæmda, þá er sjaldan litið um öxl. Miklu frekar spyrjum við okkur að því hvers vegna breytingarnar tóku svona langan tíma.

Við viljum sanngirni um fiskimiðin

Almenningur hefur til dæmis lengi kallað eftir kerfi sem tryggir almenningi sanngjarna greiðslu fyrir afnot af fiskimiðunum. Ríkissjóður verður af milljörðum á hverju ári vegna þessa kerfis. Milljörðum sem nýta mætti í samfélagslega mikilvæg verkefni eins og heilbrigðisþjónustu og skóla og bæta þannig lífsgæði okkar til muna. Afstaða þjóðarinnar til þess hvort markaðurinn eigi að ráða verðinu á verðmætum fiskimiðanna er skýr. Þjóðin virðist treysta markaðnum. En í nafni stöðugleikans hafa ríkisstjórnarflokkarnir farið gegn hagsmunum almennings í hvívetna. Útgerðin greiðir lágt veiðigjald sem ákvarðað er af stjórnmálunum. Stöðugleiki í þessu máli þjónar þess vegna hvorki hagsmunum almennings né ríkissjóðs. Eðlilegar breytingar munu hins vegar bæta hag almennings, ríkissjóðs og atvinnugreinarinnar. Með heilbrigðum leikreglum fæst sanngjarnt gjald til þjóðarinnar og meiri arðsemi í greininni án þess að kollvarpa núverandi kerfi sem hefur marga kosti. Þetta er hin skynsama leið sem mun skapa sátt um sjávarauðlindina.

Við viljum bæta kjör fjölskyldna

Með sömu gleraugum mætti spyrja hvers vegna við erum með örmynt, gjaldmiðil sem erfiðar almenningi á Íslandi að eignast húsnæði? Sem gerir að verkum að vextir af húsnæðislánum eru margfalt hærri hér en í nágrannaríkjunum? Og leiðir af sér að matarkarfan er umtalsvert dýrari? Við viljum bæta kjör almennings og fyrirtækja með því að tengja krónuna við evru sem mun skila lægri vöxtum. Þetta er eitt stærsta kjaramál fjölskyldna í landinu.

Við viljum gefa heilbrigðiskerfinu tækifæri

Okkar stefna er að styrkja Landspítalann þannig að hann geti uppfyllt þær gæðakröfur sem gerðar eru til aðalsjúkrahúss þjóðarinnar. Íslenskt heilbrigðiskerfi verður að vera aðgengilegt fólki óháð efnahag og óháð búsetu. Það er grundvallarafstaða okkar. Um leið er grundvallarafstaða okkar að við viljum ekki takmarka starfsmöguleika heilbrigðisstarfsfólks eins og gert hefur verið undanfarið kjörtímabil. Heilbrigðisstarfsfólk eru eftirsóttustu starfskraftar heims og markmiðið á að vera að laða það hingað. Ríkisstjórnin hefur hins vegar valið að erfiða starf sjálfstætt starfandi lækna, sálfræðinga, sjúkraþjálfara, talmeinafræðinga sem leiðir af sér biðlista sem aldrei fyrr. Við viljum sjá heilbrigðiskerfið blómstra með því að nýta alla starfskrafta þess.

Grænir hvatar eru leiðin

Viðreisn hefur metnaðarfulla stefnu í loftslags- og umhverfismálum. Það á alltaf að borga sig að vera umhverfisvænn. Við viljum stíga stór skref strax í þágu næstu kynslóða. Við erum stolt af góðum árangri okkar hjá Sólinni, ungum umhverfissinnum, þar sem Viðreisn var einn þriggja flokka á toppnum. Við nálgumst umhverfismálin eins og Viðreisn hefur nálgast jafnréttismálin: sem leiðarljós í allri stefnu. Það á að vinna allar stefnur út frá því hvaða áhrif aðgerðir hafa í umhverfis- og loftslagsmálum. Ísland hefur þannig náð góðum árangri í kynjajafnrétti, með aðgerðum eins og jafnlaunavottun sem Viðreisn kom í gegn.

Gefðu framtíðinni tækifæri

Það er kosið um áframhald af því sama eða breytingar. Breytingar eru nauðsynlegar fyrir almannahagsmuni og fyrir framtíðina. Viðreisn hefur á fimm ára sögu sýnt í verki að við setjum almannahagsmuni framar sérhagsmunum. Við leggjum ekki til skattahækkanir núna og erum ábyrg í efnahagsmálum. Við eigum að þora að veðja á framtíðina og sækja fram þar sem hægt er að gera betur. Þess vegna á að styðja Viðreisn. ■

> Þessar kosningar snúast um í hvernig samfélagi við viljum búa og hvernig samfélagi við viljum skila til næstu kynslóðar.

Fátækt er auðvelt að útrýma en afleiðingar hennar erfast

Vilborg Oddsdóttir
frambjóðandi Samfylkingarinnar í 4 sæti Reykjavík suður

Ég fullyrði að það er auðvelt að útrýma fátækt, en afleiðingar fátæktar erfast því miður á milli kynslóða. Það, að ákveðinn hluti þjóðarinnar búi við fátækt er pólitísk ákvörðun. Það er því undir okkur sjálfum komið að kjósa þá flokka sem vilja útrýma fátækt, sem vilja breyta forgangsröðun samfélagslegra verkefna til þess. Með pólitískum vilja og þori er hægt að lækka húsnæðiskostnað og hækka laun – hvaðan sem þau koma – þannig að allir geti lifað sómasamlegu lífi. Það er pólitísk ákvörðun að skapa þau lífsskilyrði sem gera hverjum einstaklingi kleift að halda virðingu sinni og stolti gagnvart sjálfum sér og samfélaginu. Það er pólitísk ákvörðun að við höfum öll möguleika á að vaxa og velja og að gefa börnum okkar jafna möguleika á við önnur börn. Að útrýma félagslegri fátækt, sem er afleiðing þess að fjölskyldur hafa búið við fátækt yfir kynslóðir, er hins vegar flókið verkefni.

Þar dugar ekki eitt pennastrik heldur þarf að breyta vinnulagi í velferðarkerfinu og samvinna margra aðila þarf að koma til. Við þurfum að mæta fjölskyldum í félagslegri neyð út frá þeirra forsendum. Við þurfum að vinna með þeim út frá þeirra getu og draumum. Velferðarkerfið okkar og fólkið sem skipuleggur það, þarf að hætta að hugsa í kössum. Og lausnir geta aldrei verið út frá kerfinu eða þeim einstaklingum sem í því vinna. Með öðrum orðum þá þarf að aðstoða þau sem hafa áratugum saman, allt frá barnæsku, búið við fátækt þannig að þau öðlist trú á eigin getu og að þeirra framlag til samfélagsins sé jafn mikils virði og annarra. Sem samfélag þurfum við á hverjum og einum einstaklingi að halda.

Við þurfum að endurskoða velferðarkerfið okkar frá grunni til að tryggja fagleg vinnubrögð og að við nýtum fjármagnið á besta mögulega hátt. Við þurfum tímabundið að setja aukið fjármagn til að geta unnið með hverri fjölskyldu fyrir sig þannig að hún komist upp úr hjólförum fátæktar. Því til lengri tíma mun verða mikill samfélagslegur og efnahagslegur ávinningur af því fyrir okkur öll. Það kostar peninga að byggja upp samfélag þar sem við útrýmum fátækt og það er hlutverk stjórnmálafólks að forgangsraða fjármagni þannig að enginn þurfi að búa við fátækt. Við í Samfylkingunni erum meðvituð um að fátækt er afleiðing pólitískra ákvarðana. Og við viljum breyta forgangsröðun í ákvörðunartöku hins opinbera til þess að útrýma fátækt. Það er nefnilega mannskemmandi að búa við fátækt því afleiðingar hennar geta verið óafturkræfar. ■

28 nýjar friðlýsingar

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

> Þannig skapa friðlýsingar efnahagsleg tækifæri fyrir fólk um leið og þær sjá náttúrunni fyrir vernd.

Íslendingar búa að þeim auði að hafa lítt snortna náttúru, víðerni, fossa og fjöll rétt innan seilingar víðast hvar á landinu. En þessi auðæfi eru ekki sjálfsögð og við þurfum að gæta þeirra vel. Í tíð minni sem umhverfis- og auðlindaráðherra hef ég skrifað undir 27 friðlýsingar og bætist ein við í dag. Á meðal svæða sem nú hafa hlotið vernd eru perlur í íslenskri náttúru á borð við Geysi, Goðafoss, Kerlingarfjöll, Stórurð og Látrabjarg. Loksins segi ég.

Uppskera átaks í friðlýsingum

Þessar friðlýsingar eru afsprengi átaks sem ég setti af stað í upphafi kjörtímabilsins, sem unnið hefur verið í samstarfi Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Markmiðið var að fjölga friðlýstum svæðum á Íslandi, stækka þau sem fyrir voru og friðlýsa svæði sem Alþingi hafði þegar tekið ákvörðun um að skyldu friðlýst, en lengi hafði dregist.

Til hvers að friðlýsa?

Með friðlýsingum er stuðlað að því að lífríki fái að þróast á eigin forsendum, að jarðmyndunum sé ekki raskað og landslag, víðerni og náttúrufegurð haldist ósnortin. Einnig geta friðlýsingar verið til þess að endurheimta landgæði, til dæmis gróður og votlendi. En friðlýst svæði hafa líka mikið aðdráttarafl og eru í mörgum tilfellum helstu áfangastaðir ferðamanna á Íslandi. Þannig skapa friðlýsingar efnahagsleg tækifæri fyrir fólk um leið og þær sjá náttúrunni fyrir vernd.

VG stendur vörð um náttúruna

Við Vinstri græn höfum sett í stefnu okkar að friðlýsa beri 30% af landi og hafi fyrir árið 2030. Það er markmið sem er í samræmi við stefnu metnaðarfyllstu ríkja heims. Stofnun Hálendisþjóðgarðs og frekari verndun verðmætra hafsvæða við landið eru nauðsynlegur hluti þessa.

Til hamingju með daginn

Til hamingju með Dag íslenskrar náttúru, sem nú er haldinn hátíðlegur í ellefta sinn. Það er ekki sjálfsagt að hafa aðgang að lítt spilltri náttúru í eigin landi og við Vinstri græn viljum áfram standa vörð um þessi verðmæti. Það skiptir nefnilega máli hver stjórnar. ■

Ragnhildur verður í lykilhlutverki hjá Fram í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Spá Val og Fram meistaratitlunum

kristinnpall@frettabladid.is

HANDBOLTI Ef spá fyrirliða, forráðamanna og þjálfara fyrir komandi tímabil á Íslandsmótinu í handbolta rætist verða það tvö sigursælustu lið Íslands, Framkonur og Valskarlar, sem vinna Íslandsmeistaratitilinn næsta haust. Tímabilið karlamegin hefst í kvöld en fyrsta umferðin í kvennadeildinni hefst um helgina þar sem Íslandsmeistaravörn Akureyringa hefst á heimavelli gegn ÍBV.

Búist er við mikilli spennu á milli tveggja sigursælustu liða kvennaboltans ef marka má spána þar sem Fram fékk 127 stig og Valur 126 stig. Í 81 árs sögu Íslandsmótsins hafa þessi tvö lið unnið 39 Íslandsmeistaratitla sín á milli, þar af Framkonur 22 sinnum.

Í karlaflokki voru flestir sammála um að Valsmönnum tækist að verja Íslandsmeistaratitilinn. Takist Valsmönnum að verja titilinn verður það 24. Íslandsmeistaratitillinn í sögu karlaliðs Vals en næst sigursælasta liðið, FH, er með sextán Íslandsmeistaratitla. ■

Guðni Þór hættur hjá Tindastóli

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Guðni Þór Einarsson er hættur störfum sem þjálfari kvennaliðs Tindastóls í fótbolta en feykir.is greinir frá þessu.

Guðni Þór hefur þjálfað Tindastól frá 2018 en hann stýrði liðinu upp í 1. deild ásamt Jóni Stefáni Jónssyni á fyrsta tímabili þeirra.Tindastóll komst svo upp í efstu deild í fyrsta skipti í sögunni haustið eftir. Þar stöldruðu Stólarnir stutt við þar sem liðið féll á dögunum.

„Ég vil þakka leikmönnum og meðþjálfurum kærlega fyrir frábæra tíma. Ég vil þakka þeim stjórnarmönnum sem hafa sýnt mér traust, kvennaráði fyrir frábært samstarf og stuðningsmönnum fyrir frábæran stuðning," segir Guðni Þór í samtali við Feyki. ■

Helgi hættir að tímabilinu loknu

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Knattspyrnudeild ÍBV tilkynnti í gær að Helgi Sigurðsson hefði óskað þess að láta af störfum sem þjálfari karlaliðs félagsins að tímabilinu loknu.

Helgi hefur þjálfað liðið síðustu tvö keppnistímabil en undir hans stjórn komst liðið upp í efstu deild á dögunum. Fram kemur í yfirlýsingunni að Helgi vilji búa nær fjölskyldu sinni og hyggist flytja á höfuðborgarsvæðið. „Eftir tvö ár sem þjálfari meistaraflokks karla hjá ÍBV hefur Helgi Sigurðsson óskað eftir að hætta með liðið eftir yfirstandandi keppnistímabil." ■

Mikael Leó sneri heim vonsvikinn þrátt fyrir brons í frumraun sinni

Hinn 18 ára gamli bardagamaður Mikael Leó Aclipen þreytti frumraun sína í MMA á heimsbikarmóti áhugamanna. Mikael Leó er svekktur yfir árangri sínum sem var þó glæsilegur, bronsverðlaun.

hjorvaro@frettabladid.is

Mikael Leó Aclipen stefnir hátt í MMA og var ekki sáttur við árangur sinn á heimsbikarmótinu en hann kom heim með bronsverðlaunapening um hálsinn. MYNDIR/ÁSGEIR MARTEINNSSON

BARDAGAÍÞRÓTTIR Mikael Leó Aclipen keppti í fyrstu MMA-bardögunum á ferli sínum á dögunum þegar hann hreppti bronsverðlaun á heimsbikarmóti áhugamanna sem fram fór í Prag í Tékklandi.

Þar sigraði Mikael Leó sterkan Úkraínumann í frumraun sinni í MMA, lagði síðan Slóvaka að velli áður en hann laut í lægra haldi fyrir Otabek Rajabov frá Tadsíkistan sem er ríkjandi Evrópumeistari og ósigraður sem áhugamaður í MMA.

„Tilfinningin eftir þetta mót er fyrst og fremst vonbrigði. Mér finnst ég tæknilega jafn góður og Rajabov sem ég tapaði fyrir en hann var ferskari en ég í bardaganum okkar.

Þá nýtti hann sér reynsluna og náði betra jafnvægi í því að vera yfirvegaður þegar þess þurfti og herja á mig þegar ég var ekki nógu vakandi," segir Mikael Leó um sína fyrstu bardaga í MMA.

„Það tók mig smá tíma að venjast því að berjast í minna búri en ég er vanur þegar ég er að æfa og keppa hjá Mjölni. Svo var ég kannski full rólegur þegar út í bardagana var komið og ég þarf að æfa mig í að ná betra jafnvægi í því að vera í meiri keppnisgír, vera meira vakandi og sækja af meiri krafti þegar færi gefst," segir hann enn fremur.

„Þetta var aðeins of mikið annaðhvort eða, það er að vera afslappaður og fara svo beint yfir í bardagaham. Svo þarf ég að spara orkuna betur, en ég fann það alveg í þriðja bardaganum að tankurinn var ansi tómur og Rajabov var með mun meiri orku," segir Mikael Leó.

Mikael hafði betur í fyrstu tveimur bardögum sínum.

Þegar í þriðja bardagann var komið var orkan orðin lítil.

Fer í hefndarhug til Kasakstan

„Andstæðingar mínir á heimsbikarmótinu eru bara á pari við þá sem ég æfi með hjá Mjölni tæknilega að mínu mati en þeir eru hins vegar betri í því að nýta sér veikleika mína og svo hafa þeir vopn sem æfingafélagar mínir hafa ekki.

Æfingafélagar mínir vita svo af styrkleikum mínum og reyna ekki að fara með mig í gólfið eða ná hengingartaki svo dæmi séu tekin.

Þessir andstæðingar voru hins vegar fljótari að fara í aðgerðir og stundum var ég að bregðast við eftir að ég var kominn í vonda stöðu í stað þess að bregðast við áður en sótt er að mér," segir þessi 18 ára bardagamaður.

„Ég hef keppt í blönduðum bardagalistum, brasilísku jiu jitsu, glímu og boxi og þar hef ég öðlast færni í öllum þeim þáttum sem þarf að hafa í vopnabúrinu til þess að standa sig vel í MMA. Þetta er hins vegar spurning líka um að vita hvenær maður á að beita hvaða vopni og hversu fast eigi að sparka og kýla. Ég fer reynslunni ríkari í komandi mót," segir hann.

„Eftir að hafa hvílt mig eftir erfiða bardaga og ferðalagið í tvo daga byja ég aftur að æfa af fullum krafti fyrir næstu verkefni og vinna í því sem ég þarf að bæta.

> Tilfinningin eftir þetta mót er fyrst og fremst vonbrigði. Mér finnst ég tæknilega jafn góður og Rajabov sem ég tapaði fyrir.

Ég stefni að því að taka þátt í heimsmeistaramótinu sem haldið verður í Kasakstan í nóvember. Ég þarf að fara yfir það með Mjölnismönnum hvort það sé mögulegt, út frá kostnaði og utanumhaldi.

Þar verður Rajabov á meðal keppenda og ég get ekki beðið eftir því að mæta honum aftur. Það er þægilegt að vita hvar ég stend í samanburði við þá sem eru að taka þátt á þessum mótum. Að finna það að ég sé tæknilega jafn góður, get notað sömu vopn og vita hvað ég þarf að bæta til þess að vinna þá er frábært.

Fram undan eru æfingar og mikil vinna við að halda áfram að bæta mig tæknilega, líkamlega og andlega fyrir næsta mót," segir Mikael Leó. ■

Óvíst með framtíð hnefaleika á Ólympíuleikunum

kristinnpall@frettabladid.is

HNEFALEIKAR Erlendir fjölmiðlar birtu í gær bréf sem Christophe De Kepper, meðlimur í stjórn Ólympíunefndarinnar, sendi Alþjóðahnefaleikasambandinu um að umbóta væri krafist á starfsemi sambandsins ef hnefaleikar ættu að vera meðal íþrótta á Ólympíuleikunum í París árið 2024. Alþjóðlega hnefaleikasambandið, AIBA, kom ekki að skipulagningu hnefaleikakeppninnar á Ólympíuleikum eftir að ákvörðun var tekin árið 2019 um að útiloka AIBA frá skipulagningu.

Meðal þess sem Ólympíunefndin var ósátt við voru starfshættir Gafur Rakhiov, þáverandi forseta hnefaleikasambandsins, en hann steig frá borði árið 2019. Sambandið hefur um árabil verið sakað um spillingu sem hafi leitt til fjárhagslegra vandamála ásamt fjölmörgum öðrum vandamálum.

„Þegar litið er til þess hversu mörg vandamál eru enn til staðar var ákveðið að fara í ítarlega úttekt á starfsemi Alþjóðahnefaleikasambandsins til þess að hægt sé að taka ákvörðun til framtíðar. Í ljósi þess vill Ólympíunefndin lýsa yfir áhyggjum og ítreka að staða hnefaleika á Ólympíuleikunum í París 2024 og næstu Ólympíuleikum er í hættu ef ekki verður gripið til aðgerða í tæka tíð," segir meðal annars í bréfinu. ■

Frá keppni í hnefaleikum á Ólympíuleikunum í Tókýó. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 16. september 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Snýr við beinþynningu með hjálp OsteoStrong

Kerstin Andersson segir að OsteoStrong hafi hjálpað sér mjög mikið við að snúa við beinþynningu og viðhalda styrk. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Kerstin Andersson fékk sjálfsofnæmissjúkdóm og þurfti að fara í sterameðferð sem olli beinþynningu, en henni hefur tekist að snúa henni við með hjálp OsteoStrong. 2

„Ég er frá Svíþjóð en hef búið á Íslandi í 32 ár. Ég vann sem kennari í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum í 22 ár. Ég er enn í aðdáendaklúbbnum og nú er ég amma með tvö barnabörn þar og önnur dóttir mín er að kenna þar," segir Kerstin. „Þetta er svo spennandi uppeldisstarf, svo skapandi. Þar gengur öll manneskjan í skóla. Þar er reynt að næra alla manneskjuna; hug, hjarta og hönd. Það eru einkennisorð Waldorfskóla um allan heim og þrífast þeir í mjög ólíkum samfélögum og öllum heimshlutum, en nálgunin er einmitt svo sammannleg."

Streymandi nudd

„Ég er í Mannspekifélaginu. Það er eiginlega svipuð pæling: nærandi fyrir manneskjuna sem heild. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á heilsu og í mannspekinni er læknisfræði sem er viðbót við hefðbundna læknisfræði, anthroposophical medicine," segir Kerstin. „Mér finnst alltaf svo spennandi þegar manneskjan er skoðuð sem heild en ekki bara kannski stök einkenni.

Sjálf hef ég lært Pressel-nudd en margir vilja frekar kalla það streymandi nudd því það hefur það að aðalmarkmiði að örva flæði í líkamanum," útskýrir Kerstin. „Þannig losnar um alls konar stíflur og manneskjan getur náð betri heilsu eða/og líðan því allt kerfið vinnur betur saman."

Hamlandi sjálfsofnæmissjúkdómur

„Þegar ég varð fimmtug fékk ég sjálfsofnæmissjúkdóm. Ég þurfti í framhaldi af því að vera í sterameðferð í níu ár. Sterarnir gerðu það að verkum að ég fékk beinþynningu," segir Kerstin.

„Ég las auglýsingu frá OsteoStrong, þá fyrstu sem kom frá þeim, og fór fljótlega í prufutíma. Mér fannst svo áhugavert það sem þar var gert en ég var ekki nógu ákveðin," segir Kerstin. „Þá vissi ég ekki af því að ég væri komin með beinþynningu."

OsteoStrong af alvöru

„Þegar ég var svo greind með beinþynningu seinna á því ári þá vissi ég alveg hvað ég vildi gera," segir Kerstin.

„Beinþynningin var mikil. Ég var komin með beinþynningu í hrygg og beingisnun í útlimum. Það hræddi mig. Ég elska að hreyfa mig, elska að labba, hlaupa, hjóla og synda," segir Kerstin. „Ég gat ekki hugsað til þess að vera minna frjáls í eigin líkama og þess vegna vildi ég prófa OsteoStrong, þannig byrjaði ég af alvöru."

Laus við beinþynningu

„Ég var mjög dugleg og mætti mjög reglulega alveg fram í apríl á þessu ári, eða í um það bil eitt og hálft ár," segir Kerstin. „Svo fór ég í ferð til Svíþjóðar og þegar ég kom heim var ég önnum kafin í vinnunni og náði ekki að koma inn þessum vikulegu heimsóknum í OsteoStrong fyrr en seinna um sumarið.

Í byrjun júní fékk ég svo loksins að fara aftur í beinþéttnimælingu. Geislafræðingurinn sem sá um mælinguna sagði: „Vá, hvað þetta er hröð bæting hjá þér." Ég mældist bara miklu, miklu betri!" segir Kerstin brosandi. „Þá var ég ekki lengur með beingisnun í útlimunum, þeir voru bara eðlilegir og hryggurinn hafði styrkst það mikið að nú mældist hann bara með beingisnun. Þetta var alger sigur fyrir mig. Nú held ég bara áfram og klára þessa gisnun í bakinu líka."

Gleymdi að taka lyfin

„Ég var sett á lyf við beinþynningu þegar ég greindist en þau á að taka einu sinni í viku og á morgnana á fastandi maga og svo ekki borða neitt í 30 mínútur á eftir, ég gleymi bara oft að taka þau og það líða oft 2–3 vikur á milli," útskýrir Kerstin.



Kerstin hafði prófað OsteoStrong áður en hún greindist með beinþynningu og þegar hún fékk greininguna vissi hún strax að hún vildi leita aftur þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Kerstin er ekki lengur með beingisnun í útlimunum og hryggurinn hefur styrkst mjög mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ástundun hjá OsteoStrong tekur einungis 20 mínútur einu sinni í viku. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Beinþynningin var mikil. Ég var komin með beinþynningu í hrygg og beingisnun í útlimum.

Óvænt sprenging ferðamanna

„Ég vinn í ferðabransanum og þar var mikið álag í sumar þannig að ég fækkaði heimsóknum í OsteoStrong. Fámennt var í flestum ferðafyrirtækjum og mun fleiri ferðamenn eða hraðari aukning en búist var við. Þegar ég var í burtu frá OsteoStrong í sumar fann ég að ég saknaði þess, orkunnar og styrksins. Þessa dagana geng ég, syndi og passa að mæta vikulega í OsteoStrong. Ég ætla ekki að sleppa því núna – þó það sé mikið að gera í vinnunni," segir Kerstin og hlær.

Þakklát fyrir sterk bein

„Ég þakka OsteoStrong fyrir það að ég sé orðin svona góð í beinunum. Ég hef fundið að ég hef náð að halda mér svo sterkri. Ég verð 60 ára á þessu ári og með hækkandi aldri finn ég hvað vöðvar rýrna hratt og auðveldlega. Það þarf alveg að hafa fyrir því að halda í styrkinn. Það er ekki lengur nóg að bara ganga eða synda," segir Kerstin. „En ég hef fundið bæði jafnvægi, orku og styrk bætast verulega þegar ég stunda OsteoStrong reglulega. Ástundun hjá OsteoStrong tekur einungis 20 mínútur einu sinni í viku og henni næ ég að sinna án þess að ganga á tímann sem ég vil eyða í allt annað."

Að næra alla manneskjuna

„Ég hef mikið yndi af því að vera úti í náttúrunni. Ég rækta smá grænmeti, til dæmis grænkál. Uppskeran var fín í grænmetinu í sumar en berin svolítið sein. Núna eru hins vegar hindberin og jarðarberin að skila sér. Það er mjög vinsælt hjá barnabörnunum," segir Kerstin. „Þessa dagana, þegar haustið er að hellast yfir okkur, þá finnst mér mikilvægt að huga að því að vera mikið úti, fá ferskt loft, nóg af dagsbirtu og huga að því hvernig ég næri mig. Það skiptir ekki minna máli að huga að næringu hugans. Til dæmis hlakka ég mikið til að sjá Víking Heiðar á tónleikum og fara með barnabörnunum á Kardimommubæinn."

Frír prufutími

OsteoStrong býður upp á fría prufutíma á fimmtudögum og föstudögum. Þá má bóka á osteostrong.is og í síma 419 9200. OsteoStrong er í Hátúni 12, sunnan megin. ■

Flestir geta nýtt sér það sem OsteoStrong býður upp á óháð aldri

Meðlimir geta átt von á að:

- Auka styrk
- Minnka verki í baki og liðamótum
- Minnka líkur á álagsmeiðslum
- Bæta líkamsstöðu
- Auka jafnvægi
- Lækka langtíma blóðsykur
- Auka beinþéttni

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

ZHENZI kjóll
Stærðir 42-56
Verð kr. 12.990

ZHENZI kjóll
Stærðir 42-52
Verð kr. 12.990

ZHENZI kjóll
Stærðir 42-56
Verð kr. 10.990

ZHENZI tunika
Stærðir 42-56
Verð kr. 9.990

ZHENZI tunika
Stærðir 42-56
Verð kr. 10.990

yesta BY X-TWO | yest | no secret | Q'neel | ROBELL | ZHENZI | ZE-ZE Nordic | OPHILIA

Q'NEEL kjóll
Stærðir 38-52
Verð kr. 23.980

NO SECRET kjóll
Fæst líka í gulu
Stærðir 42-56
Verð kr.12.980

NO SECRET kjóll
Fæst líka í gráu
Stærðir 42-56
Verð kr. 13.980

NO SECRET bolur
Fæst líka í gráu
Stærðir 42-56
Verð kr. 8.980



NO SECRET peysukjóll
Stærðir 42-56 - **Verð kr. 13.980**
NO SECRET kápa Fæst líka í svörtu
Stærðir 42-56 - **Verð kr. 20.980**

SYBEL | festival DENMARK | STUDIO | GOZZIP | SANDGAARD | LASESSOR | FRANDSEN | tamaris | Handberg | Jana

LASESSOR Alpahúfa
Fæst í fleiri litum
Verð kr. 5.990

ZE-ZE skyrtukjóll
Stærðir 38-48
Verð kr. 11.990

ZHENZI peysa
Fæst i fleiri litum
Stærðir 42-56
Verð kr. 5.990

ZE-ZE kragabolur
Fæst í nokkrum litum
Stærðir 38-48
Verð kr. 5.990

LASESSOR Silkiklútur
Margir litir og mynstur
Verð kr. 6.990

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Hannaði armbönd til minningar um dóttur sína

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@frettabladid.is

Rosella Mosty skartgripahönnuður stóð fyrir glæsilegri skartgripasýningu á Ljósanótt í Keflavík á dögunum. Sýningin var í húsakynnum Park Inn Radison hótelsins og var eftir henni tekið.

Í skarti Rosellu má finna ýmiss konar tákn og form og hægt er að leika sér með samsetningar á hálsmenunum og fylgihlutum á skemmtilegan og frumlegan hátt. Rosella er fædd og uppalin í Reykjavík en fluttist til Boston árið 1995 og hefur búið þar síðan, eða í 26 ár. Hún er gift Ágústi Felix Gunnarssyni og eiga þau þrjár dætur og tvö barnabörn og una hag sínum vel á austurströnd Bandaríkjanna.

Hannaði sín eigin armbönd

Áhugamál hennar eru skartgripir, hönnun og allt sem því tengist og nýtur Rosella sín best þegar hún er að hanna. „Þetta ævintýri mitt hófst árið 2016 þar sem ég átti alltaf erfitt með að finna armbönd sem pössuðu mér þar sem ég er með granna úlnliði. Ég ákvað því að hanna og búa til mín eigin armbönd. Í fyrstu var þetta eingöngu ætlað fyrir sjálfa mig en þetta spurðist fljótlega út og áður en ég vissi var ég farin að taka við pöntunum frá ættingjum og vinum. Þetta vatt fljótlega upp á sig og ég fór að færa út kvíarnar og byrjaði að hanna hálsmen til viðbótar við armböndin. Í fyrstu vann ég nær eingöngu með leður, bæði í armböndum og hálsmenum, og fór til Spánar og heimsótti leðurverksmiðjur. Spánverjar eru þekktir fyrir mikil gæði í leðri. Þar valdi ég leður fyrir hönnunina en einnig fann ég mjög flott leður í Hollandi.“

Uppáhaldshönnunin armbönd í anda dótturinnar

Fjölskylda Rosellu tekur fullan þátt í að aðstoða hana þegar ný hálsmen eða armbönd verða til. „Dætur mínar, þær Aníta Mist og Tanya Líf, sem eru 20 og 17 ára, gefa mér sitt álit, þær fylgjast mikið með tískunni og öllu því sem henni viðkemur og vita hvað gengur fyrir þeirra aldurshóp. Maðurinn minn segir líka sitt álit, og ég tek fullt mark á þeim. Litlu ömmustrákarnir mínir, sem eru 5 og 7 ára gamlir, sýna þessu líka mikinn áhuga og vilja oft fá að máta skartið. Ég bjó því til armbönd handa þeim sem hafa verið mikið notuð.“

Rosella Mosty hannar ýmsa fallega skartgripi en hún er búsett í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Falleg hálsmen eftir Rosellu.

Hálsmenin hanga á trédrumbum. Þau eru fingerð og falleg.

Hluti af skartgripunum sem sýndir voru á sýningu í Keflavík á dögunum.

> Fyrst vann ég nær eingöngu með leður, bæði í armböndum og hálsmenum, og fór til Spánar og heimsótti leðurverksmiðjur.

Rosella tengir hönnun sína líka við minningar og fær innblástur við hönnunina út frá minningunum. „Ein af mínum uppáhalds eru Ester Evu-armböndin, en þau hannaði ég eftir að dóttir mín lést úr krabbameini árið 2017, einungis 28 ára gömul. Ég gerði þau til minningar um hana því ég vissi að þessi armbönd voru alveg í hennar anda, enda sérstök og falleg eins og Ester Eva var.“

Heilluð af krossum

Þegar kemur að formum og táknum í skartinu þá er eitt sem heillar Rosellu meira en annað. „Af einhverjum ástæðum hef ég alltaf heillast mikið af krossum í hinum ýmsum útfærslum og nota mikið af krossum í hönnun minni. Ég er með mjög fjölbreytta línu og legg áherslu á fallegt og sérstakt skart fyrir konur á öllum aldri. Mér finnst gaman að fara óhefðbundnar leiðir þegar kemur að hönnun og er alveg óhrædd við að blanda saman hinum ýmsu efnum, litum og gerðum í minni vöruþróun.

Hugmyndir að nýrri hönnun geta komið á hinum ólíklegustu tímum og oft koma þær þegar ég er að fara að sofa og þá er ég að setja hitt og þetta saman í huganum. Ég prófa það svo næsta dag og stundum gengur það eftir en ekki alltaf og þá verður til eitthvað allt annað á vinnuborðinu sem er svo gaman.“

Egetal í Ástralíu í uppáhaldi

Einnig á Rosella sína uppáhaldshönnuði og fylgist vel sem er að gerast í hönnunarheiminum. „Mínir uppáhaldsskartgripahönnuðir þessa dagana eru meðal annars Egetal í Ástralíu, breska fyrirtækið Midnight City sem framleiðir skart fyrir karlmenn. Einnig kemur Kristin Cavallari sterk inn ásamt Cinnamon Lee. Ég hef svo gaman af að fylgjast með því sem er að gerast hjá þessum hönnuðum og það gefur lífinu lit að skoða fallega hönnun.“

Rosella hefur opnað vefsíðu þar sem hægt er að fylgjast með hönnun hennar og panta skartið sem er mikil bylting. „Vefsíðan mín, rosellamosty.com, fór í loftið þann 7. febrúar 2020 og breytti það miklu því nú er hægt að panta beint af síðunni og ég get afgreitt pantanir út um allan heim. Ég hef fengið frábærar viðtökur bæði hér á Íslandi og í Bandaríkjunum en draumurinn er svo auðvitað að komast með skartið mitt inn í fleiri verslanir í Bandaríkjunum,“ segir Rosella að lokum eftir ánægjulega Íslandsdvöl. ■

Hægt er að fylgjast með nýjustu hönnun og skartgripalínum Rosellu á Instagram-reikningnum @Rosellamostyjewelry.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fögnum frelsinu
Samkeppni lifi

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 16. september 2021

Ólafur segir að Mjólkursamsalan eigi að líta á litla framleiðendur í mjólkuriðnaði sem samherja enda auka þeir neyslu á mjólkurafurðum og bæta hag íslenskra bænda í stað þess að leggja stein í götu þeirra. Á síðustu árum hafa orðið til frábærar nýjungar á hinum ýmsu mjólkurvörum hjá litlum framleiðendum um allt land, eins og neytendur þekkja. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ný tækifæri í heilbrigðri samkeppni

Ólafur M. Magnússon, fyrrverandi eigandi Mjólku og síðar Mjólkurbúsins Kú, segir að sér hafi verið létt þegar Hæstiréttur staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í vor um brot MS á samkeppnislögum. Málinu sé þó hvergi lokið þar sem hann sé í skaðabótamáli og vonar að dómur falli á þessu ári. 2

Ólafur segir að allt þetta mál hafi tekið mikið á sig og alla fjölskylduna enda margra ára barátta. Hann ásamt foreldrum sínum og bróður hafi í góðri trú ákveðið að stofna Mjólku árið 2005. Ólafur er alinn upp á Eyjum 11 í Kjós þar sem fyrirtækið var meðal annars til húsa. „Við stóðum í baráttu við MS í mörg ár svo það er fagnaðarefni að dómurinn hafi fallið á þennan veg. Þegar við leituðum fyrst til Samkeppniseftirlitsins vegna verðs sem MS lagði á undanrennuduft og svo hrámjólk til okkar fór af stað löng atburðarás sem tók mikið á. Þaðan fór málið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem síðan sendi það aftur til Samkeppniseftirlitsins. Málið fór aftur til Samkeppniseftirlitsins sem komst aftur að þeirri niðurstöðu að um mjög alvarlegt brot væri að ræða. Þaðan fer svo málið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem fellir meginhluta ákvörðunar SKE úr gildi. Samkeppniseftirlitið fer þá með málið fyrir héraðsdóm sem staðfestir ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, Landsréttur kemst að sömu niðurstöðu og loks Hæstiréttur. Dómurinn sem kveðinn var upp í mars hefur mikið fordæmisgildi. Þarna var verið að taka fyrir gildissvið búvörulaga og samkeppnislaga. Áður var ekki til neitt fordæmisgildi um það hvernig þessi lagasvið ættu að vinna saman. Þess vegna var mjög mikilvægt fyrir okkur að fá úr þessu skorið," segir Ólafur.

Alvarlegar aðgerðir

„Við hjónin vorum í dómsal þegar dómurinn féll og það var skrítin tilfinning þar sem dómurinn var mjög afdráttarlaus. Aðgerðir Mjólkursamsölunnar voru mjög alvarlegar og höfðu miklar afleiðingar fyrir fyrirtækið okkar. MS var fundin sek um að leyna gögnum og að leggja fram villandi upplýsingar. Það varð meðal annars til þess að málið dróst óeðlilega lengi. Fyrirtækið fór fram með einbeittum brotavilja. Sú saga er orðin mjög löng og nær í raun aftur til þess tíma þegar MS fór fram á móti Kjöris þegar það kom á markað. Eigendur þess eiga skilið fálkaorðu fyrir sína baráttu," segir Ólafur.

„Maður getur aldrei verið viss um hvernig dómar falla. Ég var ánægður með dómarana sem hafa haldið vörð um sjálfstæði dómstólanna, til dæmis gagnvart stjórnvöldum. Þótt fólk sé ekki alltaf sátt við niðurstöðu dóma þá verður að segja að dómarar hafa ekki verið handbendi einstakra sjónarmiða eða ákveðnum aðilum í þjóðfélaginu. Í þessu tilfelli gegn Mjólkursamsölunni. Að mínu viti var ekki sams konar hlutleysis gætt hjá áfrýjunarnefndinni. Þar var aðili sem hefði átt að segja sig frá málinu þar sem hann hafði unnið mikið fyrir Bændasamtökin og landbúnaðarráðuneytið.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins sem síðan er staðfest í Hæstarétti hefur haft gríðarlega mikil áhrif. Strax eftir seinni úrskurð Samkeppniseftirlitsins varð ljóst að það þyrfti að standa að sölu á mjólk með ákveðnum hætti. Það var gert með því að aðskilja sölu á hrámjólk frá öðrum deildum. Síðan þá hefur MS ekki selt keppinautum sínum mjólk heldur Auðhumla, sem er móðurfélag MS sem safnar allri mjólk á landinu og selur til allra á sama verði. Í dag fá keppinautarnir mjólkina á sama verði og MS. Þess vegna hefur Arna og fleiri fyrirtæki sem hafa orðið til í mjólkuriðnaði vaxið og dafnað. Þegar Baula var stofnuð var 56% álag á mjólkina til þeirra en var þó ekki nema 24% til okkar. Það kemur skýrt fram í dómnum að Mjólkursamsalan hefði sjálf ekki verið rekstrarhæf eða skilað rekstrarafgangi ef hún hefði búið við þá verðlagningu sem hún ætlaði keppinautum sínum," upplýsir hann.

> Við hjónin vorum í dómsal þegar dómurinn féll og það var skrítin tilfinning þar sem dómurinn var mjög afdráttarlaus.

Földu nýjar vörur

Ólafur segir að ævintýrið með Mjólku hafi oft verið ánægjulegt og starfið skemmtilegt. Baráttan við einokunarrisann MS hafi hins vegar tekið mikið á alla fjölskylduna. „Mér fannst virkilega gaman að takast á við að byggja upp nýtt fyrirtæki og öll samskipti við kaupmenn og neytendur mjög gefandi. Við vorum með frábært starfsfólk sem lagði hart að sér við að skapa nýjar vörur og kynntumst velviljuðu fólki sem stóð með fyrirtækinu, þar á meðal stjórnendur helstu matvöruverslana landsins. Baráttan var hins vegar mjög óvægin, persónuleg og sneri oft að mér og fjölskyldu minni. Það var oft gengið nærri okkur með beinum eða óbeinum hætti. Við lentum til dæmis í því að starfsmenn MS færðu vörur okkar í verslunarhillum bak við þeirra eigin vörur. Eitt dæmið er þegar við vorum að markaðssetja nýjan sýrðan rjóma rétt fyrir jólin. Ég frétti af því að vörurnar sem við vorum nýbúin að setja í hillur væru komnar inn á lager. Ég fór sjálfur í verslanir til að fylgja eftir að vörurnar væru sýnilegar þegar mér var sagt frá þessu. Um leið færði ég þeirra vörur aftar. Ég fékk símtal frá sölustjóra MS sem var ekki ánægður en ég sagði á móti að meðan þeir stunduðu þessa iðju myndi ég gera það líka. Upp frá því fengu vörur mínar að vera í friði," útskýrir Ólafur.

Heillaðist af einkaframtakinu

Þegar hann er spurður hvers vegna hann hafi upphaflega farið út í þennan iðnað, svarar hann: „Ég er bóndasonur sem ólst upp við mjólkurframleiðslu. Meðfram námi starfaði ég við hvalaskurð og síðan slátrun. Ég nam rekstrarhagfræði og starfaði eftir nám fyrst hjá Samvinnutryggingum, síðan Sláturfélagi Suðurlands sem verslunarstjóri. Þaðan lá leiðin í Hagkaup. Ég hélt síðan í nám á nýjan leik. Eftir það var ég ráðinn til Osta- og smjörsölunnar sem sölustjóri og var þar í tíu ár. Þar kynntist ég grósku í nágrannalöndum okkar þar sem voru að spretta upp einkarekin mjólkursamlög sem byggðust upp við sveitabæi og bændur voru að vinna að. Þarna urðu til nýjar afurðir sem mér þóttu mjög spennandi. Ég stakk því upp á við fjölskyldu mína að við settum upp lítið mjólkurbú á Eyjum þar sem við gætum unnið með afurðir beint frá býli. Við feðgarnir heimsóttum 21 einkarekið mjólkursamlag í Norður-Evrópu. Á þessari ferð eignuðumst við marga vini, sérstaklega í Danmörku. Einn þeirra, Steen Olsen, kom síðan hingað til lands og aðstoðaði okkur við að setja upp Mjólku. Við réðum til okkar mjólkurfræðing og reksturinn fór í gang," útskýrir Ólafur sem neyddist til að selja fyrirtækið árið 2009. „Fyrirtækið óx mjög hratt, veltan fór úr engu í rúman milljarð. Átökin við MS tóku mikið á og hrunið 2008 var okkur erfitt. Mjólkin hækkaði mikið árið 2009 en á sama tíma var Kaupfélag Skagfirðinga að reyna að kaupa fyrirtækið. Það var sótt að okkur úr tveimur áttum. Við urðum að hugsa um starfsmenn okkar og lánardrottna en ekki bara eigin hag þegar við seldum. En það var virkilega erfitt að upplifa. Við höfðum keypt Vogabæ og þau samlegðaráhrif voru farin að skila sér."

Í dag rekur Ólafur bókhalds- og ráðgjafarþjónustu, Rétta ehf., að Suðurlandsbraut 32. „Ég hef aðstoðað marga sem eru í matvælaþjónustu að flytja inn tæki og tól. Einnig hef ég fært bókhald fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Fjölskyldan hefur verið að byggja upp búskap í Kjósinni og þar höfum við verið að selja sumarhúsalóðir og erum að byggja upp lífræna framleiðslu í sauðfjárrækt og höfum hug á að þróa það enn frekar. Auk þess hef ég verið í verkefnum í samstarfi við samstarfsaðila í skyrframleiðslu erlendis."

Söknarkraftur í framleiðslunni

Ólafur er sannfærður um að niðurstaða Hæstaréttar í máli Mjólku gegn MS hafi breytt samkeppnisgrundvelli fyrirtækja í mjólkuriðnaði gríðarlega. „Þetta er líka sigur fyrir neytendur. Fjölbreytileikinn í vöruúrvali hefur stóreflst í þessum iðnaði með einkaframtakinu. Neytendur þurfa að standa vörð um þessi fyrirtæki, ég get nefnt Örnu, Bio bú, Ostahúsið, Kjöris og alla litlu framleiðendurna sem selja beint frá býli. Allir þessir aðilar eru að framleiða frábærar vörur eins og alls kyns osta, gríska jógúrt, laktósafríar vörur eða eru með ísgerð. Það er mikill sóknarkraftur í þessum minni fyrirtækjum. Mjólkursamsalan á að líta á þessa aðila sem samherja til að auka neyslu á mjólkurafurðum og bæta hag íslenskra bænda í stað þess að leggja stein í götu þeirra. Frumkvæðið í því afli sem fólk býr yfir til að gera nýja hluti á MS að taka fagnandi. Það er mikil verðmætasköpun hjá einkafyrirtækjum í mjólkuriðnaði og ný tækifæri skapast í heilbrigðri samkeppni.

Það þarf að ganga frá því að Mjólkursamsalan verði ekki undanþegin samkeppnislögum. Það er mjög skrítið að MS með þessa sterku markaðsstöðu og innflutningsvernd skuli ofurverðleggja undanrennu- og nýmjólkurduft til iðnfyrirtækja hér á landi eins og sælgætisframleiðenda sem eru að reyna að hasla sér völl erlendis. Við ættum að búa til störf hér heima og efla íslenska framleiðslu." ■

> Mjólkin hækkaði mikið árið 2009 en á sama tíma var Kaupfélag Skagfirðinga að reyna að kaupa fyrirtækið. Það var sótt að okkur úr tveimur áttum.

„Málið tók mikið á mig og alla mína fjölskyldu," segir Ólafur, sem neyddist til að selja fyrirtæki sitt, Mjólku, á sínum tíma.

MYND/AÐSEND

Samkeppni er drifkraftur nýsköpunar

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, fylgdist með máli Mjólku gegn Mjólkursamsölunni á sínum tíma en Mjólkurbúið Kú, sem var arftaki Mjólku, var félagsmaður í FA á tímabili.

Félag atvinnurekenda hefur beitt sér fyrir því að samkeppnislög gildi um alla geira atvinnulífsins, án undantekninga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Við létum okkur málið varða og studdum á þessum tíma með ýmsum hætti við viðleitni Kú til að veita Mjólkursamsölunni samkeppni og opna markaðinn," segir hann.

Ólafur telur engan vafa leika á því að niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um samkeppnisbrot Mjólkursamsölunnar árið 2014 hafi vakið athygli á þeirri mjög svo óheilbrigðu stöðu sem fyrirtækið hafði á íslenskum mjólkurmarkaði og ýtti á það að gera breytingar á viðskiptaháttum sínum. „Haustið 2014 lýsti MS því þannig yfir að framvegis myndi fyrirtækið selja öllum hrámjólk á sama verði. Ári síðar hafði fyrirtækið frumkvæði að því að lækka verðið á hrámjólk, með það að yfirlýstu markmiði að ýta undir nýsköpun í mjólkuriðnaðinum. Það var sömuleiðis jákvætt skref. Dómur Hæstaréttar staðfesti með mjög skýrum og eindregnum hætti að MS er ekki heimilt að misbeita markaðsráðandi stöðu sinni. Hins vegar vantar enn mikið upp á að eðlilegt samkeppnisumhverfi ríki í mjólkuriðnaði á Íslandi," bendir Ólafur á.

Mun þessi dómur Hæstaréttar skipta máli fyrir bændur og neytendur?

„Við getum sagt að hann dragi ákveðna línu að því leyti að MS getur ekki tekið upp fyrri hætti varðandi verðlagningu á hrámjólk og að mismuna framleiðendum mjólkurvara, sem ekki eru í eignatengslum við MS. En hann raskar ekki í grundvallaratriðum óheilbrigðu samkeppnisumhverfi á mjólkurmarkaðnum. Bændur hafa til dæmis ekki raunverulegt val um það hverjum þeir selja mjólkina sína," segir Ólafur en FA hefur beitt sér fyrir því að samkeppnislög gildi um alla geira atvinnulífsins, án undantekninga. „Hagsmunaaðilar í landbúnaði knýja nú mjög á um að stjórnvöld útvíkki undanþágur frá samkeppnislögum, þannig að þær gildi jafnframt fyrir kjötafurðastöðvar, en við teljum að fyrirtæki í þeim geira eigi að lúta eftirliti samkeppnisyfirvalda eins og öll önnur. Núgildandi samkeppnislög veita þeim heimild til samruna og samstarfs að uppfylltum skilyrðum á borð við þau að neytendur njóti góðs af ávinningnum. Ef menn treysta sér ekki til að starfa innan slíks ramma er tilgangurinn alveg áreiðanlega ekki að skila neytendum því sem þeim ber."

> **Dómur Hæstaréttar staðfesti með mjög skýrum og eindregnum hætti að MS er ekki heimilt að misbeita markaðsráðandi stöðu sinni.**
>
> Ólafur Stephensen

Eru einhver atriði sem þú vildir að yrðu færð til betri vegar til að auðvelda samkeppni í mjólkuriðnaði hér á landi?

„Við höfum lagt áherslu á þrennt. Í fyrsta lagi þarf að afnema undanþágu mjólkuriðnaðarins frá samkeppnislögum. Í öðru lagi ætti MS að selja frá sér framleiðslueiningar til að ýta undir raunverulega samkeppni. Í þriðja lagi þurfa tollar á mjólkurafurðir að vera með þeim hætti að þeir ýti undir samkeppni. Við höfum undanfarið vakið athygli á því að annars vegar einokunarstaða MS og hins vegar gífurlega háir tollar á mjólkur- og undanrennudufti leiða af sér að innlendir matvælaframleiðendur, sem þurfa að nota mjólkurduft í framleiðslu sína, eru í raun þvingaðir til að skipta við eitt fyrirtæki, MS. Um leið selur Mjólkursamsalan erlendum keppinautum þessara fyrirtækja duftið á helmingi lægra verði. Þannig er fyrirtækjum enn á ný mismunað og samkeppnisstaða innlends matvælaiðnaðar skömmduð, allt til að vernda þetta eina fyrirtæki fyrir heilbrigðri samkeppni. Svona mál eru með ýmsum hætti í nágrannalöndum okkar en jafnvíðtækar undanþágur frá samkeppnisreglum og mjólkuriðnaðurinn nýtur hér þekkjast ekki. Tollar eru líka hvergi í OECD hærri en á Íslandi."

Margir eru á þeirri skoðun að einokunarstaða MS í mjólkuriðnaði geti komið í veg fyrir öfluga nýsköpun í greininni. Ólafur er sammála því. „Samkeppnin er alltaf drifkraftur nýsköpunar. Það þarf bæði að efla samkeppnina innanlands og greiða leið innfluttra afurða að íslenskum markaði til að hvetja menn til að gera betur, í þessari grein eins og öðrum." ■

Við í Örnu fögnum aukinni samkeppni

Hálfdán Óskarsson, framkvæmdastjóri mjólkurframleiðslunnar Örnu í Bolungarvík, segir að þau hjá Örnu fagni aukinni samkeppni í íslenskum mjólkuriðnaði.

Hálfdán Óskarsson segir samkeppni efla mann í að gera betur. MYND/AÐSEND

„Það hefur lengi nánast bara verið Mjólkursamsalan á þessum markaði en við höfum lengi verið stærsti aðilinn á markaði fyrir utan hana. En við fögnum aukinni samkeppni hvaðan sem hún kemur, samkeppni eflir mann bara í að gera betur," segir hann.

Aðspurður hvaða áhrif barátta Mjólku hefur haft á samkeppnisumhverfið í mjólkuriðnaði og á Örnu segir Hálfdán að barátta Mjólku hafi í raun ekki haft mikil áhrif á þau.

„Við erum stofnuð árið 2013 og þá var Mjólka hætt starfsemi. Þessi kærumál gerðust fyrir þann tíma. Þegar við byrjuðum á markaði var annað fyrirkomulag í gangi en áður. Við kaupum mjólkina beint af Auðhumlu en ekki af Mjólkursamsölunni. En svo fellur dómur árið 2018 eða 19 þar sem er staðfest að Mjólkursamsalan þurfi að starfa undir samkeppnislögum eins og allir aðrir. Sá dómur er auðvitað mjög góður fyrir okkur," segir hann.

> **Við fögnum aukinni samkeppni hvaðan sem hún kemur.**
>
> Hálfdán Óskarsson

„Eins og það lítur út gagnvart okkur þá erum við bara í samkeppni við Mjólkursamsöluna og aðra sem eru á mjólkurmarkaði og einbeitum okkur að því sem við erum að gera," segir Hálfdán þegar hann er spurður hvort það séu einhver atriði sem hann vildi að yrðu færð til betri vegar til að auðvelda samkeppni á mjólkurmarkaði.

„Á meðan Mjólkursamsalan kemst ekki upp með að nýta sér yfirburði, þeir eru náttúrlega markaðsráðandi fyrirtæki á markaðnum, þá bara störfum við í þessu samkeppnisumhverfi eins og það er hverju sinni." ■

Mjólka hafði varanleg og góð áhrif

Vörurnar frá Mjólku höfðu mikil áhrif á neytendamarkað á sínum tíma og neytendur tóku þeim mjög vel enda á mun lægra verði en sambærilegar vörur.

Innkoma Mjólku á neytendamarkað á sínum tíma hafði frábær áhrif fyrir Bónus og neytendur almennt sem kunnu svo sannarlega að meta þennan nýja valkost sem auk þess bauð miklu lægra verð en hafði boðist áður á sambærilegum vörum frá MS, segir Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss. „Aðdragandinn að viðskiptum Bónuss og Mjólku var nokkuð langur og ferlið tók talsverðan tíma. Fyrsta varan leit dagsins ljós árið 2005 en það var Bónus fetinn. Sú vara fékk frábærar viðtökur enda tugum prósenta ódýrari en sambærileg vara frá MS. Neytendur kunnu svo sannarlega að meta annan valkost og ekki skemmdi það gleðina að varan var miklu ódýrari en sú sem var til fyrir í verslunum hér á landi.“

Vinsælar vörur

Næsta Bónus-vara datt af færibandinu árið 2007 en það var Bónus sýrður rjómi. „Þá var sama upp á teningnum og með fetann en sýrði rjóminn fékk fljúgandi start enda frábær vara á miklu lægra verði en sambærileg vara frá MS.“

Seinni hluta árs 2007 kom svo Bónus rjóminn í verslanir. „Hann var sú vara sem við höfðum beðið hvað lengst eftir. Eins og hinar fékk hún fljúgandi start og svo mikil var salan að Mjólka hafði ekki undan að pakka.“

Hann rifjar upp að þegar MS hafi frétt af komu Bónus rjómans hafi fyrirtækið sett sinn eigin rjóma í verslanir á 20% afslætti en það var í fyrsta skipti sem sú vara var boðin á tilboði. „Það sama má segja um fetann og sýrða rjómann. Það er því óhætt að segja að innkoma Mjólku á markaðinn hafi hleypt miklu lífi í mjólkurmarkaðinn sem hafði verið alger einstefnumarkaður fram að þeim tíma.“

> **Neytendur kunnu svo sannarlega að meta annan valkost og ekki skemmdi það gleðina að varan var miklu ódýrari en sú sem var til fyrir í verslunum hér á landi.**
>
> Guðmundur Marteinsson

Áskoranir fram undan

Þótt rekstur Mjólku hafi liðið undir lok héldu jákvæðar breytingar og nýjungar áfram á íslenskum mjólkurmarkaði, segir Guðmundur. „Ný fyrirtæki eins og Arna og Bio bú hafa haslað sér völl síðan Mjólka leið undir lok enda ljóst að neytendur kunna vel að meta aðra valkosti en einungis vörur frá MS.“

Hann segir einn af ókostum MS vera að það vanti allan hvata í kerfið hjá þeim. „Það má segja að fyrirtækið refsi neytendum sem kaupi meira, það er, það er nánast sama kíló- og lítraverð á öllum þeirra vörum, hvort sem keypt eru stór eða lítil stykki. Auk þess er ein af stóru áskorununum sem mjólkuriðnaðurinn stendur frammi fyrir að í dag er að vaxa úr grasi kynslóð sem leggur sér ekki dýraafurðir til munns og mér sýnist sá hópur stækka hratt. Einnig hefur hóflegur innflutningur á erlendum mjólkurvörum eins og ostum klárlega hrist upp í markaðnum en því miður sýnist mér stjórnvöld vera að gera þann innflutning erfiðari með breytingum á tollkvótum, neytendum í óhag.“ ■

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir innkomu Mjólku á neytendamarkað á sínum tíma hafa haft frábær áhrif fyrir Bónus og neytendur almennt í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heilbrigð samkeppni skiptir máli

Þótt innkoma Mjólku hafi haft marktæk áhrif á sínum tíma er hægt að gera enn betur þegar kemur að auknu frelsi innan mjólkuriðnaðarins.

Neytendasamtökin fagna allri samkeppni, en samkeppni er hvati nýsköpunar og skilvirkni og leiðir til fjölbreytni og nýrri og betri vara á lægra verði, segir Breki Karlsson, formaður stjórnar Neytendasamtakanna. „Samtökin bentu á í umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum árið 2010 að þegar Mjólka hóf starfsemi sína í samkeppni við MS var það einmitt að mestu gert með kaupum á mjólk sem var umfram greiðslumark. Þar kom einnig fram að neytendur nytu góðs af innkomu Mjólku á markaðinn, greiðslur til bænda hefðu hækkað og vörur sem Mjólka framleiddi hafi lækkað í verði til neytenda,“ segir Breki þegar hann er spurður um helstu áhrif sem innkoma Mjólku hafði á samkeppnisumhverfið á sínum tíma.

Hægt að gera betur

Þótt innkoma Mjólku hafi haft marktæk áhrif á sínum tíma er hægt að gera enn betur. „Neytendasamtökin hafa í gegnum tíðina talið brýnt að auka frelsi innan mjólkuriðnaðarins og losa hann úr viðjum tolla og einokunar. Það væri hægt með því að afnema undanþágur mjólkuriðnaðarins frá samkeppnislögum og ryðja úr vegi hindrunum gegn samkeppni á mjólkurmarkaði í búvörulögunum. Þá væri stjórnvöldum í lófa lagið að afnema tolla á innflutningi mjólkurvara en þannig hamlandi verndarstefna bitnar illa á neytendum.“

„Neytendasamtökin hafa í gegnum tíðina talið brýnt að auka frelsi innan mjólkuriðnaðarins og losa hann úr viðjum tolla og einokunar,“ segir Breki Karlsson, formaður stjórnar Neytendasamtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lægra verð og aukið framboð

Breki leggur áherslu á að heilbrigð samkeppni skipti miklu máli fyrir smásöluverslun hér á landi og enn frekar neytendur. „Um þýðingu virkrar samkeppni hafa verið skrifaðar margar lærðar greinar. Samkeppni hefur meðal annars áhrif á framleiðni, nýsköpun og hagvöxt en einnig á þætti eins og fæðuöryggi, ójöfnuð og velferð neytenda. Það gerir hún meðal annars með því að stuðla að því að neytendur fái vörur og þjónustu á sem lægstu verði, með auknu vöruframboði, betri þjónustu, minni sóun, nýsköpun og svo framvegis. Þess vegna er svo mikilvægt fyrir neytendur að virk samkeppni ríki á sem flestum sviðum.“

Öflugt eftirlit nauðsynlegt

Breki segist harma alvarleg brot Mjólkursamsölunnar á samkeppnislögum sem Samkeppniseftirlitið afhjúpaði og Hæstiréttur staðfesti fyrr á þessu ári. „Málið sýndi enn á ný að íslenskur neytendamarkaður þarfnast öflugs og virks samkeppniseftirlits. Ég bendi þó á að sektargreiðslur sem ganga til ríkisins gagnast hvorki heiðarlegum fyrirtækjum í samkeppni við lögbrjóta, né þeim sem verða á endanum fyrir brotunum, það er að segja neytendum. Neytendur bera skarðan hlut frá borði.“

> **Um þýðingu virkrar samkeppni hafa verið skrifaðar margar lærðar greinar.**
>
> Breki Karlsson

Hann segir að ef tilskipun 2014/104/ESB hefði verið innleidd eða sambærileg lög sett, væri auðveldara fyrir brotaþola að sækja skaðabætur. „Í lögum sem auðvelduðu neytendum að sækja bætur ef fyrirtæki brjóta samkeppnislög fælust þannig mikill fælingarmáttur. Neytendur treysta nefnilega á virka samkeppni og tilraunir til að koma í veg fyrir eðlilega samkeppni er aðför að neytendum.“ ■

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir heilbrigða samkeppni skipta öllu máli fyrir neytendur, því hún stuðlar að hagstæðara verði, betri vörum og þjónustu auk þess að fjölga valkostum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Innkoma Mjólku til hagsbóta fyrir bæði bændur og neytendur

Rannsóknir Samkeppniseftirlitsins hafa sýnt að með innkomu Mjólku jókst samkeppnislegt aðhald gagnvart stærri keppinautum hér á landi. Niðurstaða Hæstaréttar í mars skapar minni keppinautum á markaðnum talsverða vörn og kemur um leið bændum og neytendum til góða.

Rannsóknir Samkeppniseftirlitsins hafa sýnt að með innkomu Mjólku jókst samkeppnislegt aðhald gagnvart stærri keppinautum á borð við Mjólkursamsöluna og KS. Gögn sýndu til dæmis að eftir að Mjólka hóf að kaupa mjólk af bændum hækkaði afurðaverð til þeirra, segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins. „Með nýjum keppinaut fjölgaði einnig valkostum neytenda, veitingastaða og fleiri aðila og grundvöllur verðsamkeppni styrktist. Innkoma Mjólku var þannig til hagsbóta fyrir bæði bændur og neytendur.“

Mikið svigrúm til staðar

Þrátt fyrir að margt gott hafi áunnist síðan er enn mikið svigrúm fyrir aukna samkeppni, segir Páll. „Staðan á þessum markaði er sú að samkvæmt búvörulögum er mjólkurafurðastöðvum heimilt að hafa með sér tiltekið samráð sem er stranglega bannað á öðrum mörkuðum og jafnvel refsivert. Sömuleiðis geta mjólkurafurðastöðvar sameinast án þess að Samkeppniseftirlitið geti gripið inn í á grundvelli almannahagsmuna.“

Ítrekað bent á hættur

Hann segir slíkar sérreglur ganga lengra en þekkist í löndunum í kringum okkur og feli í sér að samkeppnislög veita neytendum, bændum og keppinautum ekki þá vernd sem almennt er talin nauðsynleg. „Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað bent á hætturnar sem þessu fylgja og mælst til þess að þessar sérreglur verði endurskoðaðar. Það má í þessu sambandi nefna álit sem Samkeppniseftirlitið beindi til landbúnaðarráðherra í lok árs 2009 (nr. 1/2009), í tilefni af kaupum Kaupfélags Skagfirðinga á Mjólku. Þar er mælst til þess að þessar sérreglur verði afnumdar.“ Hins vegar komi sérreglur til samstarfs bænda til álita, að evrópskri og norskri fyrirmynd.

Jákvæðni í garð landbúnaðar

Páll segir heilbrigða samkeppni skipta öllu máli fyrir neytendur, því hún stuðlar að hagstæðara verði, betri vörum og þjónustu auk þess að fjölga valkostum. „Þetta á við á nær öllum sviðum atvinnulífsins, þar á meðal við vinnslu og sölu á landbúnaðarvörum. Smásöluverslunin sjálf er þar ekki undanskilin og þar þarf klárlega að ríkja virk samkeppni.“

Hann segir að áhugi neytenda á íslenskum landbúnaði og samkeppni komi glöggt í ljós í niðurstöðum könnunar sem Samkeppniseftirlitið lét framkvæma í tengslum við rannsókn á samruna Norðlenska og Kjarnafæðis sem lauk fyrr á þessu ári. „Könnunin leiddi í ljós talsverðar áhyggjur neytenda af stöðu samkeppninnar á þessu sviði, en um leið sýndu niðurstöðurnar mikla jákvæðni í garð íslensks landbúnaðar. Þannig kom fram að við val neytenda skiptir miklu máli að afurðir séu íslenskar, auk þess sem gæði og verð spilar stórt hlutverk. Könnunin sýndi einnig að neytendur hafa talsverðan áhuga á beinum tengslum við bændur og vilja margir hverjir kaupa beint frá býli.“

Bændur vilja samkeppni

Samkeppniseftirlitið lét líka framkvæma kannanir á afstöðu bænda í tengslum við rannsókn samrunans segir Páll. „Niðurstöður þeirra sýndu að bændur telja sig hafa mikla hagsmuni af virkri samkeppni. Samkeppni er þannig íslenskum landbúnaði til framdráttar. Hún hvetur innlenda framleiðendur til að gera enn betur sem aftur leiðir til þess að neytendur kaupa meira af íslenskum matvælum. Sökum þessa reyna nágrannaþjóðir okkar að gæta þess að samkeppni ríki milli til dæmis afurðastöðva í landbúnaði. Ella er talin hætta á stöðnun sem skaðar matvælaframleiðsluna.“

> Þessi niðurstaða Hæstaréttar skapar því minni keppinautum á markaðnum talsverða vörn og kemur um leið bændum og neytendum til góða.

Dómur Hæstaréttar mikilvægur

Dómur Hæstaréttar í mars á þessu ári hefur mikla þýðingu fyrir starfsumhverfi í framleiðslu mjólkurafurða hér á landi að sögn Páls og styrkir stöðu minni keppinauta, bænda og neytenda. „Mestu áhrifin felast eflaust í því að með dóminum er staðfest að undanþágur frá almennum samkeppnisreglum sem löggjafinn veitti mjólkurafurðastöðvum draga ekki úr skyldu Mjólkursamsölunnar til þess að virða bann samkeppnislaga við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Dómurinn féllst þar með ekki á þær varnir MS í málinu, að heimildir mjólkurafurðastöðva til samstarfs hefðu gefið þeim rúmt svigrúm til verðmismununar gagnvart minni keppinautum.“

Röskuð samkeppnisstaða

Hann segir að í dómi sínum hafi Hæstiréttur tekið fram að brot MS hefðu verið „sérlega alvarleg“, staðið lengi og augljóslega mjög til þess fallin að raska samkeppnisstöðu. „Þá sagði Hæstiréttur að brot MS hefðu lotið að mikilvægri neysluvöru og snert á þann hátt almenning í landinu. Skilaboðin eru þau að markaðsráðandi fyrirtækjum er með öllu óheimilt að grípa til aðgerða sem ætlað er að koma í veg fyrir að smáir keppinautar geti náð fótfestu á viðkomandi markaði. Ella er unnið gegn meðal annars nýsköpun, atvinnutækifærum og hag neytenda. Þessi niðurstaða Hæstaréttar skapar því minni keppinautum á markaðnum talsverða vörn og kemur um leið bændum og neytendum til góða.“

Dómurinn frábrugðinn öðrum

Páll segir dóminn vera frábrugðinn mörgum öðrum dómum á þessu sviði, að því leyti að á meðal þess sem hann fjallar um er samspil samkeppnislaga annars vegar og sérlaga hins vegar, það er búvörulaga sem víkja frá samkeppnislögum. „Dómurinn felur einnig í sér mikilvægt fordæmi um afleiðingar þess að leyna Samkeppniseftirlitinu gögnum. Þannig staðfesti Hæstiréttur að MS hefði af ásetningi leynt Samkeppniseftirlitinu gagni sem félaginu hefði mátt vera ljóst að hefði grundvallarþýðingu fyrir rannsókn málsins.“

Dómurinn taki einnig fram að með þessu hafi MS flækt rannsókn eftirlitsins og orðið til þess að fyrri ákvörðun eftirlitsins ónýttist. „Rétturinn staðfesti stjórnvaldssekt vegna þessa og tók fram að stöðu sinnar vegna hefði félagið borið sérlega ríkar skyldur til að upplýsa um grundvöll viðskiptakjaranna sem voru til umfjöllunar. Vonandi leiðir dómur Hæstaréttar að þessu leyti til þess að upplýsingagjöf fyrirtækja til Samkeppniseftirlitsins verði almennt skilvirkari og áreiðanlegri sem er til þess fallið að hraða rannsóknum eftirlitsins.“ ■

Pláss fyrir samkeppni í ostagerð

Þorgrímur á Erpsstöðum framleiðir rjómaís, skyr og osta úr eigin mjólk. Hann segir að aukin samkeppni á mjólkurmarkaði sé jákvæð, en að það sé mismikið pláss fyrir hana í ólíkum vöruflokkum.

Þorgrímur Einar Guðbjartsson, bóndi á Erpsstöðum, byrjaði að framleiða rjómaís á Erpsstöðum árið 2009 og síðan þá hefur smám saman bæst við framleiðsluna.

„Á árunum 2007–2008 byggðum við nýtt fjós og samhliða því ákváðum við að fara út í matvælatengda ferðaþjónustu. Ég er lærður mjólkurfræðingur, þannig að það lá beinast við að fara í mjólkina," segir Þorgrímur. „Við litum á þetta sem tækifæri til að hafa ekki öll eggin okkar í sömu körfu.

Við höfðum verið að taka á móti hópum á sumrin og þá lét Mjólkursamsalan í Búðardal okkur í té osta þannig að við gætum leyft fólki að smakka og frætt það um íslenskan landbúnað og búskaparhætti á íslensku landsbyggðinni," segir Þorgrímur. „Það voru allir mjög ánægðir með að komast í færi við „venjulegan" Íslending og ná betri tengslum við landann og það gerði það að verkum að við ákváðum að gera meira úr þessu."

Handverksvörur í litlu magni

„Upphaflega hugmyndin var bara að vera með ísbúð og taka á móti fólki. Við getum sagt frá starfseminni okkar og landbúnaðarháttum á Íslandi og farið gegnum söguna, en Dalirnir eru söguríkt hérað," segir Þorgrímur. „En ef þú gerir ís úr rjóma verður mikið af undanrennu eftir þannig að við fórum að gera skyr úr henni og vorum því byrjuð að bjóða upp á rjómaís, skyr og rjóma. Þá fór fólk að biðja um osta, en ég hafði gert þá af og til að gamni mínu, svo við fórum að fikra okkur inn í þá veröld og í dag gerum við allt að tólf mismunandi osta hvert sumar.

Við framleiðum úr okkar eigin mjólk, sem þýðir að við notum hrámjólk, tökum hana til eigin vinnslu og gerilsneyðum. Fyrir vikið erum við skilgreind sem afurðastöð," segir Þorgrímur. „Við framleiðum um það bil 500 þúsund lítra á ári og af þeim fara um 400 þúsund lítrar til MS, um 80 þúsund í kálfa og 20 þúsund í framleiðsluna okkar. Mjólkin sem við notum er innan greiðslumarks og ekki umframmjólk, en hana ber að flytja út, nema mjólkurskortur sé yfirvofandi, þá fær iðnaðurinn undanþágu til að afsetja þá mjólk á innanlandsmarkaði.

Við erum lítið fyrirtæki og 90 prósent af okkar vörum eru keypt á býlinu hjá okkur. Ég hef alltaf horft á þetta fyrst og fremst sem kynningu á íslenskum landbúnaðarafurðum. Allar okkur vörur eru handverksvörur sem eru gerðar í litlum mæli og við höfum ekki selt til verslana eða framleitt í neinu magni," segir Þorgrímur. „Þú getur ekki keypt sama ostinn fjórum sinnum hjá okkur, þetta er svo breytilegt. Það er lítið framleitt í einu og það þarf lítið til að breyta vörunni."

Þorgrímur hefur verið að þróa framleiðsluna, meðal annars með því að gera sérstaka osta og eru þeir allt að tólf af mismunandi gerðum. MYND/AÐSEND

> **Þegar ís er gerður úr rjóma verður mikið af undanrennu eftir svo við fórum að gera skyr úr henni og vorum því byrjuð að bjóða upp á rjómaís, skyr og rjóma.**
>
> Þorgrímur Einar Guðbjartsson

Mismikið pláss fyrir samkeppni

„Ég held að sú niðurstaða Hæstaréttar að MS hafi brotið samkeppnislög muni skerpa á öllum reglum varðandi samskipti aðila á markaðnum, sem er jákvætt. Ég held að þetta hafi samt ekki í för með sér neina tímamótabreytingu," segir Þorgrímur. „En það er hið besta mál að allir ferlar séu settir í skýran farveg og að allar reglur séu skýrar.

Það er engin spurning að aukin samkeppni á mjólkurmarkaði sé góð, en ég held að það sé ekki endilega pláss fyrir hana í öllum vöruflokkum," segir Þorgrímur.

„Ég hef enga trú á því að við sjáum fyrirtæki koma inn á markaðinn með sömu breidd eða vöru eins og MS. Uppbygging á svona rekstri er dýr og því er erfitt að vera með breiða flóru. Ég held að það verði frekar í sérhæfingu sem við sjáum samkeppni, eins og til dæmis hjá Örnu, sem sérhæfir sig í laktósafríum mjólkurvörum og er með breitt vöruúrval. Það er enginn að fara að framleiða drykkjarmjólk í samkeppni við MS. En það er vel til fundið að fara út í eftirréttagerð, ostagerð, vinna meira með skyrið og annað slíkt."

Lítið úrval af íslenskum ostum

„Ég held að það sé örugglega pláss fyrir samkeppni í alls kyns ostum. Það er til dæmis stór hópur námsmanna og annarra sem flytja utan í lengri eða skemmri tíma til að sækja menntun og vinnu og fer til ostalanda eins og Danmerkur, Frakklands, Hollands og Þýskalands, þar sem er mikil breidd í þessum vöruflokki. Svo koma þau heim og sjá að við erum mjög fátæk þegar kemur að úrvali af íslenskum ostum," segir Þorgrímur.

„Það er vissulega til mikið af fetaosti og margar tegundir af hvítmygluostum, en það er ekki mikið af bragðmiklum ostum eins og til dæmis port salut, tilsiter og tête de Moine, að maður tali nú ekki um gruére, racletteé eða parmesan.

Þessir ostar taka lengri tíma og eru því mun dýrari í framleiðslu. Fetaost geturðu búið til og borðað strax daginn eftir, en þessir ostar sem ég nefndi geta tekið frá 3–18 mánuði að ná réttum þroska fyrir markað. Það er dýrt að leigja húsnæði og borga rafmagn og laun og markaðurinn á Íslandi er lítill og því hefur enginn ráðist í þetta enn sem komið er," segir Þorgrímur. „Við höfum samt aðeins fært okkur inn á þetta svið með okkar ostaframleiðslu og gert tilraunir með að framleiða sérosta sem þú færð erlendis en eru ekki til í íslenskri útgáfu." ■

Brautryðjendur í heimagerðum geitaosti

Á Brúnastöðum í Fljótum búa hjónin Stefanía Hjördís Leifsdóttir og Jóhannes Helgi Ríkharðsson til osta úr geita- og sauðamjólk. Þau hófu framleiðslu fyrir ári og afurðirnar hafa hlotið góðar móttökur.

Framleiðsla þessa árs er að detta inn á markað núna á næstu dögum að sögn Stefaníu, en það sem þau framleiddu í fyrrahaust seldist fljótt upp.

„Við byrjuðum að mjólka geitur í fyrrasumar og höfum komið okkur upp á síðustu misserum vottaðri vinnslu til ostagerðar. Við byrjuðum að gera osta í fyrrahaust sem seldust upp og byrjuðum svo aftur í sumar," segir hún.

Stefanía segir þau hjónin ekki vera þau fyrstu á Íslandi til að búa til geita- eða sauðaost en þau eru þau fyrstu sem búa þá til sjálf heima á býlinu.

„Við hefðum aldrei farið í þessa vegferð nema vera með mjólkurfræðing með okkur í liði. hann heitir Guðni Hannes Guðmundsson og er mjólkurfræðingur á Akureyri. Hann kemur hér og hannar ostana og hjálpar okkur að gera þá. Hann gerir þetta í lotum og við frystum mjólkina inn á milli. Hann gerir osta úr nokkur hundruð lítrum í einu," útskýrir Stefanía.

Ostunum frá Brúnastöðum hefur verið vel tekið.

Stefanía er bjartsýn á framtíðina í ostagerð. MYNDIR/AÐSENDAR

Meirihluti ostanna frá Brúnastöðum er úr geitamjólk en hjónin eru með á milli 50 og 60 mjólkandi geitur og 20 ær.

„Það er ekki mikið magn af mjólk sem kemur úr hverri skepnu þannig að þetta eru ekki nema 700 millilítrar á dag og 10% af því verður ostur. Þannig að þetta er mikil vinna við lítið magn og verðið verður að fara eftir því. En þetta er skemmtilegt því það er enginn að gera þetta heima á býlinu. Við erum brautryðjendur í því," segir Stefanía.

Ostunum vel tekið

Hún segir að ostunum þeirra hafi verið afar vel tekið en nýlega opnuðu þau litla sveitabúð á býlinu.

„Þar er hægt að kaupa þessar afurðir okkar. Fólk hefur verið duglegt að koma í búðina síðan hún var opnuð. En við höfum líka selt afurðirnar í sérvöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu. Í haust munu þær svo fara víðar," segi hún.

Brúnastaðir framleiða nokkrar tegundir af ostum. Salatost, hvítmygluost, parmesan, havarti og blámygluost. Stefanía segir geitamjólkina vera mjög milda svo bragðið af ostunum sé mjög milt.

„Mjólkin er afar góð. Hún hefur komið mjög vel út í öllum mælingum. Geiturnar eru náttúrlega ekkert svo margar og ganga um á alveg frábæru landi, það setur mark sitt á gæði mjólkurinnar," segir Stefanía.

„Sauðaostinum hefur líka verið tekið alveg frábærlega vel, hann heppnaðist einstaklega vel. Sauðamjólkin er auðlind sem væri vert að nýta miklu meira, hún er svo ótrúlega vel fallin til ostagerðar. Það verður miklu minni mysa sem kemur af mjólkinni til ostagerðar heldur en af geitamjólk og kúamjólk. Sauðamjólk er mjög spennandi hráefni til að vinna með."

Stefanía segir að ostaframleiðslan þeirra lofi afar góðu og stefnan er að auka við framleiðsluna og fjölga geitum og kindum til mjólkunar.

„Við erum afar bjartsýn með þetta allt saman." ■

Sigurður Óli Ólason er með um áttatíu kýr á Lambastöðum á Mýrum.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Mjólkurbændur – þrælar einokunar

Sigurður Óli Ólasson er kúabóndi að Lambastöðum á Mýrunum í Borgarfirði. Þar er hann að vinna með þrjár jarðir og um 80 kýr. Um stöðu mjólkuriðnaðarins á Íslandi hefur hann ýmislegt að segja.

Sigurður segir það hafa legið beint við að fara út í landbúnað, enda hafi faðir hans verið bóndi. „Pabbi sendi mig í Bændaskólann þegar ég var ungur og kynntist ég þar konunni minni. Við höfum verið að vinna í búskap í rúmlega þrjátíu ár, en tókum við núverandi jörðum 1997," segir Sigurður.

Ómögulegt reikningsdæmi

Rekstrarumhverfið á Íslandi segir Sigurður síður en svo vænlegt gagnvart bændastéttinni. „Það er sífellt verið að þjarma að okkur með auknum útgjöldum, lægra vöruverði og auknum kröfum."

Sigurður er alla jafna með nokkra starfskrafta á bænum í vinnu við að gera það sem þarf. „Við erum með 80 kýr, sem er rétt um tvöfalt stærra en meðalbú á Íslandi. Það er misjafnt hvað við erum með marga starfsmenn hjá okkur hverju sinni. Stundum hafa verið allt að þrír hjá okkur en við prófuðum núna frá áramótum að vera bara ein. Maður er alltaf að reyna að þróa reksturinn áfram þannig að það þurfi ekki starfsfólk, því launakostnaður er mjög hár. Okkur þykir ekkert að því að borga mannsæmandi laun, en miðað við það umhverfi sem okkur er boðið upp á er þetta eins og hálfgerð rányrkja á okkur bændur. Það er dýrt fyrir okkur að þurfa að borga 1/3 af launum venjulegs launamanns til ríkis, stéttarfélaga og fleira.

Sigurður segir vera margar ástæður fyrir því að umhverfið sé bændum óhagstætt. „Ein er sú að verð á þeim vörum sem við erum að framleiða fer sífellt lækkandi. Verð á kjöti hefur lækkað gífurlega síðustu ár og sama gildir um verð á mjólk. Þá er sífellt meiri krafa á meiri framleiðslu, að framleiða fleiri lítra af mjólk og meira af kjöti, en alltaf fyrir sílækkandi verð. Á sama tíma eykst kostnaðurinn sífellt, allt frá auknum launakostnaði, auknum kröfum um aðbúnað dýra og annað sem þýðir meiri fjárfestingu í húsbúnaði, tækjum og framvegis. Þetta kostar allt peninga. Við erum sífellt að reyna að hagræða en á ákveðnum tímapunkti erum við einfaldlega með reikningsdæmi sem gengur ekki upp. Umhverfið hefur oft verið skemmtilegra í landbúnaðinum og það er erfitt að setja sífellt auknar kröfur á bændur og ætlast alltaf til þess að kostnaðurinn dragist frá launum okkar."

Hugleysi stjórnvalda

Sigurður ber stjórnvöldum ekki góða söguna. „Sannleikurinn er sá að stjórnvöld hafa ekkert gert til þess að hjálpa bændastéttinni. Þau hafa til dæmis ekki lækkað aðflutningstolla til þess að búa okkur undir erlenda samkeppni. Þarna eru Sjálfstæðismenn fremstir í flokki, en það er þekkt að þeir lögðu niður landbúnaðarráðuneytið. Í stjórn er einfaldlega heiladautt fólk sem hefur engan áhuga á landbúnaði."

Samkeppni er nauðsynleg

„Umhverfið er erfitt fyrir bændur og það á bara eftir að verða erfiðara þegar fram í sækir. Það sem ég vil er samkeppni í mjólkuriðnaðinum. Það er löngu búið að sanna það að hún er miklu betri en einokunin sem okkur mjólkurbændum er boðið upp á í dag. Mér þykir það til dæmis afar skrítið að Mjólkursamsalan sé enn í dag undanþegin samkeppnislögum. Ég skil hvað menn voru að reyna að gera þegar hún var stofnuð. Undanþágan átti að leyfa mjólkuriðnaðinum að sameinast í eitt afurðafyrirtæki sem átti að styrkja okkur gegn erlendri samkeppni. En menn gleymdu að hugsa um samkeppnina hérna heima. Kaupfélag Skagfirðinga hélt sig fyrir utan þetta en síðan þá hefur það nýtt sín tækifæri og aukið hlut sinn í MS eins og var fyrirséð að það myndi gera. Á ákveðnum tímapunkti hefði þurft að endurskoða þetta fyrirkomulag en það var aldrei gert. MS og Kaupfélag Skagfirðinga eru tvö fyrirtæki á markaðnum en samt virðist enginn fetta fingur út í að þau vinna augljóslega saman," segir Sigurður.

Sigurður situr hér fyrir á mynd ásamt Guðna forseta. MYND/AÐSEND

Sigurður Óli Ólason er kúabóndi að Lambastöðum á Mýrum. MYND/AÐSEND

Barátta í dvala

„Barátta Mjólku á samkeppnisumhverfið í mjólkuriðnaðinum hafði til skamms tíma gífurleg áhrif og var klárlega til hagsbóta fyrir bændur, þá mjólkurframleiðendur aðallega. En til lengri tíma litið sé ég ekki að hún hafi haft mikil áhrif.

Mjólka hefur ekki tekið við mjólk síðan 2008, en eftir það yfirtók MS aftur markaðinn. Þá sáu þeir enn fremur til þess að það yrði ekki nein samkeppni. Í dag legg ég inn til MS eins og allir kúabændur, nema þeir sem leggja inn til Kaupfélags Skagfirðinga. Markmið MS var allan tímann að hræða menn úr samkeppni, en það sést á framferði samsölunnar, annars hefðu þeir ekki farið fram með hótanir og fantaskap eins og þeir hafa gert.

Staða mjólkuriðnaðarins á Íslandi er sterk og ég sé ekki fram á að nokkur muni hætta sér í samkeppni við MS næstu árin. Þeir hafa því miður eyðilagt mikið fyrir þeim sem hafa einhvern áhuga á að vinna einhver alvöru verðmæti úr mjólkinni.

Þá er ég algerlega sammála niðurstöðu Hæstaréttar í mars í máli Mjólku gegn MS þar sem MS var gert að greiða 480.000.000 í skaðabætur. Ef menn kynna sér málsatvik þá er ég viss um að það séu allir sammála um réttmæti þessarar niðurstöðu. En ég sé ekki að þessi niðurstaða muni hafa mikil áhrif á stöðu bænda í iðnaðinum."

> **Við erum sífellt að reyna að hagræða en á ákveðnum tímapunkti erum við einfaldlega með reikningsdæmi sem gengur ekki upp.**

Breytinga er þörf

Að sögn Sigurðar er gífurlega margt sem þarf að breytast til þess að umhverfið verði vænlegt fyrir bændur. „Það þarf fyrst og fremst að breyta hugsunarhættinum og hætta að líta á landbúnaðarafurðir sem gull í eigu fárra útvaldra. Mjólkuriðnaðurinn á að vera hvetjandi fyrir bændur, ekki beita ofbeldi og þrýstingi.

Það sem ég myndi vilja sjá eru 2–3 stór og blómleg afurðavinnslufyrirtæki á mjólk í heilbrigðri samkeppni. Þessi fyrirtæki myndu senda mjólkurbændum tilboð á hverju ári varðandi hvað þau myndu vilja borga fyrir mjólkina sem þeir framleiða.

Ég myndi enn fremur vilja sjá markaðinn opnast fyrir einstaklingnum. Reglurnar í dag gera ráð fyrir að ég megi framleiða eigin vörur úr ekki meira en 15.000 lítrum af mjólk. Þessi lög stangast á við almenna skynsemi. Ég sem framleiðandi á ekki að þurfa að spyrja neinn um það hversu mikið ég vil framleiða af mínum vörum. Ég á að mega selja vörur mínar eins og mér hentar. Ef mér dettur í hug að stofna lítið samlag og setja 50% í mitt eigið samlag og 50% í MS eða annað samlag þá á ég að mega það.

Ég vona svo sannarlega að næsta kynslóð verði skynsamari þegar kemur að landbúnaðariðnaðinum og mikilvægi hans." ■

Bakslag í sérverslunum með osta

María Rebekka Ólafsdóttir og Þórarinn Þórhallsson stofnuðu Ostahúsið í Hafnarfirði árið 1992. Þau voru brautryðjendur í einkarekinni sérverslun með osta hér á landi. Þau seldu fyrirtækið 2006 eftir fjórtán ára starf.

Það virðist vera erfitt að reka sérverslun með osta hér á landi. Margir telja að kvótar á útlendum ostum og háum opinberum gjöldum sé meðal annars um að kenna. Bæði Ostabúðin á Skólavörðustíg og Búrið, sem voru vinsælar sælkeraverslanir, hafa lagt upp laupana.

Þegar Þórarinn, sem er mjólkurfræðingur, og María opnuðu Ostahúsið á sínum tíma keyptu þau hreinan rjómaost hjá Osta- og smjörsölunni og unnu með hráefnið á margvíslegan hátt sem viðskiptavinir fögnuðu. Þau höfðu búið í Danmörku í nokkur ár þar sem þau kynntust sérverslunum með osta og fannst þær spennandi. „Þórarinn starfaði við ostagerð í Danmörku og það var draumur okkar að opna eigin sérverslun með osta og tengdar vörur, enda vantaði slíkar verslanir hér á landi," útskýrir María. „Fljótlega eftir að við opnuðum fóru viðskiptavinir að spyrja um nýjungar, það var eins og fólk þyrsti í að fá eitthvað nýtt og spennandi. Þórarinn fór því mjög fljótlega að framleiða eigin osta en á þessum árum var ekki leyfður innflutningur á ostum. Við keyptum til að byrja með rjómaost hjá Osta- og smjörsölunni og unnum með hann eins og áður segir. Enn fremur framleiddum við kryddaða brieosta, deserta og ostakökur.

Öflug vöruþróun

Viðskiptavinir höfðu áhrif, þar sem við fórum oft í vöruþróun eftir því sem þeir óskuðu, sem var mjög vel tekið. Núna, 29 árum síðar, eru tveir af þeim ostum enn í sölu, ostarúlla með blönduðum pipar og brie með hvítlauksrönd. Ein tegund af eftirréttunum okkar er sömuleiðis enn á markaðnum en það er tiramisu. Við vorum alltaf að

María Rebekka telur að það hafi orðið bakslag í sérverslunum með osta hér á landi. Sumir vilja meina að of háir tollar og kvótar á innfluttan ost hafi þar áhrif. Margir sakna litlu ostabúðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

þróa nýjar vörur og skipta út eftir því sem hentaði," segir María.

Hún segir mikinn þrýsting hafa komið frá viðskiptavinum um að þau myndu selja vörur sínar í matvöruverslunum. „Fólki fannst vesen að koma í sérbúð til að kaupa osta. Ári eftir að við opnuðum Ostahúsið fórum við að dreifa í verslanir og koma þannig til móts við þessa beiðni. Ég held að við höfum verið á undan með svona sérverslun, það komu svo nokkrar spennandi sælkerabúðir í kjölfarið."

María vill ekki meina að það hafi verið miklar hindranir í upphafi. „Vissulega voru miklar kröfur frá Heilbrigðiseftirlitinu, en við vissum það fyrir fram og vorum búin að undurbúa okkur til að bregðast við því.

María segir að þegar innflutningur á ostum var loks leyfður hafi þau farið á fullt í að bjóða

Ostakörfur voru vinsælar allan ársins hring hjá Ostahúsinu á meðan það starfaði sem sérverslun. Ostahúsið var með margar nýjungar í ostagerð.

> **Fljótlega eftir að við opnuðum fóru viðskiptavinir að spyrja um nýjungar, það var eins og fólk þyrsti í að fá eitthvað nýtt og spennandi.**

upp á danska, franska, ítalska, svissneska, hollenska og annarra þjóða osta sem fólk tók vel á móti. „Við vorum líka búin að undirbúa okkur undir innflutninginn og höfum hann um leið og það mátti. Meðal vinsælla osta var parmesan, gorgonzola, gamle ole, sterkir gráðostar og fondueostar. Við seldum líka þessa osta til matvöruverslana svo þetta var umfangsmikið starf."

Kaflaskil þegar þau seldu Ostahúsið

María segist hafa fylgst með baráttu Ólafs M. Magnússonar og Mjólku á sínum tíma og telur að baráttan hafa skipt máli fyrir bæði neytendur og bændur. Samkeppni sé alltaf til góða.

María segir að árið 2006 hafi þau ákveðið að selja Ostahúsið til fyrirtækisins Í einum grænum, sem er dótturfélag Sölufélags garðyrkjumanna. „Við ákváðum að nú væri komið að kaflaskiptum í okkar lífi. Eftir söluna unnum við áfram við fyrirtækið og ég starfa enn hjá því. Ostarnir eru enn undir merki Ostahússins ásamt nýjum sem voru þróaðir eftir sameininguna. Eftir söluna fór fyrirtækið svo í vöruþróun með osta og grænmeti, eins og ostafyllta sveppi, smurost með íslenskri papriku, smurost með íslenskum sveppum og þess háttar."

Þegar María er spurð hvort henni finnist vanta sérverslanir með osta, svarar hún því játandi. „Það hefur orðið bakslag í þessari grein. Stór þáttur í okkar rekstri voru ostakörfur. Þær voru gríðarlega vinsælar allt árið. Matvöruverslanir hafa tekið yfir ostana, eins og Hagkaup, Melabúðin og Fjarðarkaup að einhverju leyti, en þær eru ekki með ostakörfur eða veisluþjónustu. Enn í dag hringir fólk í mig og spyr hvar það geti fengið ostakörfu," segir hún.

Það eru örugglega margir sem sakna ostabúðanna en María segir að til að reka svona sérhæfðar verslanir þurfi að veita mikla þjónustu og hafa starfsfólk með þekkingu. „Við vorum með stóran og góðan hóp fastra viðskiptavina sem kunni að meta góða og faglega þjónustu. Þetta var virkilega skemmtilegur tími og gaman að vinna með viðskiptavinum." ■

Lífræna herferðin er hafin

Biobú ehf. var stofnað í júlí 2002 af Kristjáni Oddssyni og Dóru Ruf á Neðra-Hálsi í Kjós. Ástæðan var sú að það vantaði fyrirtæki á sviði mjólkurvinnslu sem væri viljugt til að vinna að og þróa markað fyrir lífrænar mjólkurvörur á Íslandi.

Kristján, ásamt konu sinni Dóru Ruf, hefur stundað mjólkurframleiðslu að Neðra-Hálsi frá árinu 1984 en árið 1996 fengu þau lífræna vottun á mjólkurframleiðslu sína. „Það að vera komin með vottaða lífræna mjólk gaf þeim hjónum tækifæri til að skapa sérstöðu á markaði, þar sem engar lífrænar mjólkurafurðir var hægt að fá í búðum hérlendis," segir Helgi Rafn Gunnarsson, einn eigenda Biobús og framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Stofnun og framleiðsla Biobús

Fyrstu vörur Biobús, lífræn jógúrt, fóru á markað 3. júní 2003. „Starfsemin hófst í 100 fm húsi í Stangarhyl en framleiðslan sprengdi húsnæðið utan af sér 2006. Þá var fjárfest í 500 fm húsnæði við Gylfaflöt í Reykjavík. Í dag er Biobú elsta starfandi mjólkurbúið á landinu

Biobú keypti ísgerðina Skúbb í vor. Hér er Helgi staddur í Skúbb.

fyrir utan MS," segir Helgi.

Helstu vörur Biobús hafa verið sýrðar mjólkurafurðir svo sem jógúrt í ýmsum bragðtegundum og svo skyr, ostur og drykkjarmjólk. Biobú var einnig fyrst á markað með Gríska jógúrt sem notið hefur mikilla vinsælda hjá íslenskum og erlendum neytendum.

„Lífrænu vörur Biobús eru frábrugðnar hefðbundnum mjólkurvörum að því leyti að þær eru framleiddar úr ófitusprengdri lífrænni mjólk. Meginreglan er sú að vinna matvælin sem minnst og halda þeim eins náttúrulegum og kostur er."

Framtíðarsýn

Á allra síðustu misserum tóku eigendur Biobús þá ákvörðun að breyta vörumerki Biobús. „Stefnan var sett á að útvíkka starfsemi fyrirtækisins með það að markmiði að bjóða neytendum upp á fleiri lífrænar vörur. En nýlega hófum við hjá Biobú sölu og dreifingu á lífrænu nautakjöti. Starfsmönnum Biobús hefur fjölgað jafnt og þétt frá því að vera tveir starfsmenn í upphafi upp í 9-10 manna vinnustað eins og hann er í dag."

Á starfstíma Biobús hefur neysla lífrænna mjólkurvara aukist jafnt og þétt, og telur nú um liðlega 30 prósent á ári að sögn Kristjáns. „Undanfarin misseri hefur verið skortur á lífrænni mjólk til framleiðslunnar. Það stendur þó til bóta þar sem von er á nýjum framleiðanda á lífrænni mjólk. Eyði Sandvik í Sandvíkurhreppi framleiðir um 400 þúsund lítra á ári en fyrir tekur Biobú mjólk frá Neðra-Hálsi í Kjós, Búlandi í Landeyjum og Skaftholti í Gnúpverjahreppi, sem samsvarar samtals um 430 þúsund lítrum á ári. Aukið magn gefur möguleika á að þróa lífrænan mjólkurvörumarkað enn frekar með fleiri vörutegundum, neytendum og umhverfinu til hagsbóta," segir Helgi.

Samkeppni er ætíð af hinu góða

Helgi segir samkeppnisumhverfið í mjólkuriðnaðinum í dag henta fyrirtækinu. „Það er engin samkeppnishindrun frá MS að stofna mjólkurbú í dag og var heldur ekki 2002 þegar Biobú var stofnað. Það getur hver sem er gert það. Ólafur Magnússon hefur þó í baráttu sinni við MS verið duglegur að vekja athygli á mikilvægi samkeppni, ekki bara í mjólkuriðnaðinum heldur í öllu," segir Helgi að lokum. ■



STERKARA VARNARKERFI, UNGLEGRI HÚÐ.
VIÐGERÐ OG ENDURNÝJUN HÚÐAR HEFST VIÐ FYRSTU NOTKUN.
HÚÐIN VERÐUR SLÉTTARI, MÝKRI OG RAKAFYLLT.

+50% STERKARA VARNARKERFI[1], +13% MEIRI TEYGJANLEIKI[2]

Þróaðasta kremið fyrir varnarkerfi húðarinnar. Hrein og náttúruleg BLUE BIOTECH formúla, með BIO-CERAMIDES[3] sem byggja upp varnarkerfi húðarinnar og LIFE PLANKTON™ góðgerlum sem styrkja, örva, endurnýja og róa húðina.
Húðin nær jafnvægi, verður sterkari, sléttari og heilbrigðari. Raunveruleg BLÁ LOFORÐ: 94% náttúruleg og 90% niðurbrjótanleg formúla[4], tekur tillit til sjávarlífs.

BIOTHERM KYNNING

Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI OG GLERÁRTORGI
FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS 16. - 19. SEPTEMBER

AQUASOURCE GEL 20 ML, AQUASOURCE NIGHT SPA 20 ML, LIFE PLANKTON ELIXIR 7 ML, LAIT CORPOREL BODY LOTIN 40 ML, OG BIOTHERM SNYRTIBUDDA.

KAUPAUKINN ÞINN

AQUASOURCE
EÐA
BLUE THERAPY

ÞEGAR KEYPTAR ERU BIOTHERM VÖRUR FYRIR 8.900 KR EÐA MEIRA
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

RED ALGAE UPLIFT KREM 15 ML, BLUE THERAPY NÆTURKREM 15 ML, LIFE PLANKTON ELIXIR 7 ML, LAIT CORPOREL BODY LOTION 40 ML, OG BIOTHERM SNYRTIBUDDA

BIOTHERM **20%** AFSLÁTTUR

Lyf & heilsa

Rokkuð rómantík Kristen Stewart

Kristen Stewart er án efa þekktust fyrir leik sinn í Twilight-kvikmyndaseríunni, sem byggð er á samnefndri bókaseríu Stephanie Meyer. Í kvikmyndunum lék hún hina feimnu og hógværu Bellu Swan á móti hjartaknúsaranum Robert Pattison sem túlkaði hina ljómandi vampíru, Edward Cullen.

johannamaria@frettabladid.is

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá enda hefur Stewart komið fram og leikið aðalhlutverk í fjölda kvikmynda síðan síðasta Twilight-kvikmyndin kom út 2012.

Árið 2019 kom Kristen fram sem leikkonan Jean Seberg í kvikmyndinni Seberg. Þótt kvikmyndin hafi fengið misgóða dóma voru gagnrýnendur flestir sammála um að Stewart hafi sýnt meistaratakta í hlutverkinu. Þá kom fram í apríl síðastliðnum að Kristen Stewart myndi leika ásamt Léa Seydoux og Viggo Mortensen í vísindatryllinum Crimes of the Future úr smiðju David Cronenberg.

Rokk og rómantík

Stewart hefur víða vakið mikla athygli fyrir einstaklega smart og oft rokkaralegan stíl og virðist upp á síðkastið hafa tekið upp rómantískari hliðar. Rokkið er þó sjaldan langt undan eins og sést á myndunum.

Talsmaður LBGT+

Stewart býr í Los Angeles og árið 2017 kom hún út úr skápnum sem tvíkynhneigð. Um kynhneigð sagði hún, eins og frægt er orðið: „Tvíkynhneigðir eru ekki ringlaðir. Það er ekkert ruglingslegt við það. Fyrir mér er það algerlega skýrt.“ Þá hefur hún sagt að sér hafi verið ráðlagt að ræða ekki eða sýna kynhneigð sína opinberlega, þar sem það gæti haft áhrif á val hennar í hlutverk. Um það segir hún að hún hafi ekki áhuga á að vinna með fólki sem lætur það fara fyrir brjóstið á sér. ■

Hér er Stewart á frumsýningu Charlie's Angels í nóvember 2019 í rokkuðu diskódressi.

Þetta magnaða eyeliner-augnablik átti Stewart við frumsýningu Seberg í september 2019 á Spáni.

Kristen klæddist þessu rómantíska dressi, þó með rokkabillýívafi, á Met-galakvöldinu þann 13. september síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kristen var rómantísk á frumsýningu í Feneyjum í september. Dressið minnir á Lísu í Undralandi með myrkum undirtón.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

Bílar & Farartæki



VÁ!!!
PLUG IN HYBRID - MERCEDES-BENZ GLE 500 E 4MATIC. Árgerð 2017, ekinn 72þ.km, rafmagn/bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Þvílíkur bíll! Vel búinn, ótrúlegur kraftur og gullfallegt útlit. Sjón er sögu ríkari! Verð 7.777.000. Rnr.120566. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3C.

ISUZU D-MAX LUX MEÐ HÚSI.
Árgerð 10/2017, ekinn 115þ. km. leður, krókur, bakkmyndavél, pallhús o.fl! Dísel, sjálfskiptur og afskaplega duglegur. Topp þjónustusaga! Verð 5.977.000. Rnr.120567. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3C.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699-6069 eða 663 5315

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

FERÐAVAGNAGEYMSLA
Til leigu vetrargeymsla fyrir felli- og hjólhýsi á besta stað í Reykjavík. Uppl. í s. 846 2986.

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Dáleiðsla
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslukennari
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com
www.bernhoft.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ishúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

TIL LEIGU GRANDINN

163m² Atvinnuhúsnæði á jarðhæð með stórri innkeyrsluhurð. Næg bílastæði.

Laust 1. okt.

EYJARSLÓÐ 3

Upplýsingar gefur Ólafur í síma 892 5064

Vel skipulögð 3ja herb. 94,2 fm íbúð með útgengi á viðarpall fyrir 60 ára og eldri.

- Stór björt stofa, 2 svefnherbergi og baðherbergi/þv.
- Geymsla í kjallara 5,4 fm
- Húsvörður er byggingunni
- Innangengt er í Árskóga 4 þar sem boðið er uppá margvíslega þjónustu

Nánari upplýsingar:
Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Verð: **53,5 millj.**

MIKLABORG 569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2021, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. september 2021 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2021, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2021

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Auglýsing um skipulagsmál í Hveragerði

HVERAGERÐISBÆR

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir Grænumörk 10 í Hveragerði.

Á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar þann 9. september 2021 var samþykkt breyting á deiliskipulagi fyrir Grænumörk 10 í Hveragerði. Deiliskipulagssvæðið er um 11,7ha. og nær til lóða sem Náttúrulækningafélag Íslands hefur til umráða og íbúðarbyggðar við Lækjarbrún. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Þelamörk, Grænumörk, Fagrahvammstúni, Varmá og fyrirhugaðri íbúðarbyggð við Hólmabrún. Breytingin sem nær einungis til 2,8ha. lands innan deiliskipulagssvæðisins, er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029, sem bæjarstjórn samþykkti þann 12. maí 2021 og staðfest var af Skipulagsstofnun 10. júní 2021.

Meginmarkmið breytingarinnar er að þétta byggð með heildstæðu yfirbragði, í góðri sátt við umhverfi og samfélag og skapa betri grundvöll til frekari uppbyggingar á starfsemi Heilsustofnunar NLFÍ og þjónustu tengdri henni.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hlaut meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Miklu meira en bara ódýrt

ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

Hjólafesting á bíl
frá 4.995

Viðgerðar-kollur

Viðgerðarbretti
4.895

Jeppatjakkur 2.25T 52cm
19.995

Vélagálgi 2T

Hjólatjakkur 2T m/tösku
4.795

1.999
Álskóflur

9.985
Vélastandur 500kg

AirBrush loftdæla
19.995

6T Búkkar 605mm Par
9.999

frá 1.495
Startkaplar

4.995
Hleðslutæki 12V 6A

frá 795
Mikið úrval af verkfæratöskum

39.995
Verkfæraskápur á hjólum

99.999
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Steðjar í miklu úrvali

7.995
1/2 Toppasett

3.995
1/4 Toppasett

Vice Multi angle
6.985

14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk

5.995
Verkfærasett 108 stk

4.995
Skrall-lyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/ 4/5/6/8 tengla

15.995
Ranamyndavél

Bensínbrúsar í miklu úrvali

Verðmæta-skápar
frá 5.995

9.999
Kælibox 26L 12v/230v

Lyklabox í miklu úrvali

4.995
Verkfærasett

Hunda-festingar

1.995
Burstasett í borvél

Lím-byssur
frá 995

Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir

Vindsængurpumpur

frá 1.995

13.995
Flísasög 80mm

1.995
Tjaldstæðatengi

Hitablásarar

9.999
Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm

Fjölsög Höfftech
5.999

Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali

Útskurðarsett

24.995
Súluborvél 350W

19.995
Metabo KS216 bútsög

Garðverkfæri í miklu úrvali

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2020

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Merkisatburðir

1508 Ferja sekkur á Ölfusá með tugi manna og farast yfir 30 manns á leið frá messu í Kaldaðarnesi í Flóa.
1810 Mexíkó lýsir yfir sjálfstæði frá Spáni.
1940 Tvö íslensk skip, Arinbjörn hersir og Snorri goði, bjarga um 400 manns af franska flutningaskipinu Asca, en það fórst á Írlandshafi eftir árás þýskrar flugvélar.
1963 Lyndon B. Johnson, varaforseti Bandaríkjanna, kemur til Íslands í opinbera heimsókn og er vel tekið. Rúmum tveimur mánuðum síðar varð hann forseti Bandaríkjanna, þegar Kennedy var myrtur.
1970 Hussein, konungur Jórdaníu, setur herlög í landinu til að hindra palestínska uppreisnarmenn í að ná þar völdum.
1979 Minnisvarði er afhjúpaður á Hólmavík um Hermann Jónasson ráðherra, sem var í ára raðir þingmaður Strandamanna og Vestfirðinga.
1989 **Erró, Guðmundur Guðmundsson** listmálari, gefur Reykjavíkurborg tvö þúsund listaverk eftir sig og er safninu komið fyrir á Korpúlfsstöðum.

Endurvakti Bálfarafélag Íslands áratugum síðar

Bálfarafélag Íslands var upprunalega starfrækt frá 1934–1964 en var nýlega endurvakið til að fylgja eftir baráttu fyrir nýrri bálstofu.

arnartomas@frettabladid.is

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir er stofnandi Trés lífsins, bálstofu og minningargarða, sem er komið langt í ferli sem miðar að því að byggja nýja bálstofu á Íslandi sem er óháð trúar- og lífsskoðunarfélögum. Til að fylgja því eftir hefur Bálfarafélag Íslands verið endurvakið, en það var upprunalega starfrækt á árunum 1934–1964.

„Eftir að hafa skoðað þessi mál sá ég að það vantaði einna helst stuðning frá almenningi," segir Sigríður, sem sá skömmu síðar að félag með sama markmiði hafði verið stofnað á fyrri hluta síðustu aldar. „Ég fór að skoða hverjir höfðu staðið að félaginu og þá kom í ljós að það voru menn sem ég myndi kalla einhverja helstu frumkvöðla þess tíma en þeir höfðu barist fyrir því frá árinu 1915 að það yrði reist bálstofa á Íslandi."

Að baki félaginu voru ekki minni menn en Gunnlaugur Claessen, Benedikt Gröndal, Ágúst Jósefsson, Björn Ólafsson og Gunnar Einarsson. Þeir fengu aðstoð frá Sveini Björnssyni, fyrsta forseta íslenska lýðveldisins, til að koma lagabreytingu í gegnum Alþingi og stóðu að fjáröflun til að byggja bálstofu sem stóð meðal annars til að yrði byggð á Klambratúni.

Síðan hagaðist það svo að verið var að reisa Fossvogskapellu og kirkjugarð á sama tíma og þrátt fyrir að hafa upphaflega sett sig á móti því samþykkti Bálfarafélagið að bálstofan yrði reist í sama húsnæði. Eftir að bálstofan var sett á laggirnar þótti lítil ástæða fyrir því að félagið yrði áfram starfrækt og var það lagt niður árið 1964.

Það er dýrt að deyja

Ofninn sem var fyrst gangsettur árið 1948, þegar fyrsta líkbrennslan á Íslandi fór fram, er enn í notkun og kominn vel til ára sinna. „Það er til að mynda enginn mengunarvarnarbúnaður, en ein af ástæðum þess að eftirspurn hefur aukist eftir bálförum er að þær eru umhverfisvænni en hefðbundnar jarðsetningar."

Þá bendir Sigríður á að kostnaðurinn sé einnig þáttur í því að fólk sækist í auknum mæli eftir bálförum. „Það er rosalega dýrt að deyja. Kostnaðurinn er gífurlegur og með því að velja bálför þá værirðu líka að velja umhverfisvænni útför, ef við værum komin með nýrri ofn," útskýrir hún. „Bæði tekurðu minna pláss auk þess sem kostnaðurinn og kolefnisfótsporið við að smíða og flytja líkkistu getur verið ansi mikill. Svo er hún grafin niður í jörðina þar sem hún grotnar niður. Fólk í dag er farið að vera mínímalískara og sér ekki alveg tilganginn með þessu umstangi.

Sigríður segir að eftirspurn eftir bálförum hafi aukist eftir vitundarvakningu í umhverfismálum auk þess sem hefðbundin jarðsetning geti verið dýr. MYND/AÐSEND

> Ég skil vel að stjórnsýslan eigi erfitt með að svara enda hefur enginn beðið um leyfi til að byggja bálstofu í 73 ár, en okkur er samt farið að lengja eftir svörum.

Sigríður segir að erindi varðandi nýja bálstofu liggi nú fyrir hjá Sýslumanni og dómsmálaráðuneytinu.

„Ég skil vel að stjórnsýslan eigi erfitt með að svara enda hefur enginn beðið um leyfi til að byggja bálstofu í 73 ár, en okkur er samt farið að lengja eftir svörum, enda komin með lóð fyrir bálstofuna og tilbúin að hefjast handa."

Fimmtudaginn 23. september verður haldinn opinn kynningarfundur á Bálfarafélagi Íslands og Tré lífsins þar sem áhugasömum gefst kostur á að skrá sig í Bálfarafélagið. Fundurinn verður haldinn í húsi Garðyrkjufélags Íslands, Síðumúla 1 (gengið inn frá Ármúla) frá 17.00–18.00 og er öllum opinn. ■

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Vígdögg Björgvinsdóttir

hjúkrunarfræðingur,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 9. september. Útför fer fram frá Guðríðarkirkju, þriðjudaginn 21. september kl. 13.

Sveinn Sæmundsson
Arna Sæmundsdóttir
Stefanía B. Sæmundsdóttir **Einar Ásbjörnsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar ástkæri

Steinar Hrafn Trampe

lést á heimili sínu þann 6. september. Útför Steinars Hrafns fer fram frá Grensáskirkju mánudaginn 20. september kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á að hafa samband við Bergið headspace, s. 5715580/6939367.

Linda Sólveig Birgisdóttir **Sigurður Sveinn Þorbergsson**
Svan Hector Trampe
Sandra Hrönn Trampe **Bjarki Sigurðsson**
Matthías Ingiberg Sigurðsson
Hannah Rós Sigurðardóttir
Alexander Sigurðsson **Sólveig Lilja Gunnarsdóttir**

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Guðbjörg Þorleifsdóttir

Hrísmóum 1, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu, Hraunvangi, Hafnarfirði, sunnudaginn 12. september sl. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju kl. 14.00 mánudaginn 20. september.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

Sigurborg Sigurðardóttir **Ljótur Ingason**
Svanhvít Sigurðardóttir **Ragnar Jörundsson**
María Sigurðardóttir **Páll Sigurðsson**
Halldór Ó. Sigurðsson **Margrét H. Hjaltested**
Þóra Sigurðardóttir **Sigurður G. Jóhannsson**
Ingvar E. Sigurðsson **Edda Arnljótsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

---

†

Hjartans þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðnýjar Egilsdóttur

áður búsett í Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu, Sléttuvegi, fyrir hlýhug og góða umönnun.

Oddný Þóra Sigurðardóttir **Hrafn S. Melsteð**
Eva G. Sigurðardóttir
Erna G. Sigurðardóttir
Anna Signý Sigurðardóttir **Kamel Benhamel**
Einar, Aldís, Sigurður Már, Sigursteinn Orri, Örn Calvin, Sólon, Embla Signý, Guðný Líf, Telma Lovísa og Sigurður Leó

---

†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Baldvin Viggósson

lögreglumaður,

lést á Landspítalanum þann 10. september síðastliðinn.
Útför fer fram í Fossvogskirkju þriðjudaginn 21. september kl. 11.00.
Blóm og kransar afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Ljósið endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda.

Kristín Snorradóttir
Ragnar Már **Kristófer Arnar Ragnarsson**
Klara Dögg Baldvinsdóttir **Guðmundur V. Bílddal**
Arnar Franz Baldvinsson

við erum rétt að byrja

xB

„REYNSLA MÍN HEFUR MÓTAÐ MIG SEM BARNAMÁLARÁÐHERRA. ÉG LEGG MÍN STÖRF ÓHIKAÐ Í ÞINN DÓM OG BIÐ UM ÞINN STUÐNING Í REYKJAVÍK"

Pottaplöntur Ný sending vikulega

25% afsláttur

25%

blómaval

Indíána-fjöður
11 cm pottur. **11251578**

740kr
~~990 kr~~

25%

blómaval

Calathea Ornata
11 cm pottur. **11400076**

1.865kr
~~2.490 kr~~

Nýtt í Blómavali
Margir litir og gerðir

33%

blómaval

Caladium Bicolor Hybrid
11 cm pottur.

1.990kr
~~2.990 kr~~

26%

blómaval

Orkidea
12 cm pottur. **11325000**

1.990kr
~~2.690 kr~~

Hausterikur
í Blómavali

28%

blómaval

Hausterikur 3 stk.
3 stk. að eigin vali.

1.299kr
~~1.797 kr~~

Hausterikur 1 stk. **599kr**

Haustlaukarnir eru komnir
Loforð um litríkt vor

Crocus blandaðir litir, 50 stk.
Crocus Grand Maitre, 50 stk.
Crocus Jeanne d'Arc, 50 stk.
Páskaliljur magnpakkning, 20 stk.
Páskaliljur Harlequin Mixed, 20 stk.
Tulipa Apeldoorn Red, 50 stk.
Tulipa Apeldoorn Elite Red & Yellow, 50 stk.
Tulipa Golden Oxford Yellow, 50 stk.
Tulipa Peacock, 50 stk.
Tulipa Purissima, 50 stk.
Tulipa Red Riding Hood, 50 stk.

Magnpakkning
1.990kr/pk

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

PHILIPS
Loftljós
Box, svart eða hvítt, 1x4.5W SELV.
6165793 ,6165794

10.405kr

PHILIPS
Kastari
Pongee svartur 1xNW.
166494

3.485kr

PHILIPS
Kastari
Runner, hvítur 1x.
6166915

6.145kr

25%

damixa™
Handlaugartæki
Silhouet, 190 mm svart.
8000057

27.490kr
~~36.735 kr~~

31%

FERRO

Sturtusett
Með skipti, Rondo, svart.
7810205

14.990kr
~~22.035 kr~~

37%

EUROHOME enjoy living

Harðparket
8 mm, Colorado eik, 4V-AC4 C32. **147124**

2.983kr/m²
~~4.698kr/m²~~

25%

Lamett

Vinylparket
Douro, Honey, 5,0 mm,55 mm yfirlag, með áfestu undirlagi. **147492**

3.990kr/m²
~~5.985kr/m²~~

19%

Electrolux

Ofn
SteamBake tækni, kata-lískur sjálf-hreinsibúnaður, tekur 72 ltr., orkuflokkur A. **1860076**

79.990kr
~~98.990kr~~

14%

Electrolux

Span-helluborð
60 cm niður-fellanlegt með 4 hellum, með snertistýringu. **1860078**

59.990kr
~~69.990kr~~

enox. enjoy life
ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Þurrkari
Öflugur 8 kg barkalaus þurrkari, með 16 kerfum, í orkuflokki B, er 69dB. **1860473**

64.990kr
~~84.990kr~~

Sparaðu 15.000kr

AEG
Þvottavél
8 kg, 1400 snúninga, kolalaus mótor. Prosense tæknin vigtar sjálfkrafa þyngd þvottar. **1860502**

79.990kr
~~94.990kr~~

33%

BLACK+DECKER

Borvél 18V
2 rafhlöður, 1.5Ah og hleðslutæki, hersla 40Nm.
5245567

16.995kr
~~25.545 kr~~

Nilfisk
Háþrýstidæla
125 bör, 1,4kW, málmdæla, sjálfvirkt stopp og start kerfi, 438 ltr./312 ltr./klst., hámarkshiti á vatni 40°C, Click and Clean kerfi. **5254250**

20%

17.995kr
~~22.495 kr~~

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Haustveisla

Nýtt blað á **husa.is**
Skannaðu QR kóðann

BerlingerHaus

Pottasett
Rose Gold 10 stk.
2002952

30%

20.283kr
~~28.975kr~~

LADY innimálning

20%

Blöndum alla liti

afsláttur

Einstök litaupplifun

EU Ecolabel

Grænt vara

Veðurspá Fimmtudagur



Víða rigning í dag og hægur vindur, en norðlæg átt 5-10 og þurrt að kalla vestast í kvöld. Hiti 8 til 15 stig, hlýjast á NA-landi. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Alireza Firouzja (2754) átti leik við Ian Nepomniachtchi (2792) á Norway Chess mótinu í Stafangri.

47. Da8! Kh7 48. De4+ Kh8 49. Rxa5 Dxb2 50. e7 Rxe7 51. Dxe7 og hvítur vann skömmu síðar. Richard Rapport er í miklu stuði og er efstur eftir átta umferðir. Níunda og næstsíðasta umferð fer fram í dag.

www.skak.is: Norway Chess. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 rökkur
5 gremja
6 í röð
8 lúffa
10 rykkorn
11 pláss
12 tætti
13 trú
15 tóftir
17 embætti

LÓÐRÉTT
1 sjúkdómur
2 hljómur
3 ofanferð
4 tormerki
7 óður
9 geifla
12 grind
14 sníkjudýr
16 óró

LÁRÉTT: 1 moska, 5 æmi, 6 gh, 8 guggna, 10 ar, 11 rúm, 12 reif, 13 alit, 15 rústir, 17 staða.
LÓÐRÉTT: 1 magasár, 2 ómur, 3 sig, 4 agnúi, 7 hamfara, 9 gretta, 12 rist, 14 lús, 16 ló.



Sudoku

	6		2		9		7	1
4			7		8	9	5	
	5		6		4			
		6			1		3	
	2							
8	4	7		6				5
			9		6	3	1	7
		4		7		8		
9			8	2				

			8		3	9	2	
5	7					8		
			1	2				
		5			9			
		4		7				2
6						3		
		6					4	
3	5				8		6	
9								

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Fimmtudagur

Hringbraut

18.00 Herrahornið (e) Áhugaverðir þættir fyrir alla karlmenn sem vilja gyrða sig almennilega í brók.
18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við Ólaf Magnússon í Mjólku, fyrri hluti.
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum
20.00 Sir Arnar Gauti Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Alþingiskosningar 2021. Forystusætið Píratar
12.05 Alþingiskosningar 2021. Kynning á framboði Viðreisn
12.10 Alþingiskosningar 2021. Kynning á framboði Sjálfstæðisflokkurinn
12.15 Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988
13.25 Lífið er núna
13.50 Með okkar augum
14.20 Út og suður
14.50 Popppunktur 2010 Skriðjöklar - Gildran
15.50 Heilabrot
16.20 Gestir og gjörningara
17.20 Neytendavaktin
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Holly Hobbie
18.25 Lúkas í mörgum myndum
18.33 Tryllitæki
18.40 Matargat Hamborgarar
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Alþingiskosningar 2021. Forystusætið Flokkur fólksins
20.30 Tískuvitund - Bettina Bakdal Modens Mønsterbrydere
21.00 Svarti baróninn Baron Noir
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Alþingiskosningar 2021. Kynning á framboði Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn
22.25 Alþingiskosningar 2021. Kynning á framboði Vinstri græn
22.30 Alþingiskosningar 2021: Forystusætið Ábyrg framtíð
23.00 Babýlon Berlín
23.50 ABC-morðin - Agatha Christie
00.45 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

09.55 Golfarinn 3
10.25 Legends Tour- Highlights
11.30 European Tour Bein útsending frá Dutch Open.
16.30 PGA Championship Official
17.25 PGA Tour Profiles
17.45 PGA Tour. The Cut
18.10 PGA Tour Champions Learning Center
18.30 PGA Special. One Shot Away
19.00 LPGA Tour Bein útsending frá Cambia Portland Classic.
22.00 PGA Tour Bein útsending frá Fortinet Championship.

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 The Bachelorette
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Ást
20.35 The Unicorn
21.05 9-1-1
21.55 Walker
22.40 Reprisal Spennandi þáttaröð frá framleiðendum The Handmaid's Tale og Fargo. Hún fjallar um konu í hefndarhug eftir að glæpaklíka fór illa með hana.
23.25 The Late Late Show
00.10 New Amsterdam
00.55 The Equalizer
01.40 Yellowstone
02.25 The Handmaid's Tale Stórbrotin þáttaröð sem hlaut bæði Emmy og Golden Globe verðlaunin sem besta dramatíska þáttaröð ársins 2017.
03.15 The Walking Dead
04.00 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Hljómboxið Mjálmdrengir mæta Búbblunum
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óperukvöld Útvarpsins Tannhäuser eftir Richard Wagner
22.15 Veðurfregnir
22.20 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

12.05 Like Cats & Dogs
13.30 Britt-Marie Was Here
15.05 Johnny English
16.30 Like Cats & Dogs
17.55 Britt-Marie Was Here
19.30 Johnny English
21.00 Atonement Stórgóð kvikmynd frá 2007 með Kieru Knightley og James McAvoy ásamt fleiri stórleikurum.
23.00 The Sisters Brothers
00.55 The Mule
02.50 Atonement

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Grey's Anatomy
10.05 Gilmore Girls
10.50 Blindur bakstur
11.25 Vitsmunaverur
11.55 Friends
12.35 Neighbours
12.55 God Friended Me
13.35 Modern Family
13.55 Shipwrecked
14.40 Home Economics
15.05 Flirty Dancing Stórskemmtilegir og öðruvísi breskir stefnumótaþættir þar sem einhleypu fólki í ástarleit er parað saman í dansi.
15.50 Citizen Rose
16.30 The Heart Guy Ástralskir þættir sem fjalla um rísandi stjörnu í skurðlækningum sem á framtíðina fyrir sér í lífi og starfi.
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Neighbours
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Æði
19.30 Temptation Island
20.15 Hell's Kitchen
21.00 Spartan. Ultimate Team Challenge
21.45 NCIS. New Orleans
22.30 Real Time With Bill Maher
23.30 Wentworth
00.10 Animal Kingdom
01.00 The Righteous Gemstones
01.30 The Mentalist
02.10 Grey's Anatomy
02.55 Gilmore Girls Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.
03.40 Temptation Island
04.20 Friends

Stöð 2 Sport

06.40 ÍR - ÍA Útsending frá leik Í í Mjólkurbikar karla.
08.20 Fylkir - Víkingur R.
10.00 Mjólkurbikarmörkin
10.45 Keflavík - Haukar Útsending frá leik 2 hjá í 8 liða úrslitum Dominos deildar karla.
12.25 Manstu eftir Manchester City
13.10 Osijek - Breiðablik
14.50 Breiðablik - Valur Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
16.30 Seinni bylgjan - karla
17.50 HK - KA Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
19.30 Breiðablik - ÍA 2001
20.00 Seinni bylgjan - kvenna
21.00 ÍR - ÍA
22.15 Mjólkurbikarmörkin
22.40 Fylkir - Víkingur R.

Stöð 2 Sport 2

08.40 Meistaradeildarmörkin
09.20 Sevilla - Salzburg
11.00 Liverpool - AC Milan
12.40 Football League Show
13.10 Inter - Real Madrid
14.50 Chelsea - Zenit
16.35 Dinamo Zagreb - West Ham Bein útsending frá leik í Evrópudeild UEFA.
18.40 Liverpool - AC Milan
18.50 Rangers - Lyon Bein útsending frá leik í Evrópudeild UEFA.
20.55 Sheriff - Shakhtar Donetsk
22.35 Manchester City - Leipzig
00.15 Atletico Madrid - Porto

EXTRA

VINSÆL VARA

449 kr.stk.

Pågen Hönö brauð 750 g

499 kr.stk.

Pellini Capsules 10x5 g

VINSÆL VARA

299 kr.stk.

Nature Valley stangir 5 pk

BARÓNSTÍGUR 8-24
KEFLAVÍK OG AKUREYRI
24/7
WWW.EXTRA.IS

Gagnrýnandinn er hæstánægður með nýja bók Þórarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kynlíf gamlingja og eitthvað annað

BÆKUR

Umfjöllun
Þórarinn Eldjárn
Útgefandi Vaka Helgafell
160 síður

Björn Þorláksson



Aðdáendum Þórarins Eldjárn líður líkt og jólin séu komin í hvert skipti sem skáldið sendir frá sér bók. Unnendur smásagna hans eru ekki síst fjölmargir. Fáir ef nokkrir búa yfir eins mikilli færni til að tækla knappan stíl sem jafnan vísar út fyrir sig. Og nú er hægt að kætast yfir enn einu smásagnasafninu, hinu áttunda frá Þórarni. Ritið ber heitið Umfjöllun og geymir átta sögur.

Uppbygging sagnanna og hin tálgaða húmoríska orðfimi eru tveir hæfileikar sem njóta sín vel í Umfjöllun. Framvinda kemur gjarnan á óvart og verður stundum kostuleg. Þarna er glaðvær og þarna er hlýja. Kannski munu sögurnar höfða misvel til lesenda og kannski munu þær höfða betur til miðaldra og eldra fólks en hinna yngri. Sá sem hér skrifar hló með andköfum þegar fjallað var um ekkil sem lendir í óvæntu ævintýri á gamals aldri.

Sögupersónur bókarinnar eru margar hverjar komnar af léttasta skeiði og er það vel. Persónugalleríið er þannig ákveðin tilbreyting frá upphafningu æskunnar. Þórarinn hefur pælt af nokkurri djörfung í því hvað felist í því að eldast. Kynlíf gamals fólks verður sem dæmi eðlilegasti hlutur í heimi í bókinni, sem það er, þótt sumum kunni að þykja ógnvænleg tilhugsun! Einhver verður að skrifa um svoleiðis og þá er Þórarinn réttur maður á réttum stað. Virðing, hlýja, látleysi, skortur á stælum en bullandi kímni. Stundum dálítið töfraraunsæi.

Kannski eru fáir Þórarni fremri í forvitnilegum sjónarhornum. Stundum teygja sögurnar sig inn á svið absúrdisma. Aðrar sögur tifa áfram í lógík sinni eins og vel stilltar klukkur.

En hvað er skáldið heilt yfir að skrifa um í þessari bók? Í viðtali við Fréttablaðið fyrir skemmstu sagði Þórarinn að hann hefði tekið eftir því þegar hann leit yfir sögurnar að þær fjölluðu allar um eitthvað.

Þannig er Þórarinn og þannig eru sögur hans. Húmor og lítillæti í senn. Ég hafði unun af því að lesa þessa bók. Og bókarkápan er dásemd. ■

NIÐURSTAÐA: Margt kemur á óvart í smásögum Þórarins þar sem húmor höfundar nýtur sín.



Ég hef lengi dundað við að skrifa, segir Gunnar Kvaran. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Boðskapur um fegurð, frið og kærleika

Tjáning er bók eftir Gunnar Kvaran sellóleikara og geymir hugleiðingar um tónlist, trú og tilveru, ásamt ljóðum.

kolbrunb@frettabladid.is

„Ég hef lengi dundað við að skrifa og var ekkert að hugsa um útgáfu. Svo fór ég að lesa eitt og annað af þessu efni fyrir vini mína sem sögðu að þetta yrði að koma út. Þanig að ég ákvað að safna þessu efni saman þótt ekki væri nema fyrir mig, fjölskylduna og vini. Svo fór þetta alla leið og kemur nú út hjá Skruddu," segir Gunnar.

Heilandi máttur

Hann segist tengja trú við tónlist og tónlist við trú. „Ég er mjög trúaður, nota bænina mikið og spila oft trúarlega tónlist. Í allri stórri tónlist er mikill boðskapur og oft boðskapur sem er trúarlegs eðlis. Boðskapur um fegurð, frið og kærleika.

Tökum Bach sem dæmi. Tónlist hans er oft skipt upp í trúarlega tónlist og veraldlega tónlist. Hinar stóru passíur hans eru trúarlegar en þegar ég spila svítur hans finnst mér trúarmátturinn og trúarandi meistarans einnig skína þar í gegn.

> Mér finnst hvíld í því að setjast niður, skrifa niður hugsanir mínar og hugleiðingar, og það gerir mér líka gott.

Bach var mjög trúaður og skrifaði undir handrit sín: Guði einum til dýrðar. Það er stórbrotið þegar maður eins og Bach gerir þetta. Það sýnir viðhorf hans og hversu auðmjúkur hann hefur verið gagnvart alheiminum og hinum himnesku öflum.

Í mínum huga er tónlist og trú nátengd. Mér finnst það svo augljóst í tónlistinni sem ég hef verið svo heppinn að geta leitað til allt mitt líf."

Hann segir tónlistarmenntun afar mikilvæga í uppeldi barna og verndandi fyrir þróun og þroska þeirra. „Ég er búinn að kenna í áratugi og sé svo greinilega að þau börn og ungmenni sem ég hef kynnst fara ekki út af sporinu. Það er eins og vernd sé yfir þeim. Þess vegna segi ég að það sé heilandi máttur í tónlist."

Ljóð og myndir

En af hverju finnur maður sem helgað hefur sig tónlist nánast allt sitt líf svo sterka þörf hjá sér til að skrifa? „Þetta er þörf sem ég hef ekki getað losað mig undan. Mér finnst hvíld í því að setjast niður, skrifa niður hugsanir mínar og hugleiðingar, og það gerir mér líka gott.

Þetta er kannski líka eitthvað genetískt. Einar H. Kvaran var langafi minn og pabbi, Ævar Kvaran leikari, gaf út bækur með efni sem hann hafði flutt í útvarpi, samdi útvarpsleikrit og þýddi bækur."

Í bókinni eru á þriðja tug ljóða og umfjöllunarefnin tengjast oft tónlist. Þarna eru til dæmis ljóð um Beethoven, Schubert, Chopin og Shostakovítsj. Bókin er hinn fallegasti gripur en myndir í henni eru eftir Pál frá Húsafelli, sem er góður vinur Gunnars. ■

Fimm íslenskir höfundar á Bókamessunni í Gautaborg

kolbrunb@frettabladid.is

Sjón, Andri Snær Magnason, Kristín Eiríksdóttir, Guðrún Eva Mínervudóttir og Eiríkur Örn Norðdahl koma fram á Bókamessunni í Gautaborg 23.–26. september næstkomandi.

Ljóðlist, umhverfismál, áhrif rafvæðingar á samtöl rithöfunda og félagsleg sjálfbærni eru meðal þeirra þema sem íslensku höfundarnir taka fyrir.

Sjón mun koma fram í Rum for poesi þar sem hann mun flytja ljóð sín en hann kemur fram ásamt þeim Margaret Atwood, Mara Lee og Ukon. Sjón tekur einnig þátt í tveimur öðrum málstofum þar sem hann fjallar um skáldsögur sínar.

> Bók Andra Snæs Magnasonar, Um tímann og vatnið, hefur farið sigurför um heiminn, verið þýdd á yfir þrjátíu tungumál.

Rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl tekur þátt í málstofunni Varför behöver författare träffas? þar sem rætt verður um mikilvægi samtals í sköpun. Kristín Eiríksdóttir mun ræða um skáldsögu sína, Elín, ýmislegt. Einnig tekur hún þátt í samtali við guðfræðinginn og prestinn Lenu Sjöstrand um verkið í annarri málstofu.

Andri Snær og Guðrún Eva verða meðal íslenskra höfunda í Gautaborg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðrún Eva Mínervudóttir tekur þátt í málstofu ásamt danska höfundinum Hanne Højgaard Viemose þar sem sjónum verður beint að því hvernig aðalpersónur í skáldsögum þessara norrænu höfunda birtast í nútímasamfélagi.

Bók Andra Snæs Magnasonar, Um tímann og vatnið, hefur farið sigurför um heiminn, verið þýdd á yfir þrjátíu tungumál. Andri Snær tekur þátt í tveimur málstofum sem báðar taka umhverfismál fyrir.

Hægt verður að fylgjast með dagskránni á heimasíðu messunnar. ■

Með skapandi fólki

BÆKUR

Sjálfsævisaga Alice B. Toklas

Gertrude Stein
Þýðing: Tinna Björk Ómarsdóttir
Fjöldi síðna: 377
Útgefandi: Una útgáfuhús

Kolbrún Bergþórsdóttir

Hin fræga bók Gertrude Stein, Sjálfsævisaga Alice B. Toklas, er loksins komin út á íslensku, þökk sé þýðandanum Tinnu Björk Ómarsdóttur og hinum metnaðarfullu útgefendum Unu útgáfuhúss.

Rithöfundurinn Gertrude Stein er fræg fyrir setninguna Rós er rós er rós er rós. Á vinnustofu hennar í París komu listamenn saman og Stein segir frá þeim í þessari frægu bók.

Gertrude Stein skrifaði bókina á sex vikum og hún kom út árið 1933. Bókin er skrifuð í orðastað Alice B. Toklas, ástkonu Gertrude Stein, og þar er nokkrum sinnum tekið skýrt fram að Stein sé snillingur. Hún er sannarlega ekki eina persóna bókarinnar sem sögð er vera snillingur, þær eru allnokkrar. Hér stíga fram á svið heimsfrægir listamenn: Picasso, Matisse, Hemingway og Scott Fitzgerald, svo einungis örfáir séu taldir upp. Hér úir og grúir af skemmtilegum persónulýsingum og jafn skemmtilegum slúðursögum. Bókin er fyndin og skemmtileg, sem bendir til að Stein hafi haft mikla skemmtun af að skrifa hana. Listunnendur munu njóta þessa að lesa hana umfram aðrar því hér er listalíf í forgrunni. Þarna eru óborganlegar sögur eins og af þeim rík sem ríkti milli Picasso og Matisse.

Lesandinn er allan tímann meðal skapandi fólks og vill stöðugt vita meira um það. Stein lætur það ekki eftir honum, í frásögn sinni er hún á ferð og flugi og kafar ekki djúpt í sálarlíf persóna, en hún er þó alltaf skemmtileg.

Sagan er sögð frá sjónarhóli Alice en hin yfirþyrmandi persónuleiki Stein er allan tímann ráðandi. Hún yfirtekur sögusviðið og dágóður hluti bókarinnar fjallar um skrif hennar og hugmyndir um stíl.

Þetta er bók fyrir alla sanna listunnendur. ■

NIÐURSTAÐA: Bráðskemmtileg og hugmyndarík sjálfsævisaga sem allir listunnendur ættu að njóta.

Að geta allt

BÆKUR

Drottningin sem kunni allt nema ...

Gunnar Helgason og Rán Flygenring
Útgefandi: Mál og menning
Fjöldi síðna: 32 bls.

Brynhildur Björnsdóttir

Gunnar Helgason og Rán Flygenring þarf ekki að kynna fyrir lesendum barna- og unglingabóka. Gunnar hefur sent frá sér hverja metsölubókaröðina á fætur annarri þar sem fjallað er um líf barna og unglinga af óvenjulegri næmni og gáska. Rán Flygenring hefur verið myndhöfundur fjölda bóka auk þess sem hún skrifaði og myndaði verðlaunabókina Vigdísi – bókin um fyrsta konuforsetann. Þegar þau leggja saman er sannarlega von á góðu og í þetta sinn eru það yngstu lesendurnir sem fá að njóta.

Við fylgjumst með viðburðaríkum degi í lífi Bambalínu drottningar og Kalla aðstoðarmanns hennar (sem glöggir meðlesendur mínir voru sannfærðir um að væri vélmenni). Verkefni dagsins hjá þeim er að opna formlega nýjan leikskóla og þangað þurfa þau að komast þrátt fyrir ýmsar hindranir. Bambalína leysir allan vanda og lætur sér fátt fyrir brjósti brenna enda kann hún allt. Nema eitt ...

Það er alltaf einhver galdur í bókum Gunnars Helgasonar, eitthvað sem rígheldur við efnið, eitthvað ekta og jarðtengt sem nýtur sín vel hér ásamt ráðlögðum dagskammti af galsa og glettni fyrir yngstu lesendurna. Þegar hann er að auki kominn í samstarf við myndhöfundinn Rán Flygenring þá getur útkoman ekki verið annað en skemmtileg.

Samspil sögu og mynda er eins og best verður á kosið, myndirnar lýsa orðunum en bæta jafnframt við söguna og veita tækifæri til að leita að undirtexta, öðrum sögum, nýjum sjónarhornum sem gerir að verkum að bókina er gaman að lesa saman aftur og aftur. Í verki af þessum toga er ómögulegt að sjá hver er höfundur framvindu sögunnar heldur er eins og hún verði til í sífellu, í frjóu og skemmtilegu samtali höfundanna sem skilar sér svo dæmalaust vel til lesenda.

Bambalína drottning á eflaust eftir að auðga samverustundir barna og þeirra sem lesa fyrir þau og er einnig með letri sem hentar vel til fyrstu lestrarskrefa nýrra lesenda. ■

NIÐURSTAÐA: Skemmtileg bók til að lesa fyrir, lesa með og lesa sjálf.

Denis Villeneuve stígur sandölduna

Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is

Langdreginni bið eftir atlögu leikstjórans Denis Villeneuve að Dune er loksins að ljúka. Myndarinnar hefur víða verið beðið með kvíðablandinni óþreyju enda fyrri tilraunir málsmetandi manna til þess að kvikmynda þetta tímamótaverk Franks Herberts runnið bókstaflega út í sandinn.

Leikstjórinn Denis Villeneuve ræðst ekki á sandskaflinn þar sem hann er lægstur með djarfri og stjörnum prýddri tilraun sinni til þess að laga margbrotna vísindaskáldsögu Franks Herberts að hvíta tjaldinu.

Margir telja þetta þegar fullreynt enda hafa ekki minni spámenn en Alejandro Jodorowsky, Ridley Scott og sjálfur David Lynch rennt stoðum undir þá hugmynd að ómögulegt sé að kvikmynda söguna.

Jodorowsky gerði metnaðarfulla atrennu að Dune á áttunda áratugnum en þar sem hann stóð fastur á því að myndin yrði að vera eitthvað á milli tíu til tólf klukkustunda löng runnu áform hans út í sandinn. Eðlilega kannski.

Ridley Scott kannaði síðar möguleikana á kvikmyndaaðlögun Dune en eftir margra mánaða undirbúningsvinnu hætti hann við og sneri sér að Balde Runner. Sem betur fer kannski.

Þá rataði bókin í hendur Davids Lynch sem komst mun lengra en hinir tveir þar sem Dune rataði eftir mikla eyðimerkurgöngu í bíó 1984. Því miður kannski þar sem áhorfendur og gagnrýnendur sameinuðust um að slátra myndinni. Lynch til málsbóta höfðu framleiðendurnir tekið fram fyrir hendurnar á honum á endasprettinum þannig að honum auðnaðist ekki að koma sinni sýn á verkið alla leið, enda hefur hann þvegið hendur sínar af myndinni og afneitað henni með öllu.

Rosalegur listamaður

Villeneuve lét fortíðina ekki aftra sér. Sem betur fer kannski þar sem fyrstu viðbrögð gagnrýnenda benda til þess að honum ætli að takast að stíga sandölduna með stæl.

„Ég er mjög peppaður fyrir þessari mynd þótt ég sé ekki neinn Dune-sérfræðingur," segir Hafsteinn Sæmundsson, sem heldur úti hlaðvarpinu Bíóblaður. „Ég hef ekki séð upprunalegu myndina og hef ekki lesið bókina en ég er mjög spenntur fyrir þessari mynd og það er aðallega út af leikstjóranum," segir Hafsteinn um Villeneuve.

„Hann er rosalegur. Hann gerði þrjár myndir í röð sem ég dýrka, Prisoners, Sicario og Arrival, og ég var mjög hrifinn af þeim öllum," segir Hafsteinn og er þá kominn að öðrum snertifleti Blade Runner og Dune en 2017 gerði Villeneuve framhald af Ridley Scott-klassíkinni með Blade Runner 2049.

Á hælum Blade Runner

„Ég er reyndar ekki mesti Blade Runner-maðurinn og er svona alltaf að reyna að tengja við fyrstu myndina en hún nær mér aldrei alveg almennilega. Ég virði þessa mynd samt. Fyrir það sem hún er búin að gera fyrir sci-fi. Lúkkið á henni og tónlistin líka. Þetta er allt brjálað en ég var meiri Alien-maður þegar Ridley Scott er annars vegar.

Svo kemur þessi nýja og ég sé hana í bíó. Mér fannst hún flott. Alveg sjúklega flott mynd en hún náði ekki að grípa mig," segir bíóblaðrarinn sem horfði aftur á Blade Runner 2049 fyrir nokkrum dögum og varð þá einhvern veginn agndofa.

Timothée Chalamet og Rebecca Ferguson í hlutverkum vonarneistans Pauls Atreides og Lady Jessicu í Dune. MYND/WARNER BROS.

Villeneuve stillir upp þéttum leikhópi þar sem meðal annarra Ferguson, Zendaya, Javier Bardem og Chalamet láta til sín taka. MYND/WARNER BROS.

Francesca Annis og Kyle MacLachlan í Dune sem Lynch hafnaði. MYND/UNIVERSAL

„Mér finnst hún bara algjört listaverk og varð bara enn þá spenntari fyrir Dune eftir að ég sá hana aftur."

100% háspenna

„Alveg 100 prósent," segir Hafsteinn um spenninginn sem hann finnur fyrir í kringum Dune og hefur verið að stigmagnast síðan Covid frestaði ítrekað fyrirhugaðri frumsýningu í Bandaríkjunum 2020 til 22. október 2021.

Þar fyrir utan hefur skáldsagan vitaskuld verið helgirit vísindaskáldskaparnörda síðan hún kom út 1965, auk þess sem spor Lynch í sandinum magna upp kvíðablandna eftirvæntinguna.

„Ég finn það bara að það er rosamikil spenna hjá kvikmyndaáhugamönnum. Líka bara að fá eitthvað nýtt sem er ekki Marvel en er samt stórt. Þannig að ég persónulega er spenntastur fyrir þessari mynd af öllum sem koma á árinu. Þetta verður bara gaman."

> Ég þarf örugglega að leggja mig inn á spítala ef hún er léleg, sko.

Hafsteinn Sæmundsson

Denis Villeneuve. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hafsteinn fær örlítið forskot á sæluna á forsýningu í kvöld en almennar sýningar hefjast á föstudaginn. „Covid er náttúrlega búið að eyðileggja svolítið fyrir svona stórmyndum að einhverju leyti en ég er að vona að fólk flykkist á þessa í bíó.

Mér finnst frábært að Sambíóin hafi fengið að sýna myndina fimm vikum fyrir frumsýningu í Bandaríkjunum og þú getur þá ekki farið og sótt hana á netinu. Þú verður að fara í bíó. Þannig að ég er mjög vongóður. Ég er eiginlega of spenntur fyrir þessari mynd," heldur Hafsteinn áfram og hlær.

Óvissa í hálfleik

„Það sem mér finnst líka áhugavert við myndina og lofa góðu er, að eins og ég skil þetta, þá ákvað Villeneuve að taka bókina öðruvísi tökum en David Lynch. „Lynch kvikmyndaði alla bókina en Villeneuve tekur bara fyrri helminginn og það er víst þannig að í byrjun myndarinnar kemur Dune Part I á tjaldinu. Ef ég skil þetta rétt.

Þannig að þetta er bara fyrri hluti sem getur verið kostur og galli," segir Hafsteinn og bendir á þann augljósa ókost að einhverjir geti fyllst efasemdum um að þeir fái þá almennilegan endi. „Og ef þessi mynd floppar þá fáum við væntanlega aldrei númer 2.

Kosturinn er, eins og ég býst við að þetta verði, að þá fær myndin allavega kannski að anda aðeins. Hann er þá ekki að troða of miklu efni í eina mynd. Það er allavega mín von."

Þá segir Hafsteinn að varla þurfi frekari vitnanna við en stikluna úr myndinni til þess að keyra væntingarnar um góða mynd upp. „Þú sérð þar að þetta lúkkar brjálæðislega. Ég þarf örugglega að leggja mig inn á spítala ef hún er léleg, sko. Ég á eftir að fara í geðrof eða eitthvað. Hún má ekki vera léleg." ■

SVÖR ÓSKAST

Samiðn spyr um stefnu stjórnmála-flokka, um það sem máli skiptir fyrir iðnaðarsamfélagið.

1. Hver er afstaða flokksins til löggildingar iðngreina?
2. Hvernig ætlar flokkurinn að bregðast við aukinni aðsókn í iðnmenntun?
3. Telur flokkurinn æskilegt að framlengja úrræðið „Allir vinna“?
4. Til hvaða aðgerða hyggst flokkurinn grípa til að tryggja atvinnustig iðnmenntaðra í nánustu framtíð?
5. Telur flokkurinn mikilvægt að framlengja möguleika fólks á að nýta séreignasparnað sinn til innágreiðslu húsnæðislána?

Svör flokkanna er hægt að kynna sér á vefsíðu Samiðnar.

www.samidn.is

Fimm spurningar sem Samiðn - samband iðnfélaga óskar svara við frá stjórnmálaflokkum sem í framboði eru til Alþingis 25. september 2021.

Samiðn
SAMBAND IÐNFÉLAGA

SIR ARNAR GAUTI
LÍFSSTÍLSÞÁTTUR

3. ÞÁTTARÖÐ
FIMMTUDAGA
KL. 20:00

SIR ARNAR GAUTI

Lífsstílsfrömuðurinn Arnar Gauti snýr aftur með sína þriðju þáttaröð af þessum geysivinsæla lífsstílsþætti.

Fylgstu með alla fimmtudaga kl. 20.00, bara á Hringbraut.

HÚSASMIÐJAN
DINEOUT
HRINGBRAUT

„Þetta er alvöru leikhús og þetta er klassískt leikverk undir áhrifum frá amerískum leikritum og leikritahefð. Mig langaði bara að gera klassískt leikhús og langaði ekkert að finna upp hjólið.“ FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Öll heimsins heitasta drulla

Dóri DNA kemst í leikriti sínu, Þétting hryggðar, að þeirri niðurstöðu, eftir lestur skítakommenta á netinu og bóka um arkitektúr, að mennskan spretti upp úr þeirri þéttingu hryggðar sem næst með endalaust umdeildri þéttingu byggðar.

toti@frettabladid.is

„Ég er náttúrlega staddur í svona kannski einni martröðinni sem er kveikjan að þessu verki, sem er skutla og sækja-stundin í Reykjavík,“ segir Dóri DNA, þegar honum hefur tekist að tengja símann sinn við bílinn, um leikritið Þétting hryggðar, sem Borgarleikhúsið frumsýnir í kvöld.

„Ég er að sækja í félagsmiðstöð í Vesturbænum og keyra niður í miðbæ í píanótíma. Einhvern veginn á sporbaug um Reykjavík í bílastæðaskorti á Laugaveginum,“ heldur rithöfundurinn og víninnflytjandinn áfram og dregur aðeins úr martraðarfullyrðingunni áður en hann snýr sér að raunverulegri grunnhugmynd leikritsins.

Þétting hryggðar, sem Una Þorleifsdóttir leikstýrir, fjallar um fjóra Reykvíkinga; húsmóður úr Hlíðunum, arkitekt úr Vesturbænum, ungling úr Breiðholti og iðnaðarmann úr Grafarvogi, sem af öryggisástæðum eru læst inni í fundarherbergi á borgarskrifstofunum í Borgartúni og deila um skipulagsmál, Domino's og hverjum sé raunverulega hægt að kenna um allt sem er að.

Sítengdir en sundraðir Reykvíkingar takast hart á. MYND/BORGARLEIKHÚSIÐ

Drullan hömruð

„Grunnhugmyndin að þessu er bara þetta gríðarlega menningarstríð sem er í gangi og þetta stóra ósætti í samfélaginu,“ segir Dóri, sem lítur á verkið sem óð til netsamskipta og dilkadráttar á netinu.

„Kannski er þetta út af samfélagsmiðlum eða kannski leyfðu samfélagsmiðlar okkur bara að afhjúpa hvað við erum í raun og veru rosalega ósammála um allt. Ég ætla að segja svolítið háfleygt og tilgerðarlegt við þig en hlustaðu nú:

Mig langaði að taka alla drulluna sem er í gangi. Hvort sem það heitir Covid eða Metoo eða hvað. Mig langaði bara að taka nútímann með allri sinni drullu og fara með hann inn á verkstæði, stálsmiðju, og berja þennan nútíma eins og stál þangað til úr yrði barið hjarta úr stáli.“

Dóri telur blasa við að þetta menningarstríð sæki frumkraft sinn til hneykslunarfíknar og gangi út á að finna endalaust eitthvað til að æsa sig yfir.

> Mér fannst þessi kergja brjótast svo skýrt fram í deilum um skipulagsmál. Þar sem einhvern veginn Gísli Marteinn og Dagur B. Eggertsson eru satanistar sem eru að eyðileggja Reykjavík.

„Finna eitthvað til að stuðast yfir. Finna einhvern annan sem var gert út á. Móðgast, kúgast. Móðgast fyrir hönd þeirra sem gætu hafa móðgast. Móðgast fyrir hönd þeirra sem voru sakaðir um að móðga annan.

Satanistar á hjólum

Við höfum aldrei verið jafn brothætt. Aldrei nokkurn tímann, og þetta verk er tilraun til þess að hlæja að þessu öllu saman,“ segir Dóri og bætir við að grínið fylgi um leið tilraun til þess að tengja fólk saman.

„Mér fannst þessi kergja brjótast svo skýrt fram í deilum um skipulagsmál. Þar sem einhvern veginn Gísli Marteinn og Dagur B. Eggertsson eru satanistar sem eru að eyðileggja Reykjavík með því að fylla hana af reiðhjólum og vögnum til að ferja fólk um,“ segir Dóri og bætir við að úr hinni áttinni heyrist aðeins tilfinningarök og upphrópanir.

„Rannsóknarvinnan var ekki bara að lesa skítakomment á netinu þar sem ég las líka bækur á borð við The Death and Life of Great American Cities eftir Jane Jacobs og Mannlíf milli húsa eftir Jan Gehl. Þetta eru kannski svona grundvallarrit nútíma borgarskipulags og þar bara áttar maður sig á því að borgarskipulag er töluvert ljóðrænni hugmynd en ég átti von á svona í grunninn. Við þurfum að búa nálægt hvert öðru svo við missum ekki sambandið við hvert annað.

Og það er þétting hryggðar. Því um leið og við þéttum byggðina þá þéttum við hryggðina og þá finnum við lyktina af matnum sem nágranninn eldar og við heyrum lætin í honum þegar hann hlustar á Nýdönsk á laugardögum, en þetta er allt gert af því okkur líður kannski best í kringum hvert annað.“

Sítengd og sambandslaus

Dóri víkur síðan að þeirri glötuðu þversögn að „á öld þar sem við erum einhvern veginn búin að samtengja okkur að fullu með samfélagsmiðlum þá virðumst við um leið hafa misst sambandið við hvert annað.“

Ætla má að boðskapur verksins sé vel til þess fallinn að æra óstöðuga á netinu, en er Dóri tilbúinn til þess að lenda í hakkavél samfélagsmiðlanna fyrir að leyfa sér að eyma óþverrann sem þar kraumar?

„Að sjálfsögðu er ég ekkert tilbúinn í það. Það er enginn tilbúinn í það. En veistu hvað? Þetta er ekki árás. Þetta er bara verk um fjórar persónur sem eru lokaðar inni á aðalskrifstofum Reykjavíkurborgar af öryggisástæðum, en það fjallar líka um einangrun og þessa tilfinningu sem varð til í Covid þegar maður sat eftir einn inni hjá sér með ekkert nema þær ákvarðanir sem maður hafði tekið í lífinu.“■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

16|09
KL. 19.30

17|09
KL. 19.30

NÍUNDA SINFÓNÍA BEETHOVENS

Eitt helsta stórvirki tónbókmenntanna, 9. sinfónía Beethovens, verður flutt á tvennum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg í vikunni.

Einsöngvarar eru Hallveig Rúnarsdóttir, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, Elmar Gilbertsson og Jóhann Kristinsson, auk þess sem Mótettukórinn og Söngsveitin Fílharmónía taka þátt í flutningnum.

Þá hljómar einnig Fachwerk eftir Sofiu Gubaidulinu með einum fremsta harmóníkuleikara heims, Geir Draugsvoll.

Stjórnandi er Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníunnar.

Hlökkum til sjá þig!

Sofia Gubaidulina
Fachwerk

Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 9

Miðasala
sinfonia.is
Sími
528 5050

KONTOR REYKJAVÍK

TAX FREE veisla

Einnig 2,5
og 3ja sæta

HOUSTON hornsófi

Sófinn fæst með hægra eða vinstra horni.
Stærð sófa: B275 x D210 x H85 cm.

fullt verð: 249.900 kr.

Aðeins **201.544 kr.**

MORFEO svefnsófi

Veglegur ítalskur svefnsófi. Bakið er dregið fram á einfaldan hátt. Stærð sófa: B207 x D93 x H103 cm.

fullt verð: 269.900 kr.

Aðeins **217.674 kr.**

ALISMA

Fallegt sófaborð með svartri glerplötu.
Stærð: 80 x 80 x 45 cm.

fullt verð: 29.900 kr.

Aðeins **24.114 kr.**

BARCELONA svefnsófi

Veglegur ítalskur svefnsófi. Bakið er dregið fram á einfaldan hátt. Svefnflötur: 140 x 194 cm
Stærð sófa: B193 x D93 x H100 cm.

fullt verð: 199.900 kr.

Aðeins **161.219 kr.**

MOLINA

Fallegt hvítlakkað sófaborð með viðarfótum.
Stærð: Ø80 x 45 cm.

fullt verð: 17.900 kr.

Aðeins **14.436 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Sófar – teppi – mottur – borð – púðar

16. til 25. september

www.dorma.is

SENDUM UM ALLT LAND

LICATA hornsófi

Sófinn fæst með hægri eða vinstri tungu og þremur mismunandi áklæðum. Stærð sófa: B262 x D226 x H82 cm.

fullt verð: 269.900 kr.

Aðeins **217.661 kr.**

TAX FREE af púðum

MEGA hornsófi

Slitgott áklæði. Fæst í þremur tónum. Fæst með hægri eða vinstri tungu. Stærð sófa: B275 x D241 x H85 cm.

fullt verð: 239.900 kr.

Aðeins **193.479 kr.**

BOGGIE sófi

Flottur þriggja sæta sófi í slitgóðu áklæði. Sófinn kemur í nokkrum litum og tveimur mismunandi áklæðum.
Stærð: L186 x D77 x H85 cm

fullt verð: 119.900 kr.

Aðeins **96.699 kr.**

TWIGGY sófi

Flottur þriggja sæta sófi í slitgóðu áklæði. Fætur úr svörtum við. Stærð: L180 x D92 x H95 cm

fullt verð: 129.900 kr.

Aðeins **104.764 kr.**

SEAFORD

Fallegt hvítlakkað sófaborð með viðarfótum.
Stærð: 120 x 35 x 79 cm.

fullt verð: 18.900 kr.

Aðeins **15.243 kr.**

OPUS u-sófi

Slitgott áklæði. Fæst með hægri eða vinstri tungu.
Stærð sófa: B335 x D227 x H90 cm.

fullt verð: 309.900 kr.

Aðeins **249.934 kr.**

** Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum, teppum, mottum, sófaborðum og púðum, nema sérpöntunum og jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.*

DORMA

Láttu drauminn rætast

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Kolbeins Marteinssonar

Kosningar 21

Stundum líður manni eins og allt sé einhvern veginn verra en það var fyrir ekki svo löngu. Samt eru hlutirnir hægt og rólega að verða betri. Innan skamms verður gengið til kosninga og þar munu samfélagsmiðlar venju samkvæmt spila stórt hlutverk. Sjálfur á ég nokkra vini sem eru þessa dagana að sækja um vinnu hjá íslensku þjóðinni. Þannig er einn góður vinur minn, sem nú er í framboði, allt í einu farinn að móðgast fyrir hönd einhverra hópa af því að allt of fáir ráðherrar mættu á einhvern viðburð. Aðrir sýna myndir af heimsóknum og fundarhöldum.

Það er stór ákvörðun að stíga skrefið og bjóða sig fram. Hvergi er lögmálið um framboð og eftirspurn skýrara og fyrir jafn opnum tjöldum. Sú tilhugsun að taka þetta skref frammi fyrir alþjóð og jafnvel mistakast ber vott um hugrekki og dug. Við eigum því að vera þakklát fólki úr þeim fjölmörgu flokksframboðum sem nú bjóða sig fram að það skuli skuli leggja þetta á sig. Það á líka við um frambjóðandann sem fer óstjórnlega í taugarnar á þér. Lýðræði er ekki sjálfgefið.

Samfélagsmiðlar hafa batnað mikið undanfarin ár eftir að hafa spilað alltof stórt hlutverk í kosningum víða um heim með til dæmis falsfréttum og lýðskrumi. Nú getum við séð hvað flokkarnir eyða miklu í auglýsingar á til dæmis Facebook og Instagram sem er mikilvægt aðhald. Mikilvægasta og ánægjulegasta breytingin er samt sú að nafnlausar áróðurssíður sem dreifðu óhróðri um stjórnmálafólk hafa ekki sést fyrir þessar kosningar. Vonandi verður það svo áfram. Slíkar persónuárásir eiga aldrei að líðast, því annars er hætta á að næst þegar við kjósum verði eftirspurn eftir frambjóðendum meiri en framboðið. ■

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ